



SKISSUBÆKUR OG  
INNBLÁSTUR Á HÖNNUNARMARS ▶32



NÝTT MYNDBAND  
TEKIÐ UPP Á GAZA ▶70

**Mallorca**  
Vikulegt flug í sumar og  
taskan ferðast frítt með!  
Verð frá 35.900 kr.

**plús**  
FERÐIR  
www.plusferdir.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

HELGARBLAÐ  
7. mars 2015  
56. tölublað 15. árgangur  
Sími: 512 5000

MEST LESNA  
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI\*

\*Samkvæmt þrenniMáttomun Laugaveg Gellura apríl-júní 2014



## JÓNAS Í BRJÓSTI SIGURÐAR

Hjónin **Sigurður Pálsson** og **Kristín Jóhannesdóttir** setja upp nýtt verk eftir Sigurð í Þjóðleikhúsinu. Um leið tekst hann á við krabbamein með myndlíkingu að vopni og ljóð Jónasar í hönd. ▶ 24



**ERFITT EN GEFANDI** Svala Heiðberg vinnur með fórnarlömbum mansals og vændis í Kaupmannahöfn. ▶30



**Unnur Guðjónsdóttir**  
**BÝÐUR GESTUM**  
**HEIM Í TE**  
▶ 20



**MÍN SKOÐUN**  
**JÓN GNARR**  
Af hverju geri ég alltaf sömu mistökin?  
▶ 16



**NÝR FORD MONDEO**  
➤ Frumsýning í dag milli kl. 12 og 16

## GLEÐIFRÉTTIN

## Minni vinna án launaskerðingar

Sóley Tómasdóttir, forseti borgarstjórnar, greindi frá tilraunaverkefni um styttingu vinnudags án launaskerðingar. Verkefnið nær til tveggja starfsstaða borgarinnar, það er Þjónustumiðstöðvar Árbæjar og Grafarholts og Barnaverndar Reykjavíkur.

Markmiðið með tilraunaverkefninu er að kanna áhrif á vellíðan og starfsanda starfsmanna og þjónustu starfsstaðanna. Bent var á að fjölskylduvænt samfélag og langur vinnutími færi ekki saman.



## FIMM Í FRÉTTUM: SNÁKAOLÍA OG UMRÆÐAN



Ólöf Nordal innanríkisráðherra ber fullt traust til Sigríðar Bjarkar Guðjónsdóttur lögreglustjóra þrátt fyrir að hún hafi ekki haft heimild til miðlunar persónuupplýsinga. Sigríður verður ekki áminnt af ráðuneytinu og engin eftirmál verða.



Hildur Erlingsdóttir missti föður sinn úr krabbameini árið 2011. Á árinu sem hann lést eyddi hann fúlguum fjár í lyfið Salicinium og meðferð þar sem hann fékk lyfið í æð.



Borgarstjórinn í Reykjavík, Dagur B. Eggertsson, segist áskilja sér rétt til þess að hafa skoðun á því ef verið er að þiggja fjárframlög til byggingar mosku í Reykjavík sem koma með einhvers konar skilyrðum.



Skúli Mogensen, eigandi og forstjóri WOW air, stefnir á að fimmfalda flugflota félagsins á næstu fimm árum samhliða uppbyggingu á leiðakerfi milli Evrópu og Bandaríkjanna.

→ Eygló Harðardóttir, félags- og húsnæðismálaráðherra, hefur þrisvar lagt fram þingsályktunartilöggu um að opnuð verði göngudeild fyrir sjúklinga með endómetríósu en hún er sjálf með sjúkdóminn. „Þetta er mjög erfiður sjúkdómur fyrir þær konur sem eru að fást við hann. Afleiðingarnar eru bæði líkamlegar og andlegar fyrir utan tengsl við ófrjósemi.“



MARAPON Hrafn Jökullsson var að tefla 73. skákina í gær við Ómar Salama þegar ljósmyndara Fréttablaðsins bar að. Árelía og Gunnar fylgjast með. FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

## Skákmarapón til styrktar Fatímusjóði og UNICEF á Íslandi: Teflir í 15 tíma á dag í tvo daga

SAMFÉLAG Skákkfélagið Hrókurinn stendur fyrir skákmarapóni í Hörpu sem hófst í gær og lýkur í dag. Marapónið er haldið til styrktar Fatímusjóði og UNICEF á Íslandi í þágu skólahalds fyrir sýrlensk flóttabörn.

Hrafn Jökullsson, formaður skákkfélagsins Hróksins, tefldi frá nýu til miðnættis í gær og mun endurtaka leikinn í dag. Hann skorar á alla sem vettlingi geta valdið að mæta í Hörpu og taka skák í þágu þessa góða málstaðar. Fulltrúar Fatímusjóðs og UNICEF taka við framlögum sem renna óskert í söfnunina. - fbj

## Vilja reyna að bæta vellíðan: Reyna á styttri vinnudaga

KJARAMÁL Í vikunni hófst tilraunaverkefni Reykjavíkurborgar um að stytta vinnudaginn án launaskerðingar.

Verkefnið er til reynslu í þjónustumiðstöðvum Árbæjar og Grafarholts annars vegar og hins vegar hjá Barnavernd Reykjavíkur. Markmiðið er að kanna áhrif styttingarinnar á vellíðan og starfsanda á vinnustöðum Reykjavíkurborgar. Þá vonast Reykjavíkurborg til þess að styttingin auki framleiðni, jöfnuð og lífsgæði. - sfs

## Vatnsendamálinu ekki lokið: Ítreka milljarða kröfu eftir dóm

DÓMSMÁL Lögmaður tveggja erfingja í Vatnsendamálinu telur að dómur Hæstaréttar, sem úrskurðaði kærendum málsins í vil, styrki bótakröfu þeirra á hendur Kópavogsbæ og gegn ábúanda jarðarinnar. Kröfur þeirra eru upp á tugi milljarða. Þetta kom fram í kvöldfréttum RÚV í gærkvöld.

Í skriflegu svári lögmans Kópavogs til RÚV segir að bænum hafi verið rétt og skylt að ráðstafa eignarnámsbótum til þinglýsts eiganda Vatnsendajarðarinnar sem jafnframt var ábúandi. - sfs

## Tugir félagsmanna gengu af fundi FFR

Kristján Jóhannsson, formaður og framkvæmdastjóri FFR, er sagður oftaka laun í illa stæðu félagi. Í einum mánuði fékk hann greiddar 1.800 þúsund krónur í laun vegna vinnu við kjarasamninga. Hann segir vegið að sér og íhugar stöðu sína.

KJARAMÁL „Það er vegið að mér. Það er elsta trix í heimi að telja til að ég sé með of há laun,“ segir Kristján Jóhannsson, formaður og framkvæmdastjóri FFR, félags flugmálastarfsmanna, en á þriðja tug félagsmanna gengu af félagsfundi á fimmtudagskvöld og vildu ekki taka þátt í umræðu um launakostnað og rekstur félagsins. Kristján sjálfur gekk einnig af fundi. Á fundinum átti að ræða fjárhagsstöðu félagsins og nýtt samkomulag á milli FFR og SFR, stéttarfélags í almannathjónustu. „Ég mætti þvílíkum dónaskap og hroka af hendi félagsmanna minna. Með aðdróttunum og fjandsamlegu atferli,“ segir hann af gangi fundarins.

Formlegar viðræður milli FFR og SFR hafa staðið yfir frá því síðasta haust og Kristján segir að nú liggi fyrir samkomulag sem sé félagsmönnum FFR hagstætt og tryggi sérstöðu þeirra. Sérstakur starfsmaður verður ráðinn á sviðið og mun SFR greiða laun hans. „Sumir héldu að ég væri að tryggja mér starf til sex ára, þegar ég fann fyrir þeirri gagnrýni, þá dró ég mig til baka. Í dag er þetta ekki í samkomulaginu.“

Þessi fundur átti aldrei að snúast um umræður um þessi mál.

Aftur á móti eru skoðunarmenn reikninga félagsins, sem eru fundarboðendur, búnir að vera beggja vegna borðsins í bókhaldinu alla tíð. Þeir aðstoða við gerð bókhaldsins og velja endurskoðandann.“

Kristján segist ekki oftaka laun hjá félaginu. „Laun formanns og framkvæmdastjóra eru 771 þús-



GEKK SJÁLFUR AF FUNDI Kristján Jóhannsson, formanni og framkvæmdastjóra FFR, finnst að sér vegið. Hann er sagður oftaka laun og rekstur félagsins er sagður í ólagi. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

und á mánuði, það eru heildarlaun. Inni í þeim er ótakmörkuð vinnuskylda. Ofan á þetta er 166 þúsund króna bílastyrkur. Bílastyrkur er ekki laun, ég rek minn eigin bíl og fer allra minna ferða á bílastyrk.“

Einn mánuðinn voru launin 1.800 þúsund krónur. Hvernig stóð á því? „Stjórn félagsins samþykkti löngu áður en farið var í samningaviðræður að samninganefndir félagsins fengju greitt fast gjald fyrir að sitja fundi og ef fundir fóru yfir þrjá tíma, þá fengu menn sérstakt tímakaup fyrir það. Því var haldið fram að ég væri með 1.800 þúsund krónur í laun á einum mánuði, það er vegna þess að kostnaðurinn

„Ég mætti þvílíkum dónaskap og hroka af hendi félagsmanna minna. Með aðdróttunum og fjandsamlegu atferli.“

Kristján Jóhannsson, formaður og framkvæmdastjóri FFR.

var gjaldfærður á einum mánuði.“ Kristján íhugar stöðu sína. Hann vill ekki stuðla að sundrun.

„Ég ætla ekki að stuðla að því að félagið klofni vegna veru minnar í því. Ég ætla samt ekki að flæmast í burtu, hef sinnt formennsku ágætlega síðan 2013 þótt megi deila um reksturinn.“ kristjanabjorg@frettabladid.is

## Fjármálaráðherra leggur fram frumvarp til að taka á eignum í skattaskjólum: Ekki yrði refsað fyrir skattabrot

EFNAHAGSMÁL Fjármálaráðherra mun á næstunni leggja fram frumvarp sem veitir einstaklingum gríð vegna brota á skattalögum ef þeir gefa sjálfviljugir upp vantaldar eignir og tekjur í skattaskjólum.

Starfshópur fjármálaráðuneytisins, sem var fenginn til að fara yfir lagaheimildir vegna skattaundanskota, hefur skilað af sér frumvarpsdrögum sem opna á ákveðin gríðaákvæði fyrir þá sem gerst hafa brotlegir við skattalög.

Frumvarpsdrögin kveða á um að þeir einstaklingar sem óska þess að eigin frumkvæði að telja fram áður óframtaldar eignir eða tekjur eigi þess kost frá 1. júlí 2015 til 30. júní 2016 og muni ekki sæta refsingum samkvæmt skattalögum. Skattrannsóknar-



BJARNI BENEDIKTSSON Vill gríðaákvæði í skattalögum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

stjóra sé þá heimilt að leggja skatt á vantaldar tekjur með vöxtum.

Í greinargerð starfshópsins kemur fram að slíkar heimildir

og aukinn aðgangur að bankaupplýsingum séu sambærilegar við reglur annarra OECD-ríkja og að þar hafi náðst góður árangur með slíkum lagabreytingum. - sfs

Náðu þér í smá VITAmín í kroppinn á Tenerife

Verð frá 149.900 kr.

Á mann m.v. 2 fullorðna og tvö börn í páskaferð 24.mars í 2 vikur. 2 í stúdíó 189.000 kr.

Flugið með Icelandair

Skráðu þig í netklúbbinn - VITA.is VITA - Skógarhlíð 12 - Sími 570 4444

vita VITA er lífið



# BÍLL SEM SVARAR SPURNINGUM DAGSINS Í DAG



 3,4 l/100 km

 89 g/km



ÞARF AÐ VERA  
SVONA DÝRT AÐ  
REKA BÍL?



ER NAUÐSYNLEGT AÐ  
MÆLABORÐIÐ SÉ  
FULLT AF TÖKKUM?



ÞARF MAÐUR AÐ  
SÆTTA SIG VIÐ  
SKELLUR OG RISPUR?

CRÉATIVE TECHNOLOGIE

VERÐ FRÁ EINUNGIS 2.690.000 KR.

CITROËN **C4 CACTUS** FRUMSÝNDUR Í DAG MILLI KL. 12 OG 16

Hvernig get ég eignast og rekið nýjan bíl? Hvers vegna er ekki framleiddur léttari og sparneytnari bíll? Er ekki hægt að vernda hurðirnar gegn rispum og skellum? Af hverju getur mælaborðið ekki verið notendavænna og stílhreinna? Öllum þessum spurningum er svarað með nýja Citroën C4 Cactus. Hugmyndafræðin að baki nýja C4 Cactus er bylting í hönnun bíla. Ekkert þrjál, einungis hlutir sem skipta máli í dag. Hagnýt og djörf hönnun, einfaldleiki og lágt verð. C4 Cactus hefur svörin.

Velkomin í reynsluakstur

Ný og glæsileg  
heimasíða

Skoðaðu [citroen.is](http://citroen.is)



Nýir og notaðir bílar: Söludeild er opin alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16  
Brimborg Reykjavík: Bildshöfða 8, sími 515 7040 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050



02.03.2015 → 08.02. 2015

**30** farþegaþotur ætla Skúli Mogensen hjá WOW air að reka eftir fjimmán, en þær eru sex í dag.



**84%** var nýting hótélherbergja á höfuðborgarsvæðinu á síðasta ári.



**8.000** MANNS hafa fengið bréf frá LÍN um að þeir hafi erft ábyrgðir námslána.

**400** milljónir er andvirði varnings sem Íslendingar kaupa í póstverslun frá Kína á þessu ári, fari sem höfðir.



**1.415.** sæti skipar Björgólfur Thor Björgólfsson á lista Forbes yfir auðugustu menn heims.



**10** milljarða fjárfesting er í pípunum hjá Norðuráli á Grundartanga.



**50** fyrstu dagar ársins 2015 eru þeir vindasömustu frá árinu 1995.



2008 var árið sem Samkeppniseftirlitið hóf rannsókn á meintum samkeppnisbrotum Íslandspósts. Hún stendur enn.

**3.000** tonn af laxfiski ætla Matorka að ala í nýrri, og stærstu, landeðisstöð á Íslandi.



**AÐALMEÐFERÐ Í GÆR** Gunnari er gefið að sök að hafa miðlað persónuupplýsingum til þriðja aðila.

## Fallið frá einum ákærulið: Ekki líklegt til sakfellingar

**DÓMSMÁL** Aðalmeðferð í LÖKE-málinu svokallaða var á dagskrá héraðsdóms í gær. Ríkissaksóknari ákvað að falla frá fyrsta hluta ákærunnar í málinu. Í ákæruliðnum var lögregluáðurinn Gunnar Scheving Thorsteinsson sakður um að hafa flett upp nafni 41 konu í upplýsingakerfi lögreglunnar, LÖKE. Í tilkynningu frá Ríkissaksóknara kemur fram að ekki væri hægt að útiloka að í meirihluta tilvika hafi upplýsingarnar tengt starfi ákærða.

Seinni hluti ákærunnar stendur eftir en þar er Gunnari gefið að sök að hafa miðlað persónuupplýsingum til þriðja aðila. Á hann að hafa sent tölvuskeyti á Facebook með upplýsingum um nafn og lýsingu á þrettán ára dreng sem hann hafði afskipti af í starfi sínu sem lögregluáður, auk upplýsinga um ástæðu afskiptanna.

- skh, vh

## SVEITARSTJÓRNARMÁL

### Auglýst eftir umsóknum

Evrópastofnun stjórnsýslufræða auglýsir eftir tilnefningum til Evrópsku stjórnsýsluverðlaunanna 2015, að því er segir á vef Sambands íslenskra sveitarfélaga. Umsóknarfrestur sveitarfélaga er til 17. apríl næstkomandi. Markmið verðlaunanna er meðal annars sagt að kynna og verðlauna fyrirmyndarverkefni í opinberri stjórnsýslu.

# Hefði verið hægt að komast hjá mistökum með samráði

Í skýrslu sérstakrar stjórnar sem sett var yfir ferðapjónustu fatlaðra kemur fram að verkefnið hafi ekki verið til þess fallið að setja í útboð líkt og gert var. Þar segir einnig að margt hafi farið úrskeiðis við framkvæmdina.

**SAMGÖNGUR** Margt fór úrskeiðis við undirbúning þess að sameina ferðapjónustu fatlaðra á höfuðborgarsvæðinu hjá Strætó bs. Þetta er niðurstaða sérstakrar stjórnar sem sett var yfir ferðapjónustu fatlaðra í febrúar. Nefndin skilaði frá sér skýrslu í gær eftir fjögurra vikna vinnu en Stefán Eiríksson, sviðsstjóri á Velferðarsviði Reykjavíkurborgar, leiddi stjórnina.

„Það er alveg ljóst, eins og segir í skýrslunni, að það var mjög margt sem fór úrskeiðis við undirbúning verkefnisins, bæði hjá sveitarfélögum og Strætó. Þetta hefði verið hægt að laga að stóru leyti ef samráð við hagsmunasamtökin og notendur hefði verið meira í þessu innleiðingar- og framkvæmdaferli,“ segir Stefán.

Tillögur stjórnarinnar snúa meðal annars að því að ferðir verði í mun meiri mæli skipulagðar með föstum hætti, sveigjanleiki þjónustunnar verði aukinn, sérstakir þjónustufulltrúar verði í þjónustuveri fyrir ferðapjónustuna og sérhæfing þar aukin. Auk þess er lagt til að hlutlaus úttekt verði gerð á tölvukerfi og símkerfi í þjónustunni og þjálfun bílstjóra aukin.

„Í skýrslunni gerum við tillögur sem snúa að því að það verði gerðar ákveðnar breytingar í framkvæmdinni til þess að koma til móts við þarfir og óskir notendanna og ekki síður sveitarfélaga sem bera ábyrgð á þessari þjónustu,“ segir Stefán.

Í skýrslunni segir að verkefni sem þetta sé ekki vel til þess fallið að setja í útboð á þann hátt sem gert var.

Einnig leggur stjórnin til að ráðinn verði sérstakur stjórnandi yfir



**ÓLÖF ÞORBJÖRG PÉTURSDÓTTIR** í skýrslunni er fjallað sérstaklega um mál hennar og hvað hafi farið úrskeiðis.

þjónustuna sem beri meðal annars ábyrgð á innleiðingu þeirra breytinga sem lagðar eru til í skýrslunni.

Fjallað er sérstaklega um mál Ólafar Þorbjargar Pétursdóttur sem gleymdist í margar klukkustundir í bíl ferðapjónustunnar 4. febrúar. Þar segir að ljóst sé að margt hafi farið úrskeiðis í því tilvik. Bílstjórinn hafi ekki haft mikla reynslu af akstri með fatlað fólk og ekki gætt að því að tryggja að allir farþegar væru farnir úr bílnum. Auk þess hafi verklag í Hinu húsinu brugðist en þar hafi verið nýir starfsmenn að störfum þar sem þeir sem eru reynslumeiri hafi verið fjarri vegna starfsdags. Einnig er gagnrýnt að forsvarsaðili



**NEYÐARSKÝRSLA** í skýrslu um Ferðapjónustu fatlaðra eru lagðar fram ýmsar tillögur að úrbótum.

akstursaðila hafi tjáð sig um málið á opinberum vettvangi og hafi ekki gætt „að þeirri trúnaðarskyldu sem hvílir á aðilum samkvæmt lögum og gildandi samningum“.

Ljóst er að sumar tillagna stjórnarinnar koma ekki til framkvæmda strax en telur Stefán að öryggi farþega ferðapjónustunnar sé tryggt á meðan? „Já, ég held að það hafi verið mjög margt gert til þess að laga brýnustu úrlausnarefnin sem snúa að öryggi þjónustunnar og þess vegna eru líkur á því að eitthvað alvarlegt gerist mun minni en áður. Það er auðvitað ekki hægt að útiloka það í þessu frekar en öðru en allt skipulagið og framkvæmdin miðast að því að ef menn fylgja öllum þeim reglum

„Þetta hefði verið hægt að laga að stóru leyti ef að samráð við hagsmunasamtökin og notendur hefði verið meira í þessu innleiðingar- og framkvæmdaferli.“

Stefán Eiríksson, sviðsstjóri á velferðarsviði Reykjavíkurborgar.

sem þarna gilda þá eigi ekki að vera frávik,“ segir Stefán.

viktorija@frettabladid.is

Frá kr. **166.900** m/m/allt innifalið

**2 FYRIR** Flugsæti frá kr. **44.950**


12. mars í 14 nætur

# Kanarí

Flugsæti á 2fyrir1 tilboði með gistingu á Sevatur Waikiki. Netverð á mann frá kr. 166.900 m.v. 2 fullorðna í herbergi.

Skógarhlíð 18 • Sími 595 1000  
www.heimsferdir.is

## Veðurspá



**SUÐVESTANÁTT** verður ríkjandi næstu daga með éljagangi sunnan- og vestantil en það verður yfirleitt úrkomulítið og nokkuð bjart norðan- og austanlands. Á mánudaginn lægir heldur A-til og það kolnar lítillega á öllu landinu.

**SÍMAR AUGLÝSINGAÐEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson svanur@365.is **ALMENNAR AUGLÝSINGAR:** SÍMI 512-5401: Hjördís Zoega hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Hjalti Egilsson hjalti@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sværir Birgir Sverrisson sværirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÖLK/LÍFID/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Gunnhildur Geira Dan Þorlákssdóttir geira@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Jónatan Atli Sveinsson jonatan@365.is, **FÖLK OG SÉRBLÖÐ EFNÍ:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarssdóttir vera@365.is **RÁÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrónnar Helgason hronnar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

Soffía Sveinsdóttir veðurfréttamaður



## Ný Corsa

# Við frumsýnum Opel Corsa um helgina

Við kynnum með stolti fimmtu kynslóðina af Corsa. Hér er á ferðinni sérlega sportlegur fimm manna bíll sem kemur á óvart fyrir fullkominn tækni- og öryggisbúnað, ferska hönnun, sprækar vélar, sparneytni og frábært verð. Komdu og skoðaðu Corsa; nýstárlegan bíl í alla staði, eða kynntu þér hann á [opel.is](http://opel.is)

**Bílabúð  
Benna**

Sérfræðingar í bílum

Við frumsýnum nýjan Opel Corsa, í Tangarhöfða 8, laugardag og sunnudag, kl. 12-16 og hjá Bílabúð Benna, Njarðarbraut 9, Reykjanesbæ, á laugardag kl. 12-16.

Við hlökkum til að sjá þig.



**Lykill**

Bílabúð Benna og Lykill gera þér kleift að eignast nýjan Opel á þægilegan máta. Útborgun er að lágmarki 10% af verði bílsins og Lykill lánar þér afganginn til allt að sjö ára. Þú velur þér nýjan bíl hjá Bílabúð Benna og sölumenn sjá um að ganga frá láninu. Lánshlutfall ræðst af lánshæfis- og/eða greiðslumati hvers umsækjanda og getur hæst orðið 90%. Skylt er að kaskótryggja bifreiðina á lánstímanum.

## LANDIÐ



## Ósátt við þjónustu dýralækna

**1 FJARÐABYGGÐ** Bæjarráð Fjarðabyggðar skorar á sjávarútvegs- og landbúnaðar-ráðherra að gera allt sem í hans valdi stendur til að dýralæknisþjónusta á Austurlandi verði komið í viðeigandi horf og henni sinnt með þeim hætti sem nauðsynlegt er. Nú er svo komið að þjónustusamningur Matvælastofnunar við dýralækni á svæðinu hefur verið skertur um helming miðað við það sem var fyrstu þrjú árin. Bændur eru afar ósáttir við fyrirkomulagið og vilja að þjónustan við þá verði eflid.

## Blóðskilun í boði á sjúkrahúsi nyrðra

**2 AKUREYRI** Blóðskilunar-meðferð verður nú í boði á sjúkrahúsinu á Akureyri í samvinnu við blóðskilunardeild Landspítalans. Einstaklingar sem þurfa á blóðskilun að halda þurfa að fara í slíka meðferð þrisvar í viku og hafa þurft að sækja þjónustuna til höfuðborgarsvæðisins. Ferðalög og tilheyrandi kostnaður við að vera langt frá heimabyggð hefur verið mikill hjá sjúklingum sem þurfa á þjónustunni að halda, svo sem nýrnasjúklingum.

## Sameining sveitarfélaga könnuð

**3 ÖLFUS** Dagana 17. til 26. mars næstkomandi gefst íbúum Ölfuss kostur á að segja skoðun sína á mögulegri sameiningu sveitarfélagsins við nágrennasveitarfélög. Bæjarstjórn hefur þegar samþykkt spurningar sem lagðar verða fyrir íbúa og mun kosningin fara fram á netinu. Könnuð verður skoðun íbúa á sameiningu og þá hverjir séu helstu möguleikar sameiningar í stöðunni. Í framhaldinu verði unnið úr kosningunni og kostir og gallar sameiningar metnir.



Helstu möguleikar sameiningar í stöðunni. Í framhaldinu verði unnið úr kosningunni og kostir og gallar sameiningar metnir.

## Sjóður Odds Ólafssonar

Til úthlutunar eru styrkir til:

- (a) Rannsókn á fötlun og fræðslu um hana, og  
(b) rannsóknarverkefna á sviði öndunarfærslusjúkdóma og fræðslu um þá.

Styrkfjárhæðir nema 100.000 – 300.000 krónum á hvert verkefni sem valið verður.

Umsóknarfrestur er til og með 5. apríl 2015.

Úthlutað verður úr sjóðnum á fæðingardegi Odds Ólafssonar, fyrsta yfirlæknis á Reykjalundi, þann 26. apríl 2015.

Umsóknir sendist á netfangið [oddssjodur@sibs.is](mailto:oddssjodur@sibs.is).

## Saman dregur í lestri þegar börnin eldast

Stelpur í aðildarlöndum OECD eru hræddari við stærðfræði en strákar. Ekki er munur á getu kynjanna þegar bornar eru saman niðurstöður krakka með samþæringu viðhorf og getu. Hér gengur stelpunum betur í bæði í lestri og stærðfræði.

**MENNTAMÁL** Niðurstöður rannsóknar á jafnrétti kynjanna í námi benda til þess að mismunandi gengi kynjanna í skóla ráðist ekki af ásköpuðum getumun kynjanna. Efnahags- og framfarastofnunin, OECD, birti í lok vikunnar skýrsluna „Grunnur kynjajafnréttis í námi“ (e. *The ABC of Gender Equality in Education*).

Um leið kemur fram í skýrslunni að í öllum löndum OECD hafi stúlkur minni trú á getu sinni til að leysa þrautir í stærðfræði og raunvísindum. „Stúlkur, jafnvel þær sem standa vel að vígi í námi, eru líklegri til að lýsa sterkum kvíðatilfinningum í garð stærðfræði,“ segir í skýrslunni. Að jafnaði gengur strákum heldur betur en stúlkum í stærðfræði í löndum OECD, þegar bornar eru saman einkunnir nemenda sem standa vel í náminu. „Þegar hins vegar eru bornar saman einkunnir drengja og stúlkna sem lýsa svipuðum viðhorfum og mati á eigin getu í stærðfræði þá hverfur bilið á milli kynjanna.“



ANGEL GURRÍA

Skýrslan byggir að hluta á PISA-rannsóknnum og greiningum á niðurstöðum þeirra, sér í lagi hjá 15 ára nemendum. Farið er yfir hvernig strákar séu almennt eftirbátar stúlkna í lestri og verji raunar að jafnaði klukkustund skemur á viku í heimanám. „Klukkustund varið í heimanám á viku leiðir hins vegar af sér fjögurra stiga hærrí einkunn í PISA-prófum á lestri, stærðfræði og raungreinum,“ segir í skýrslu OECD. Beint samhengi virðist hins vegar milli

lestrargetu og getu í stærðfræði og á það jafnt við um drengi og stúlkur.

Þá kemur líka fram að drengir nái stúlkum í lestri þegar fram í sækir og þeir eldast og þroskast. Lestrarskimanir OECD meðal fulloröðinna greini til dæmis engan mun á kynjunum hjá 16 til 29 ára fólki.

Í inngangsorðum Angels Gurría, framkvæmdastjóra OECD, að skýrslunni bendir hann á þá niðurstöðu að kynbundinn getumunur



**STÆRÐFRÆÐIKENNSLA** Í nýrri skýrslu er vísað til PISA-kannana sem sýni að foreldrar í öllum löndum OECD búist frekar við því að synir þeirra, fremur en dætur, starfi við raun- og tækniræði eða verkfræði- eða stærðfræðitengd störf á fullorðinsárum. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

## Stúlkurnar standa sig betur á Íslandi

Skýrsla OECD vísar til PISA-niðurstaðna frá 2012 um að í löndum þar sem stúlkur gengur vel í lestri standi þær sig álíka vel og drengir í stærðfræði. Vísað er til Finnlands þar sem stúlkur séu 62 stigum yfir þiltum í lestri og standi þeim jafnfætis í stærðfræði. Á Íslandi séu stúlkur 51 stigi yfir drengjum í lestri og standi þeim framar um 6 stig í stærðfræði.

lestrargetu og getu í stærðfræði og á það jafnt við um drengi og stúlkur.

Þá kemur líka fram að drengir nái stúlkum í lestri þegar fram í sækir og þeir eldast og þroskast. Lestrarskimanir OECD meðal fulloröðinna greini til dæmis engan mun á kynjunum hjá 16 til 29 ára fólki.

Í inngangsorðum Angels Gurría, framkvæmdastjóra OECD, að skýrslunni bendir hann á þá niðurstöðu að kynbundinn getumunur

eigi rót sína fremur í viðhorfi nemendanna til námsins og framgöngu í skólunum. Félagslegir þættir ráði för. „Til þess að drengir og stúlkur fái jöfn tækifæri til að nýta hæfileika sína til fulls verður að koma til kasta foreldranna, sem hvatt geta börn sín til að lesa; kennara sem ýtt geta undir sjálfstæðari nálgun við lausn verkefna hjá nemendum; og nemendanna sjálfra, sem gætu varið tíma sínum utan skóla í meira mæli „ótenng“ en nú er,“ segir hann. [olikr@frettabladid.is](mailto:olikr@frettabladid.is)

Minnihluti bæjarstjórnar óskar eftir fundi um miðbæjarskipulag bæjarins:

## Aukafundur um skipulagsmál

**AKUREYRI** Minnihlutinn í bæjarstjórn Akureyrar hefur krafist þess að haldinn verði aukabæjarstjórnarfundur næstkomandi þriðjudag. Hafa bæjarfulltrúar minnihlutans sent forseta bæjarstjórnar bréf þess efnis. Óskað er eftir að ræða afgreiðslu skipulagsnefndar á byggingarleyfi Hafnarstrætis 106 í göngugötunni og framtíðarsýn varðandi miðbæjarskipulagið á Akureyri.

Skipulagsstjóri, Pétur Bolli Jóhannesson, gaf út byggingarleyfi til eigenda Hafnarstrætis 106, án þess að ráðfæra sig við skipulagsnefnd. Í nýju miðbæjarskipulagi er lagt til að húsið víki.

Pétur Bolli skipulagsstjóri segir í greinargerð um málið sem birtist í fundargerð síðasta fundar skipulagsnefndar að um óverulega breytingu sé að ræða.

„Ég geri fastlega ráð fyrir því að fundurinn verði haldinn næstkomandi þriðjudag,“ segir Matthías Rögnvaldsson, forseti bæjarstjórnar.



**HAFNARSTRÆTI 106** Pétur Bolli Jóhannesson segir að ein ástæða þess að málið var ekki lagt fyrir skipulagsnefnd hafi verið sú að uppdættir af breytingum á húsinu hafi komið frá sitjandi bæjarfulltrúa. FRÉTTABLAÐIÐ/AUDUNN



Viltu djúsa & dansa með okkur?

**Lemon** vantar ferska og skælbrosandi vaktstjóra og einnig öflugan liðsmann í eldhúsið.

Nýir **Lemon** staðir opna á næstu vikum og við þurfum að bæta í liðið okkar.

Sendu okkur póst á [brostu@lemon.is](mailto:brostu@lemon.is)

Lemon | [brostu@lemon.is](mailto:brostu@lemon.is) | [www.lemon.is](http://www.lemon.is)

Suðurlandsbraut 4, 108 Reykjavík | Laugavegur 24, 101 Reykjavík

# Tilboð á grísakjöti á dönskum dögum

Purursteik  
úr hrygg

**1.234** kr/kg  
verð áður 1.899

Hakkabuff 998 kr/pk

Ribeye 3.900 kr/kg  
verð áður 4.875

Rauðspretta í raspi 1.519 kr/kg  
verð áður 1.899

Hamborgarhryggur að dönskum sið 1.099 kr/kg  
verð áður 1.699

Gildir til 15. mars á meðan birgdir endast.

direkte fra  
**Danmark**



**Jolly Cola**

Ekta danskur kóladyrkkur.

Ekta dönsk  
lífrakæfa

direkte fra  
**Danmark**



**Tulip kæfur**

2 tegundir.

direkte fra  
**Danmark**



**Graasten brauðsalöt**

Ómissandi á dönskum dögum.

direkte fra  
**Danmark**



**Hot dog pylsur,  
pylsubrauð og dressing**  
Allt sem þú þarft í danska Pølse.

direkte fra  
**Danmark**



**Harboe safi**

Hreinn safi - ekta danskur.

direkte fra  
**Danmark**



**Danskt nammi**

Pinguin salzpastillen og Toms Heksehyl.

direkte fra  
**Danmark**



**Toms**

Súkkulaði álegg á brauðið.

direkte fra  
**Danmark**



**Kims Tjips**

Balsamicésalt, Ostærødlög  
og Sourcreame chili.



**OPIÐ**

allan sólarhringinn  
Garðabær, Skeifan  
& Eiðistorg

**HAGKAUP**  
Skemmtilegast að versla

## Nýr sjóður græði á nemum: Harma grundvöll nýs sjóðs

**MENNTUN** Röskva, samtök félagshyggjusinnaðra stúdentna við Háskóla Íslands, haramar stofnun einkarekins lánasjóðs fyrir námsmenn.

Þetta kemur fram í ályktun sem samtökin sendu frá sér í gær. Í ályktuninni segir að einkarekin lánasjóður hafi það að markmiði að græða á nemendum. Í því felist óhagstæðari kjör og lakari vextir.

Þá segir í ályktuninni að Röskva vilji staðfestingu þess að stofnun nýs lánasjóðs muni ekki bitna á starfsemi Lánasjóðs íslenskra námsmanna.

- srs

## Höfðu áður hafnað björgun: Skíðamennirnir heilir á húfi

**BJÖRGUN** Björgunarfélag Hornafjarðar stóð í umfangsmiklum björgunaraðgerðum á Vatnajökli í gær. Björgunarsveitin leitaði tveggja skíðagöngukappa sem lentu í hremmingum á jöklinum og höfðu samband við Neyðarlínuna. Björgunarsveitin náði til manna síðdegis í gær og voru þeir á heilir á húfi en höfðu týnt megninu af búnaði sínum, þar á meðal tjaldi.

Fyrr í vikunni höfðu skíðagöngumennirnir haft samband við Neyðarlínuna og beðið um að björgunarsveitir myndu fylgja einum þeirra til byggða vegna veikinda. Hinir tveir neituðu að fylgja björgunarsveitum til byggða þrátt fyrir viðvaranir um slæmar aðstæður.

- srs

# ON áætla 13 milljarða króna fjárfestingar til ársins 2019

Orka náttúrunnar hefur dregið upp fjárfestingaráætlun til ársins 2019. Hverahlíðarlögn er umfangsmest verkefna og verður lokið árið 2016. Stærstur hluti fjármagnsins sem áætlunin gerir ráð fyrir er frátekinn vegna umhverfismála.

**ORKUMÁL** Fjárfestingaráætlun Orku náttúrunnar (ON), eins þriggja dótturfélaga Orkuveitu Reykjavíkur, hljóðar upp á þrettán milljarða króna á næstu fimm árum. Umhverfismál skýra að stærstum hluta fjárfestingar árin 2017 til 2019 – gangi áætlunin eftir. Stærsta einstaka verkefnið er lagning Hverahlíðarlagnar frá borholum við Hverahlíð á Hellisheiði að Hellisheiðarvirkjun, en ON heldur utan um orkuframleiðslu OR. Verkið er þegar hafið en mestur þungi framkvæmda er nú í ár; frágangi mun ljúka 2016. Um 2,5 milljarðar renna til þess verkefnis á árinu en fjárfestingin alls er áætluð tæpir fjórir milljarðar króna.

Páll Erland, framkvæmdastjóri Orku náttúrunnar, spurður um einstaka þætti áætlunarinnar, segir að ákvarðanir um einstök verkefni liggja ekki fyrir. Hins vegar miði áætlunin að því að sinna helst tveimur þáttum; áframhaldandi orkuöflun og umhverfismálum. Undir orkuöflun fellur Hverahlíðarlögnin, en þegar líður á tímabilið eru umhverfismálin í forgrunni. Verkefnið snúa að því að draga úr hveralykt og mengun frá Hellisheiðarvirkjun og því að skila vinnsluvatni aftur niður í jarðhitageyminn. „Þetta eru stóru málin og skýra um fimm milljarða af þessum áætlaða fjárfestingar-

kostnaði,“ segir Páll og bætir við að tæknilausn Orkuveitunnar vegna brennisteinsvetnis-mengunar hafi reynst vel. „Ef allt gengur að óskum vonumst við til að þurfa ekki að leggja í allan þennan kostnað, heldur þvert á móti. Þetta er því varfærin áætlun til að eiga handbæra peninga ef þarf að fara út í miklar aðgerðir,“ segir Páll og staðfestir að engin ný virkjanuppbygging sé inni í áætluninni til 2019 heldur snúist hún um að hlúa að núverandi virkjanasvæðum; á Hellisheiði, á Nesjavöllum og Andakilsvirkjun.

Skiljuvatnslögn frá Hellisheiðarvirkjun til sjávar, sem yrði 23,5 kílómetra löng, er innan þessara áforma. Um er að ræða lögn meðfram Þrengslavegi og áfram með Þorlákshafnarvegi til sjávar við Þorlákshöfn sem Fréttablaðið hefur sagt frá í tengslum við aðalskipulag Ölfuss.

Páll segir að óvissa um niðurdælingu með skiljuvatnið skýri hugmyndir um lögnina. Hún er hins vegar háð ýmsum leyfum og verkefnið stutt á veg komið.



PÁLL ERLAND

svavar@frettabladid.is



HELLISHEIÐARVIRKJUN Varnir gegn brennisteinsgasmengun og meðferð á vinnsluvatni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## → Fjárfesta fyrir 9 milljarða á þessu ári

Dótturfélagin þrjú hyggjast fjárfesta samtals fyrir tæpa níu milljarða króna á þessu ári.

**Orka náttúrunnar:** Stærsta einstaka verkefnið er lagning Hverahlíðarlagnar. **OR-veitur:** Í veiturekstrinum er uppbygging nýrrar fráveitu á Vesturlandi að fara af stað að nýju. Því verkefni var frestað í fjárhagserfiðleikum eftir hrun en því á að ljúka fyrir árslok 2016. Um 650 milljónir renna til þess verkefnis í ár en næststærst er endurnýjun Reykjaæða, sem flytja hitaveituvatn til höfuðborgarinnar úr Mosfellsbæ.

**Gagnaveitan:** Er að ljúka uppbyggingu ljósleiðarakerfis í Reykjavík. Áformað er að verja 400 milljónir króna til frekari útbreiðslu þess á árinu 2015.

## ER FRAMHALDSSKÓLINN FYRIR ALLA?

Menntun fatlaðs fólks, aðgengi og úrræði



Málþing um aðgengi fatlaðra ungmenna að menntun fimmtudaginn 12. mars 2015, kl. 13.00–16.00 á Grand Hótel Reykjavík

13.00–13.10	<b>SETNING</b> Ellen J. Calmon, formaður Öryrkjabandalags Íslands
13.10–13.20	<b>ÁVARP</b> Illugi Gunnarsson, mennta- og menningarmálaráðgjafi
13.20–13.40	<b>HVAÐ ER SKÓLI OG HVERJIR ERU ALLIR?</b> Ólafur Páll Jónsson, dósent við Menntavísindasvið HÍ
13.40–14.00	<b>ER HÆGT AÐ VERA FRÁBRUGÐINN Í FRAMHALDSSKÓLA?</b> Sigrún María Óskarsdóttir, stúdent frá MA 2014 og Lovísa Jónsdóttir, leikskólaserkennari og móðir
14.00–14.20	<b>UPPBYGGING STUÐNINGS VIÐ NEMENDUR Í FRAMHALDSSKÓLUM</b> Ragnheiður Bóasdóttir, sérfræðingur hjá mennta- og menningarmálaráðuneytinu
14.20–14.50	<b>KAFFIHLÉ</b>
14.50–15.10	<b>LÍÐAN OG NÁMSFRAMVINDA NEMENDA MEÐ NÁMSERFIÐLEIKA</b> Sigrún Harðardóttir, lektor við Félagsvísindasvið HÍ
15.10–15.30	<b>MENNTUN FYRIR ALLA</b> Íva Marín Adrichem, nemandi í MH, og Valgerður Garðarsdóttir, sérkennari í MH
15.30–15.45	<b>SAMANTEKT OG FRAMTÍÐARSÝN</b> Eva Þórdís Ebenezersdóttir, þjóðfræðingur
15.45–16.00	<b>FYRIRSPURNIR OG UMRÆÐUR</b>

Málþingið er ætlað öllu áhugafólki um efnið. Framhaldsskólanemendur eru sérstaklega hvattir til að mæta.

Ekkert þátttökugjald.

Skráning og upplýsingar um túlkun eru á vef Öryrkjabandalags Íslands, [www.obi.is](http://www.obi.is) Síðasti skráningardagur er **10. mars 2015**.



HÁSKÓLA ÍSLANDS  
KANNSÓKNASETUR Í FÓTLINARFRÅÐUM



ÓVISSA UM STYRK Óljóst er hvort loforð um styrk til byggingar mosku í Reykjavík eigi við um styrk upp á 170 milljónir sem afhentur var í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Veit ekki hvort um sama styrk er að ræða:

## Fengu styrk í desember

**TRÚMÁL** Saad bin Ibrahim Al-Ibrahim, sendiherra Sádi-Arabíu fyrir Svíþjóð og Ísland, afhenti í desember síðastliðnum fjárframlag til Íslandsdeildar Félags múslima í Skandinavíu en upphæðin nemur hundrað og sjötíu milljón-um króna.



SVERRIR AGNARSSON

Ímam Ahmad Seddeq, trúarleiddugi Menningarsetursins, kannast ekki við þennan nýja styrk. Samkvæmt forsetaembættinu skoðaði sendiherrann lóð þar sem moska Félags múslima mun rísa í Reykjavík.

„Mér finnst sérkennilegt að Ahmad komi af fjöllum vegna

þess að það er nú mynd af hans vinnuveitanda, Ald-Daoudi, að taka við peningum frá sendiherra Sádi-Arabíu í sendiráðinu í Stokkhólmi fyrir 1,2 milljónir Bandaríkjadala,“ sagði Sverrir Agnarsson, formaður stjórnar Félags íslenskra múslima, í kvöldfréttum Stöðvar 2 í gær.

Aðspurður hvort um sama styrk væri að ræða og forseti Íslands kynnti á vefsvæði sínu í fyrradag sagði Sverrir ekki vita það. „Ég veit það hreinlega ekki. Ég veit að hitt félagið hefur gengið mjög harkalega fram í því að skapa peninga út á okkar sögu, sagst vera fyrsta múslimafélagið á Íslandi og eina félagið sem rekur barnastarf, sem okkur hefur alltaf þótt mjög sérkennilegt,“ sagði Sverrir.

Menningarsetur múslima varð til eftir klofning í röðum múslima á Íslandi en Salmann Tamimi, einn af ímómum Félags múslima, hefur gagnrýnt múslima í Ýmishúsi fyrir öfgakenndar skoðanir og ofstæki.

- khn, vh





**SUBARU**

*Confidence in Motion*

# NÝR SUBARU OUTBACK FRUMSÝNING Í DAG KL. 12-16



**Nýjung - fullkonnasta öryggistækni sem völ er á**

## **Subaru Outback Premium**

**BOXER dísil, sjálfskiptur**

Verð: 6.590.000 kr.

Ný LINEARTRONIC stíglaus sjálfskipting með þrepastillingum í stýri.

**6,0 l / 100 km**  
í blönduðum akstri



Nýtt EyeSight öryggismyndavélakerfi Subaru er það fullkonnasta sem völ er á. Kerfið aðstoðar ökumenn við að koma í veg fyrir árekstur. Subaru hefur unnið að þróun kerfisins síðastliðin 20 ár og hefur öryggisbúnaðurinn verið til reynslu í bílum frá Subaru á Japansmarkaði síðastliðin fimm ár.



Bilahúsið  
Reykjanesbæ  
www.bilahusid.is  
421 8808

Bilasalan Bílás  
Akranesi  
www.bilas.is  
431 2622

Bilasala Akureyrar  
Akureyri  
www.bilak.is  
461 2533

Bilaverkstæði Austurlands  
Egilsstöðum  
www.bva.is  
470 5070

**BL ehf**  
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík  
525 8000 / www.bl.is



## Undanþágum frá gjaldeyrishöftum verður fækkað: Skref í afnámi fjármagnshafta

**EFNAHAGSMÁL** Seðlabankinn hefur gert breytingar á undanþágulistum vegna fjármagnshafta og fækkað flokkum fjármálagerna sem eru á listunum. Takmarkast undanþágulistarnir nú við ríkisvixla og eitt ríkisskuldabréf.

Eigendum þeirra flokka skuldaþréfa sem ekki njóta lengur undanþágu verður heimilt að selja sína fjármálagerna. Aftur á móti verður ekki heimilt að fjárfesta í öðrum flokkum en þeim sem njóta undanþágu.

Seðlabankinn segir að tilgangur með ofangreindum breytingum sé að búa í haginn fyrir frekari skref



**SEÐLABANKINN** Tilkynnt var um breyttar reglur eftir lokun markaða í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNPÓR

að losun fjármagnshafta. Þau felist meðal annars í því að eigendum þessara krónueigna verða boðnir fjárfestingarkostir sem draga verulega úr líkum á óstöðugleika við losun fjármagnshafta. - jhh

# Vilja uppræta fortíð okkar og menningu

Vígamenn Íslamska ríkisins stunda viðamikla eyðileggingarstarfsemi á fornminjum í borginni Nimrud. Sendu frá sér myndband frá eyðileggingu fornminjasafnsins í Mosul. Eyðilegging menningarverðmæta er stríðsglæpur að mati UNESCO.

**ÍRAK** Samfélag fræðimanna og fornleifafræðinga fordæmir aðgerðir Íslamska ríkisins í hinni ævaforu borg Nimrud í Írak.

„Að sögn talsmanna írösku ríkisstjórnarinnar hafa öfgamenn samtakanna sem kenna sig við Íslamskt ríki hafið viðamikla eyðileggingarstarfsemi í borginni sem er meira en 3.000 ára gömul.“

„Þeir eru ekki bara að eyðileggja nútímalega lifnaðarhætti okkar eða hernema þorp, kirkjur eða heimili, eða uppræta framtíð okkar. Þeir vilja þurrka út menningu okkar, fortíð og siðmenningu,“ sagði Habib Afram, formaður Sýrlendingafélagsins í Líbanon, við The Guardian í gær.

Hermenn Íslamska ríkisins hafa eyðilagt ævafornar minjar í borginni, brotið stytur og rutt húsum úr vegi með vinnuvélum.

Irina Bokova, forstöðukona mennta- og menningarstofnunar Sameinuðu þjóðanna, UNESCO, fordæmdi aðgerðir Íslamska ríkisins í yfirlýsingu í gær. Í yfirlýsingu kemur fram að eyðilegging menningarverðmæta flokkist sem stríðsglæpur og að UNESCO kalli eftir samhentum átaki trúar- og stjórnmálaleiðtoga í Mið-Austurlöndum til að binda enda á þennan glæp gegn siðmenningunni.

Í síðustu viku sendi Íslamska



**MOSUL** Vígamenn Íslamska ríkisins lögðu safnið í rúst. MYND/SKJASKOT

ríkið frá sér myndband frá eyðileggingu á fornminjum í fornminjasafninu í Mosul í Írak. Þar má sjá vígamenn samtakanna hrinda stytur af stöllum, brjóta þær með sleggjum og saga sundur fornminjar. Í myndbandinu kemur ásetningur Íslamska ríkisins fram en í augum meðlima þess eru fornminjarnar arfleifð fjölgýðistrúar og því guðlast og að guð þeirra hafi fyrirskipað að þær skyldu fjarlægðar.

Borgin Nimrud, sem liggur í

norðurhluta Írak, var byggð árið 1250 fyrir Krist og átti síðar eftir að verða höfuðborg Assýríu, stórveldis sem á hápunkt sínum teygði sig yfir nær allt landsvæði Mið-Austurlanda, eða allt frá Tyrklandi til Írans.

Íslamska ríkið náði tökum á stórum svæðum í Norður-Írak síðasta sumar og hefur síðan hrakið á brott stóra hópa kristinna manna, Yazidi-fólks og annarra minnihlutahópa.

stefanrafn@frettabladid.is

Alþjóðlegar sýningar  
**Kynjakatta**

7. og 8. mars 2015  
Smáratorgi við hlidina á Bónus  
(þar sem Sports Direct var)  
Opn 10-16 báða daga

50% afsláttur af málaverði gegn framsæmum félagskárteini Kynjakatta

## Menntaskólinn við Hamrahlíð

Opið hús 11. mars  
2015 frá kl. 17:00-19:00.

10.- bekkingar og forráðamenn þeirra eru sérstaklega velkomnir.

Kynnt verður námsframboð skólans, inntökuskilyrði og félagslíf.



### Námsbrautir í boði:

Félagsfræðibraut, málbraut, náttúrufræðibraut, opin braut, opin braut hraðferð (3 ára), IB-braut, sérnámsbraut, listdansbraut og tónlistarbraut.

### Hlutverk

- Menntaskólinn við Hamrahlíð er ríkisskóli sem starfar samkvæmt framhaldsskólalögum.
- Hlutverk skólans er að mennta nemendur til stúdentsprófs með áherslu á undirbúning fyrir nám í háskólum.

### Markmið

- Markmið Menntaskólans við Hamrahlíð er velgengni brautskráðra nemenda og að skólinn sé fyrirmynd um framsækna kennslu, góða stjórnsýslu og rækt við menningu og listir.

### Leiðarljós

- Í Menntaskólanum við Hamrahlíð eru ólíkar þarfir einstaklinga virtar og gengið er út frá vilja nemenda til að axla ábyrgð.
- Áhersla er lögð á fjölbreytni í valhluta námsins og kappkostað er að kynna nemendum vinnubrögð sem tíðkast í háskólanámi.



**306 NÝ MÁL** Ársskýrsla Stígamóta fyrir árið 2014 var kynnt í gær. 306 ný mál komu á borð samtakanna í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

617 einstaklingar leituðu til Stígamóta á árinu 2014:

## Fækkun frá árinu á undan hjá Stígamótum

**SAMFÉLAG** Á síðasta ári leituðu 617 einstaklingar til Stígamóta og starfsfólk tók 2.146 viðtöl. Konur voru 88 prósent þeirra sem leituðu til Stígamóta, eða 244, og karlar 12 prósent. Af þeim 617 sem leituðu til samtakanna voru 280 að leita aðstoðar í fyrsta skipti. Þetta kemur fram í ársskýrslu Stígamóta fyrir árið 2014 sem kynnt var í gær.

Samkvæmt ársskýrslunni eru mun fleiri karlar sem beita ofbeldi en konur. Í fyrra komu 306 ný mál á borð samtakanna, í þeim málum voru 423 gerendur og af þeim voru 392 karlar. Það er fjórtán prósent fækkun frá fyrra ári.

Á þeim aldarfjórðungi sem samtökin hafa starfað hafa alls 7.039 einstaklingar leitað til Stígamóta og heildarfjöldi gerenda er 10.082. Þegar ástæður heimsóknna á síðasta ári eru skoðaðar kemur í ljós að nauðgun,

→ Af málum sem komu á borð Stígamóta á síðasta ári voru 13,2 prósent kærð til lögreglu en 79,7 prósent vildu ekki kæra.

nauðgunartilraun og sífjaspell eru 67 prósent þeirra ástæðna sem tilgreindar eru. 21 prósent leitaði til samtakanna vegna kynferðislegrar áreitni.

Af málum sem komu á borð Stígamóta á síðasta ári voru 13,2 prósent kærð til lögreglu en 79,7 prósent vildu ekki kæra.

Í fréttum Stöðvar 2 í gær sagði Guðrún Jónsdóttir, talskona Stígamóta, meginástæðuna fyrir því að fólk kæri ekki vera skömm og sektarkennd. Því finnst það hreinlega ekki hafa neitt að kæra.

- khn, vh



## Fyrir erfiðustu verkin

# Volkswagen Crafter Extreme Edition

### Komdu og kynntu þér Volkswagen Crafter Extreme Edition!

Í dag milli kl. 12 og 16 kynnum við einstaklega vel útbúinn Volkswagen Crafter og bjóðum þér að líta við í sýningarsal VW Atvinnubíla og kynnst Extreme Edition.

Volkswagen Crafter er hannaður til að takast á við krefjandi verkefni þar sem styrkur og notagildi eru í forgangi. Crafter er einstaklega hagkvæmur og er með mjög öflugum en jafnframt sparneytnum díeselvélum. Volkswagen Crafter er í boði með 3 ára ábyrgð og allt að 250.000 km akstur.

3ja ára ábyrgð og allt að 250.000 km akstur

Crafter Extreme Edition kostar aðeins frá  
**4.596.774 kr. án vsk**

### Staðalbúnaður

- Rennihurðir á báðum hliðum
- 16" stálfelgur
- Lokað skilrúm með glugga
- ABS / EBV
- ESP stöðugleikastýring og spólvörn
- Bekkur fyrir 2 farþega með geymslukassa
- Loftpúðar fyrir ökumann og farþega
- Útvarp með SD kortarauf
- Klukka
- Fullkomin aksturstölva
- Glasahaldari
- Fjarðstýrðar samlæsingar
- Rafstýrðir upphitaðir hliðarspeglar
- Hæðarstillanlegt öryggisbelti
- 270° opnun á afturhurðum

### Mögulegur valbúnaður

- Dráttarbeisli 180.000. kr m/vsk

### Aukalega í Volkswagen Crafter Extreme Edition

- Hraðastillir (Cruise control)
- Bluetooth símkerfi
- Hiiti í bílstjórásæti
- Fjarðrandi hæðarstillanlegt ökumannssæti með armpúða
- Vélarhitari með fjarstýringu og tímastilli
- Rafmagns-miðstöðvarhitari
- Aðgerðastýri
- Fjarlægðaskynjarar með bakkmyndavél
- Díóðulýsing í flutningsrými
- Klæðning og rennur í flutningsrými



Atvinnubílar

# Tónlistarskólarnir í Reykjavík halda uppskeruhátíð í Norðurljóssal Hörpu klukkan fjögur á morgun: Yngsti flytjandinn 7 ára gömul úr Suzuki

Um 80 ungir og uppnemandi tónlistarmenn sýna hvað í þeim býr á Skrautnótunni, uppskeruhátíð tónlistarskólanna í Reykjavík, sem haldin verður í Norðurljóssal Hörpu á morgun, sunnudag, klukkan fjögur.

Flytjendurnir koma frá 12 tónlistarskólum í Reykjavík og er sá yngsti 7 ára. Það er Andrea Erla Guðmarsdóttir sem er í Suzuki tónlistarskóla Reykjavíkur.

„Ég er dálítið kvíðin,“ segir Andrea Erla í samtali við Fréttablaðið. Hún segir að þetta verði í fyrsta sinn sem hún spili í Hörpunni en hún hafi sungið þar með mörgum leikskólum.

Andrea Erla segist æfa sig í fimmtán mínútur á dag áður en hún fer í skólann. Hún mæti svo í tíma í tónlistarskólanum einu sinni í viku og annan hvern laugardag.

Guðmar Þorleifsson, pabbi Andreu Erlu, segir að hún hafi byrjað fjögurra ára að æfa en sé tiltölulega nýbyrjuð í Suzuki-

náminu, sem gengur út á það að foreldrarnir æfa mikið með börnunum, sitja með þeim á hverjum degi.

„Hún er búin að vera voðalega dugleg að æfa,“ segir Guðmar og tekur fram að Andreu Erlu hafi þótt mjög gaman að spila eftir að hún fór að ná tökum á því.

„Hún er meira að segja farin að nota þetta fyrir utan tónlistarskólann. Hún tók þátt í Breiðholt Got Talent á vegum frístundaheimilisins,“ segir Guðmar. -jhh

„Hún er meira að segja farin að nota þetta fyrir utan tónlistarskólann. Hún tók þátt í Breiðholt Got Talent á vegum frístundaheimilisins

Guðmar Þorleifsson, faðir Andreu Erlu Guðmarsdóttur.



ÆFIR STÍFT Andrea Erla hefur æft í tvö og hálf ár og er búin að ná ágætum tökum á gítarleiknum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**Gjafakort**  
**Miðborgarinnar**  
**okkar**

Fáanlegt í bókaaverslunum miðborgarinnar

BERGSTADIR  
KOLAPORT  
RÁÐHÚSIÐ  
STJÓRNUPORT  
TRADARKOT  
VESTURGATA  
VITATORG

Tónar og tíska  
í miðborginni

LANGUR LAUGARDAGUR Í DAG

Nú þegar daginn tekur að lengja láta flestir sig dreyma um vorið. Hver veglegi viðburðurinn á fætur öðrum í miðborginni styttr biðina og léttir lundina og svo í lok mánaðar er von á sannkallaðri stórstjórn hingað til lands – sjálfri löunni, sem kemur og kveður burt snjóinn.

**Opið til 17:00 og lengur í verslunum og enn lengur á veitingahúsum.**

**Hinar ómótstæðilegu Reykjavíkurdætur koma fram á:**  
Barónstorgi kl. 14:00 - Laugavegi 77  
Laugatorgi kl. 15:00 - Laugavegi 59  
Skólatorgi kl. 16:00 - Bankastræti 14 (við Skólavörðustíg)

**Munið Tiskuvökuna í kjölfar opunar RFF & Hönnunarmars, fimmtudaginn 12. mars - verslanir opnar til kl. 22:00.**

**Alltaf nóg af bílastæðum og munið bílastæðahúsin.**

VERUM, VERSLUM OG NJÓTUM ÞAR SEM HJARTAÐ SLÆR!  
MIDBORGIN.IS — FACEBOOK.IS/MIDBORGIN



MOGHERINI Bregst við áherslum bandarískra þingmanna. EPA

## Kalla eftir friðsamlegri lausn: Funda í Ríga vegna Úkraínu

LETTLAND Federica Mogherini, framkvæmdastjóri utanríkismála Evrópusambandsins, lagði áherslu á að eina lausnin til að tryggja frið í Úkraínu væri með friðsamlegum leiðum. Þetta kom fram á blaðamannafundi sem hún hélt í Ríga í gær. Tilkygningin er talin vera viðbrögð við ákalli háttsettra bandarískra þingmanna eftir því að Bandaríkin útvegi Úkraínu-mönnum vopn.

Utanríkisráðherrarnir ESB funda um helgina í Ríga til að finna lausn á borgarastríðinu í Úkraínu. -sfs

## Sushi Samba skipti um nafn: Telja sig eiga rétt á nafninu

DÓMSMÁL Alþjóðlega veitingastaðakeðjan Sushi Samba vill banna hinum íslenska Sushi Samba við Þinghóltsstræti að nota nafnið.

Veitingakeðjan telur að íslenski staðurinn hafi notað nafnið Sushi Samba í leyfisleysi og hefur birt eignum íslenska fyrirtækisins stefnu þess efnis að íslenski staðurinn skuli breyta nafni sínu. Alþjóðlega keðjan telur sig eiga rétt á nafninu og hefur meðal annars látið loka öðrum stöðum á heimsvísu, til að mynda stað sem bar sama nafn í Tel Aviv í Ísrael. -sfs



SLYSSTAÐUR Flugvélin nauðlenti á golfvelli. AFP/JONATHAN ALCONRN

## Nær fullum bata eftir slys: Harrison Ford lenti í flugslysi

BANDARÍKIN Leikarinn Harrison Ford lenti í flugslysi á smáflugvelli sinni í Los Angeles í fyrradag.

Leikarinn var við meðvitund þegar sjúkraliðar komu á staðinn og var hann fluttur strax á sjúkrahús. Hann er við sæmilega heilsu en meiðli hans voru ekki lífshættuleg. Búist er við að hann nái fullum bata.

Ford má teljast heppinn en hann nauðlenti á golfvelli í Los Angeles þar sem lækurinn Sanjay Khurana var að spila golf. Lækurinn var fyrstur á vettvang og óttaðist að kviknað gæti í vélinni. -sfs

Dýrt að aka of hratt:

## Hraðasekt upp á 8 milljónir

**FINNLAND** Það er dýrt að aka of hratt í Finnlandi, sérstaklega ef maður er með há laun. Þar eru sektirnar tekjutengdar.

Kaupskýslumaðurinn Reima Kuisla kvartaði á dögunum á Facebook undan sekt upp á 54 þúsund evrur, eða um 8 milljónir íslenskra króna, en hann hafði ekið á 103 km hraða þar sem hámarkshraði er 80 km á klukkustund. Árstekjur Kuisla voru um 800 milljónir íslenskra króna árið 2013.

- íbs

ESA hefur hafið rannsókn á viðskiptum norska sveitarfélagsins Sandefjord og skipafélagsins Color Line:

## Kanna lögmæti stuðnings við ferjurekstur

**NOREGUR** ESA, eftirlitsstofnun EFTA, hefur hafið rannsókn á sveitarfélaginu Sandefjord í Noregi og norska skipafélaginu Color Line vegna mögulegrar einokunar í farþegaflutningum. Stuðningur sveitarfélagsins við skipafélagið er í tilkynningu ESA sagður kunna að brjóta í bága við samkeppnisreglur á Evrópska efnahagssvæðinu.

„Color Line rekur farþegaferju með fríverslun milli Sandefjord í Noregi og Ström-

stad í Svíþjóð. Sveitarfélagið Sandefjord á og rekur höfnina í Sandefjord og hefur samið við Color Line um aðgang félagsins að höfninni,“ segir í samantekt ESA. Stofnunin muni kanna sérstaklega hvort samkomulagið hafi komið niður á samkeppni með misnotkun markaðsráðandi stöðu, hvort heldur sem það snúi að viðskiptavinum sem nýta vilji ferjuflutninga, eða þjónustu sveitarfélagsins við ferjufyrirtæki.

ESA hefur áður haft afskipti af skipafélaginu sem það sektaði um 18,8 milljónir evra (2,8 milljarða króna) í desember 2011, fyrir brot gegn samkeppnisreglum EES vegna langtíma einokunarsamninga um hafnar- aðgang í Strömstad í Svíþjóð. „Samningar Color Line og sveitarfélagsins Sandefjord sem nú eru til rannsóknar voru ekki undir í þeirri ákvörðun,“ segir í tilkynningu ESA.

- óká



**FERJA** ESA hefur til rannsóknar mögulega markaðsmisnotkun tengda ferjufyrirtæki í Noregi.

FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Nýtt útlit sést fyrst í maí:

## Kók velur eitt yfirvörumerki

**VIÐSKIPTI** Coca-Cola telur eitt „yfirvörumerki“ betri leið til að ná til neytenda. Drykkir á borð við Coke Light og Coke Zero verða eftirleidis „Coca-Cola“ en í mismunandi lituðum umbúðum og með ólíkri innihaldslýsingu.



**CARLOS CRUZ**

„Rétt er að taka fram að engin breyting verður á bragðinu. Annað væri náttúrulega óskynsamlegt,“ er í tilkynningu í gær haft eftir Carlos Cruz, forstjóra Vífilfells. Hann kynnti ákvörðun Coca-Cola fyrr um daginn á Hilton Reykjavík hótlinu.

Ákvörðunin var kynnt samtímis um alla Evrópu en merki um hana sjást ekki í hillum verslana hér fyrr en í maí.

- óká

Dæmdur fyrir nauðgun:

## Tveggja ára fangelsisdómur

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur hefur dæmt Andra Karl Elínarson Ásgeirsson í tveggja ára fangelsi fyrir að nauðga konu á heimili sínu í október 2013.

Andri játaði fyrst að hafa haft samræði við konuna en dró það svo til baka. Fram kemur í dómi héraðsdóms að framburður konunnar um hvað hafi gerst umrædda nótt sé trúverðugur auk þess sem gögn málsins styðji hann. Dómurinn taldi því rétt að byggja á framburði konunnar og dæmdi Andra í fangelsi í tvö ár. Þá var hann einnig dæmdur til að greiða konunni 1,2 milljónir í bætur.

- skh

Eykt var með lægsta boð:

## Tíu daga biðtími er liðinn

**MENNTAMÁL** „Tíu daga biðtími vegna útboða í byggingu fyrir Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur er nú liðinn og bærust engar athugasemdir við framkvæmd útboðsins,“ segir á vef Framkvæmda- sýslu ríkisins.



**VIGDÍS FINNBOGADÓTTIR**

Fyrst verður byggingarsvæðið girt af, en við það lokast meðal annars fjórar bílastæðaraddir milli Brynjólfsstöðu og Gömlu Loftskjástöðvarinnar við Suðurgötu í Reykjavík.

Eykt ehf. var með lægsta boð í verkið, tæplega 1,4 milljarða króna, eða 97,3 prósent af kostnaðaráætlun.

- óká

**SIEMENS**

POWER SENSOR

**Sölusýning**

**Sölusýning í dag frá kl. 10 til 16.**

Í dag efnum við til sölusýningar í verslun okkar. Þar gefst tækifæri til að skoða allt hið nýjasta sem við bjóðum, m.a. nýjar ryksugur sem Siemens hefur sett á markað og aldrei hafa verið jafn-öflugar og jafn-hljóðlátar. Og vitaskuld hefur Smith & Norland síðan á boðstólum glæsilegt úrval heimilistækja í eldhús og þvottaherbergi.

**Fjöldi tilboða í tilefni dagsins. Veittur verður verulega góður afsláttur.**

Látið sjá ykkur og njótið dagsins með okkur. Það verður heitt á könnunni!

**SMITH & NORLAND**

Nóatúni 4 · Sími 520 3000  
www.sminor.is

Kynntu þér

## NÝR FORD MONDEO

### > Frumsýning í dag milli kl. 12 og 16

Ef þú ert að leita að rúmgóðum bíl með framúrskarandi aksturseiginleika, sem jafnframt unun er að horfa á, þá er Ford Mondeo bíllinn. Stórglæsilegur bíll sem rúmar alla fjölskylduna ásamt öllum farangrinum sem henni fylgir. Ný fjöðrun skilar enn betri aksturseiginleikum og hljóðlátara innra rými. Staðalbúnaður er mikill og Mondeo fékk hæstu einkunn í öryggisprófunum Euro NCAP. Veldu á milli 5 dyra eða station. Einnig fánlegur fjórhjóladrifinn (AWD).



Brimborg Reykjavík    Brimborg Akureyri  
Bíldshöfða 6        Tryggvabraut 5  
Sími 515 7000        Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söluveildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.  
Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16.

Ford Mondeo 5 dyra, EcoBoost bensín 125 hö. 6 gíra beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 5,1 l/100 km. CO2 losun 119 g/km.

Ford Mondeo 5 dyra, EcoBoost bensín 160 hö. Sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 6,3 l/100 km. CO2 losun 146 g/km.

Ford Mondeo 5 dyra, TDCi dísil 150/180 hö. Sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,8 l/100 km. CO2 losun 125 g/km.

Tökum allar tegundir bíla upp í nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

*stórglæsilegan Ford Mondeo.*



FORD **MONDEO**

FRÁ **3.990.000** KR.

Komdu og prófaðu



[ford.is](http://ford.is)

Daglega berast fréttir af fólki sem einskis svífst:

## Sögur af illu fólki

Daglega eru sagðar fréttir af vondu fólki, illu fólki sem hikar ekki við að ráðast að þeim sem eiga erfitt með að verja sig. Fólkið gerir ótrúlegustu hluti til að hagnast á vöndri stöðu annarra. Fréttir eru sagðar af fólki sem jafnvel leggst svo lágt að vekja innihaldslausar vonir hjá fátækum eða leggur sig hreinlega fram um að kvelja saklaust fólk.

Fjölmiðlar eru iðnir við að segja frá, fletta ofan af og benda á fólk, mest karla, sem fer um í leit að varnarlausu og mikið veiku fólki. Í von um að geta talað sig inn á viðkomandi og vakið falsvonir. Allt í þeim tilgangi að geta féflett fólkið. Síðleysið virðist algjört.

Í Fréttablaðinu í gær var átakanleg frásögn konu, dóttur manns sem lést af veikindum sínum. Fanti hafði tekist að kveikja vonir hjá þeim deyjandi, með lygum og þvættingi. Þeim dauðvona var vorkunn. Varnir hans og dómgreind réðu ekki við ágang fantsins. Hann lét til-leiðast og fór með hrappinum til Havaí. „Hann var fátækur þegar hann fór út til Havaí og í engu standi til ferðalaga. Hann stóð ekki í lappirnar [...] Mér telst til að meðferðin hafi kostað um milljón krónur.“ Kostnaðurinn varð hins vegar mun meiri því sá veiki lenti á spítala og reikningurinn vegna þess var um tvær milljónir.

Til að kóróna vitleysuna tókst hinum illa manni að rugla þann veika svo að hann keypti golfbíl fyrir milligöngu svikahrappsins, viss um að innan skamms yrði hann farinn að leika golf á ný. Auðvitað varð ekki af því. „Hann ríghélt í vonina og reyndi öll ráð,“ sagði dóttir hans. Inn á þetta spila hinir illu.

Stöð 2 sagði frá hrikalegu einelti í Setbergsskóla í Hafnarfirði. Sá sem fjöldinn lagðist á kom fram og sagði frá hluta rauna sinna. Hann undraðist hversu lengi vöndir krakkar fengu að fara sínu fram án afskipta eða aðkomu skólustjóra eða kennara. Þó öllum væri ljóst hvað var verið að gera var ekki brugðist við. Börn við Setbergsskóla fengu að gera líf drengs að hreinu helvíti. Sem betur reyndist sá sem fyrir varð sterkur í angist sinni, hann lét ekki verða af því að svipta sig lífi, þrátt fyrir vilja til þess. Hagur hans hefur batnað. Nýr kennari hefur haft góð áhrif. Það segir um leið að annað starfsfólk Setbergsskóla lét eineltið, áráðirnar, viðgangast.

„Þau spörkuðu í mig, kýldu og hrintu mér. Mér var hótáð með hníf og þau ætluðu að grýta mig með grjóti,“ sagði drengurinn í viðtali við Stöð 2 og móðir hans sagði: „Þetta voru allir í árganginum, tveir bekkir, sem fóru á eftir honum og tóku af honum myndbönd og sögðust ætla að opna Facebook-síðu til að allur heimurinn gæti séð hvað hann væri ljótur.“ Í lýsingum þeirra kemur fram ótrúleg mannvönska fjöldans gegn einum varnarlausum pilti.

Þessi dæmi, þessar sögur af illu fólki eru hreint ótrúlegar. Mannskepnan getur verið grimm og miskunnarlaus. Ábyrgðin er ekki bara gerendanna. Hún er allra nema þolendanna. Illskan er látin viðgangast.

### FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Práinsson ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is FRÉTTASTJÓRI: Sigurjón M. Egiðsson sme@frettabladid.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

### Nýsköpunarsjóður tónlistar – Musica Nova Styrkir vegna starfsársins 2015

Sjóðurinn auglýsir hér með eftir umsóknum um styrki til nýsköpunar í tónlist. Flytjendur og tónleikahaldarar geta sótt um styrk til að panta tónverk og skal styrkfjárhæðin aðeins notuð til þess. Umsækjendur ábyrgjast frumflutning verksins.

#### Í umsókn skal taka fram:

- höfund tónverks
- tímalengd verks
- flytjendur
- hljóðfæraskipan
- áætlaða tímasetningu frumflutnings
- upphæð sem sótt er um

Þá skal fylgja fjárhagsáætlun verkefnisins sem og ferilskrá umsækjanda (flytjanda/tónleikahaldara)

Óskað er eftir því að umsóknir berist rafrænt á netfangið

musicanova.iceland@gmail.com

Umsóknarfrestur rennur út á miðnætti, mánudaginn 23. mars 2015

www.musicanova.is

Nýsköpunarsjóður tónlistar er styrktur af



### SPOTTIÐ



### MÍN SKOÐUN: JÓN GNARR

#### Gosi

Tilvera mín hefur lengi verið mér hugleikin. Hver er ég? Hvaðan kem ég? Hvert fer ég? Hef ég sál eða anda? Ég hef lesið aragrúa bóka um andleg málefni, kynnt mér alls konar hugleiðslur og trúarrit og kenningar helstu heimspekinga. Ég hef lesið sálfræði. Ég hef fylgst með sjálfum mér og öðrum. Síðustu ár hef ég verið heillaður af rannsóknum á sviði taugavísinda og sérstaklega á mannsheilanum. Tæknikunnátta okkar er orðin svo mikil og þróuð að við getum



beint sjónum okkar að kjarna okkar sjálfra. Við getum rannsakað og skoðað fyrirbæri sem við gátum aðeins spekulerað um áður.

Hvað er vilji? Er til frjáls vilji? Hvað er sjálf? Hvað gerist þegar við deyjum? Hvað er ást?

Sláandi niðurstöður birtast í viku hverri, rannsóknir sem sýna

að heilinn í okkur er búinn að taka ákvörðun, allt að 5 sekúndum, áður en við sjálf tökum meðvitaða ákvörðun. Auðvitað er líka ákveðin þversögn í þessum rannsóknum. Ekki síst vegna þess að heilinn er að skoða sjálfan sig á vísindalegan hátt. Og þessar rannsóknir og niðurstöður leiða okkur inn á ólíklegustu svið; heimspeki og sálfræði, sálfræði, eðlisfræði og guðfræði svo fátt eitt sé nefnt. Allt bendir til að vísindin muni gjörbreyta heimsmynd okkar á næstu árum og áratugum.

### Af hverju endurtek ég alltaf sömu mistökkin?

Mér hefur oft liðið eins og farþega í því farartæki sem er Ég. Ég hef oft velt fyrir mér af hverju ég hafi gert hluti svona en ekki hinsegin, af hverju ég hafi brugðist svona við en ekki öðruvísi? Af hverju elska ég þessa manneskju en ekki einhverja aðra? Af hverju endurtek ég alltaf sömu mistökkin?

Af hverju get ég ekki vanið mig af ósiðum? Listinn er endalaus. Mér hefur oft fundist eins og ég sé leiddur áfram inn í og í gegnum aðstæður. Eins og einhver utanaðkomandi öfl séu að

stýra mér. Ég hef reynt að finna út hvað þetta er. Er þetta Guð? Eftir skoðun hef ég komist að því að svo sé ekki. Af hverju ætti Guð að láta mig ruglast í ríminu, keyra eitthvert sem ég ætlaði ekki að fara og rekast þar á frænda minn fyrir tilviljun? Ef Guð er að dunda sér við svona smámuni er hann ekki sá guð sem hann þykist vera. Hann væri frekar að einbeita sér að því að aðstoða fólk sem þarf virkilega á hjálpi að halda. Hann væri ekkert að þæla í mér. Ég hafna því þeirri hugmynd. En hvað með engla eða

framliðna ættingja? Getur verið að það lið sé allt saman í einhverri annarri vídd að hjálpa mér og öðrum í okkar daglega amstri? Freistandi hugmynd en hún gengur ekki upp. Árangurinn af slíkri vinnu er líka nær enginn miðað við erfiðnið sem hlýtur að búa að baki. Ég hallast að því að þetta sé innsæi. Maður fylgir innsæinu sínu, það er ekki alltaf meðvitað. Og það er ekki guð, eða skrattinn, draugurinn hennar ömmu eða Mikael erkiengill sem er að leiða okkur áfram heldur heilinn í okkur.

### It's just a ride!

Eftir langa leit hef ég fundið út að helsta ástæðan fyrir því, að ég hef ekki fundið mig sé, að ég sé ekki raunverulega til. Ég er einungis líffræðilegt vélmenni, stjórnað af ofur-tölvu sem er heilinn í mér. Þessi tölva stjórnar mínu lífi, skynjunum og upplifun af raunveruleikanum. Og hún takmarkar mig. Ég sé bara ákveðna liti og get einungis skynjað nokkrar víddir. Hann skammtar mér upplýsingar. Þegar mig dreymir á nóttunni er ég áhorfandi minna eigin hugsana. Ég er nokkuð viljalaust verkfæri þessa heila. Persónuleiki minn er eins og avatar, kallað gengill á íslensku, bara ákveðið viðmót.

Sumir kunna við það, aðrir ekki en ég er ekki raunverulegi vera heldur en persóna í tölvuleik.

Það sem ég sjálfur upplifi að ég sé að segja hér er þar af leiðandi misskilningur. Heilinn í mér er að nota mína fabrikeruðu persónu til að koma gögnum í heilann á þér. Heilinn á þér er að nota þig á nákvæmlega sama hátt með því að láta þig lesa þetta. Heilar okkar vilja að við eigum í sem mestum mögulegum samskiptum og miðlum upplýsingum, genum og jafnvel bakteríum okkar á milli. Aðlaðandi stúlka hittir myndarlegan mann og fer í sleik við hann. Er það ást eða eitthvað andlegt? Eru heilar þeirra einungis að nota

þau til skiptast á bakteríum til að styrkja ónæmiskerfið? Ég held það. Internetið er annað dæmi. Mannsheilinn bjó ekki til internetið svo við gætum stytst okkur stundir við að skoða klám og spila Candy Crush. Internetið er upplýsinganet milli heila. Okkar meðvitund sér ekki nema brot af því sem þar fer á milli. Heilinn er hinn raunverulegi leiðtogi í lífi okkar.

Það er verið að spila með okkur af okkur sjálfum. En við getum slakað á og reynt að hafa gaman af því. Við erum í rauninni ekki til og því engin ástæða til að vera hræddur eða reiður. It's just a ride! Góða helgi.



# HOLI

fimm rétta hátíðarmatseðill

5.990 kr. mán.-mið.

6.990 kr. fim.-sun.

## ❁ FORRÉTTUR ❁

### Kottayam Tiger Prawn

Snöggeldaðar risarækjur í kóríander, chillí, karrýlaufum og sinnepsfræjum

## ❁ ADALRÉTTIR ❁

### Boti Kebab

Lambafillet marínerað í kúmíni, engiferi og garam masala - grillað í Tandoori ofninum og

### Lasooni Murgh

Grillaðar kjúklingalundir, maríneraðar í hvítlauk, kúmíni og grænum chillí og

### Shahi Kurma

Blandað grænmeti, eldað í ríkulegri sósu með kanil, kardimommum og negul

## ❁ MEÐLÆTI ❁

Hvítlauks Naan-brauð  
Raitha jógurtsósa  
Basmati-hrísgrjón

## ❁ EFTIRRÉTTUR ❁

Kulfi - heimalagaður indverskur pistasúís með saffran



## HOLI-hátíð hjá Austur-Indíafjelaginu

Gleði, litir og dásamlegur matur

Um þessar mundir halda Indverjar hina litríku HOLI-hátíð. Austur-Indíafjlagið færir þér angan af gleðinni og litadýrðinni frá Indlandi fram í apríl með ríkulegum fimm rétta HOLI-hátíðarmatseðli á frábæru verði: **5.990 kr. mán.-mið.** og **6.990 kr. fim.-sun.**

Komdu og njóttu þess besta í indverskri matargerð.

Tryggðu þér sæti núna í s. 552 1630.

## AUSTUR-INDÍAFJELAGIÐ

INDIAN RESTAURANT

[www.austurindia.is](http://www.austurindia.is)

❁ **Borðapantanir: 552-1630** Hverfisgata 56 Opið: sun.-fim. 17:30 - 22:00 og fös.-lau. 17:30 - 23:00 ❁



# Burt með ofbeldið, inn með réttlætið

Í 105. sinn er nú haldið upp á alþjóðlegan baráttudag kvenna um heim allan. Í borginni Utrecht í Hollandi verður þess krafist að konur geti gengið óhultar um götur borgarinnar að nóttu sem degi. Í nokkrum löndum verður sýnd glæný heimildarmynd um stöðu kvenna í Indlandi en þar er gríðarlega mikið um nauðganir. Því miður setti indverska lögreglan lögbann á myndina af ötta við óeirðir en engir þurfa meira á því að halda en indverskir karlmenn að sjá hana miðað við algeng viðhorf til kvenna þar í landi. Í New York verður farin kröfuganga í samstarfi borgarinnar og UN Women þar sem áhersla verður lögð á 20 ára afmæli Pekingsáttmálans, ávinninga og áskoranir. Annarstaðar í heiminum verður áherslan á frið og öryggi enda er því miður afar ófriðlegt um að litast og miklar þjáningar sem konur og börn mega líða á flótta eða vergangi.

Hér á Íslandi verða fundir á Akureyri 8. mars um ofbeldi og börn og í Reykjavík verður fjallað um samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs á fundi í hádeginu 9. mars. Áherslurnar eru því misjafnar en að gefnu tilefni er ofbeldi gegn konum víða efst á baugi.

Árið 2015 verður mikið afmælisár hjá okkur Íslendingum. Eins og allir vita verða 100 ár liðin þann 19. júní frá því að Danakonungur undirritaði lög sem veittu fyrstu konunum hér á landi rétt

## JAFNRÉTTI



Kristín Ástgeirsdóttir framkvæmdastýra Jafnréttisstofu

til að kjósa til Alþingis, 40 ár verða liðin frá stofnun Kvennasögusafnsins sem og fyrsta kvennafrídegnum. Þá verða 35 ár liðin frá kjöri Vigdísar Finnbogadóttur, 20 ár frá því að jafnréttisákvæðið kom inn í stjórnarskrána og Jafnréttisstofa verður 15 ára. Þannig mætti áfram telja en sérstaklega vil ég minna á að þau merku samtök Stígamót verða 25 ára. Þau voru einmitt stofnuð 8. mars árið 1990 til stuðnings og samstöðu með brotapolum kynferðisofbeldis.

## Varpa ljósi á hryllinginn

Ég held að ég geti fullyrt að þegar Stígamót voru stofnuð grunaði fáa að kynferðisofbeldi gegn konum og stúlkum, hvað þá drengjum, væri jafn hræðilega útbreitt hér á landi og raun ber vitni. Fjöldi mála hefur komið upp á undanförmum árum sem varpa ljósi á hryllinginn. Þar má nefna sögu Thelmu og Bjargar, Breiðavíkurdrengina, alla karlmennina sem stígu fram þegar kynferðisbrotamaður var afhjúpaður, að ógleymdum ársskýrslum Stígamóta og Kvennaathvarfsins. Það starf sem Stígamót hafa unnið sem og systursamtök þeirra er gríðarlega mikilvægt. Það hefur gefið þolendum von og styrk til að takast á við lífið og styðja aðra í sömu stöðu. Það starf mun og verður að halda áfram með öflugum stuðningi ríkis og sveitarfélaga sem verða að axla sína ábyrgð á þessu samfélagsmeini og lýðheilsuvanda sem ofbeldið

→ Ég held að ég geti fullyrt að þegar Stígamót voru stofnuð grunaði fáa að kynferðisofbeldi gegn konum og stúlkum, hvað þá drengjum, væri jafn hræðilega útbreitt hér á landi og raun ber vitni.

er, ekki síst þarf að taka á innan heilbrigðiskerfisins.

## Jákvæð teikn

Það eru jákvæð teikn á lofti. Lögreglan er að endurskoða sín vinnubrögð og þar hefur lögreglan á Suðurnesjum verið í fararbroddi. Fulltrúar hennar hafa tekið þátt í námskeiðum á Akureyri og Eski-firði um aðgerðir til að draga úr heimilisofbeldi (ofbeldi í nánnum samböndum) til að hvetja lögregluna í öðrum umdæmum til umbóta. Börnin og líðan þeirra er í forgrunni þar sem við á. Samstarfs-samningar lögreglu og félagsþjónustu á Suðurnesjum, í Reykjavík og á Akureyri vekja vonir um betri tíma fyrir brotþola og aukna meðferð fyrir ofbeldismenn. Framundan eru námskeið víðar um land sem vonandi skila svipuðum árangri.

Á þessum 105. baráttudegi kvenna er vert að minna á að það eru kvennahreyfingar sem hafa dregið vagninn í áratugi þegar kemur að réttindum og stöðu kvenna, ekki síst í umræðu og aðgerðum gegn kynbundnu ofbeldi. Ofbeldið er þjóðarskömm sem veldur ómældum þjáningum og kostar samfélagið gríðarlegt fé. Burt með ofbeldið, inn með réttlæti og mannöryggi.

# Grafarholtið er umkringgt skriðdrekkum

Gott fólk. Reynið að ímynda ykkur hvernig börnunum okkar myndi líða ef hér brytist skyndilega út óskiljanleg grimmileg borgarastyrjöld. Grafarholtið væri umkringgt skriðdrekkum. Í Vesturbænum stæði hreinlega ekki steinn yfir steini. Allir íbúar Ísafjarðar hefðu hrakist á flótta.

Á Egilsstöðum væri barist hús úr hús. Á Hellu hefðust börnin við í húsarústum, klæðlital án matar, allir fullorðnir á brott.

Þessi sýn er skelfileg og við getum þakkað fyrir að hún verður ekki að veruleika. En í Sýrlandi er einmitt þetta veruleiki milljóna barna.

Og þótt Sýrland sé fjarri, þá eru öll þau börn sem búa við þessar aðstæður einnig börnin okkar.

Nú stendur yfir söfnunaráttak sem Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna, UNICEF á Íslandi, og Fatímusjóðurinn standa saman að. Þann sjóð stofnaði móðir mín, Jóhanna Kristjónsdóttir, fyrir áratug og hefur haldið úti af miklum myndarbrag með fleira góðu fólk. Ég vil eindregið hvetja fólk, nei, eggja fólk löggæjann að taka þátt í söfnuninni en henni er sérstaklega ætlað að hjálpa sýrslensku flóttabörnunum til þess sem líkist

## HJÁLPARSTARF



Illugi Jökulsson rithöfundur

→ Við horfum á fréttirnar af skelfingum líkt og í Sýrlandi og höldum að við hér getum ekkert gert. En við getum í rauninni ýmislegt gert.

eitthvað eðlilegu lífi með því að gera þeim kleift að ganga í skóla í flóttamannabúðunum þar sem þau hafast við.

Með því að senda sms-ið BARN í símanúmerið 1900 gefur þú 1.490 krónur sem duga fyrir pakka af skólagögnum fyrir sýrslenskt flóttabarn. Eða leggðu frjálst framlag inn á reikning Fatímusjóðsins: 0512-04-250461 kt. 680808-0580. Það er margt hægt að gera; í dag er til dæmis hægt að skreppa niður í Hörpu í Reykjavík og tefla snarpa skák við Hrafn bróður minn sem þar situr að maraþon-tafla og safnar í leiðinni framlögum. Þar eru líka til sölu ýmsar af vinsælum bókum móður minnar og fleira gott.

Já, þetta er mergurinn málsins. Við horfum á fréttirnar af skelfingum líkt og í Sýrlandi og höldum að við hér getum ekkert gert. En við getum í rauninni ýmislegt gert. Leggjum lið. Hjálpum börnunum okkar.

# Af efa

Það er svo sem engin frétt, en ég velti því reglu-lega fyrir mér hvort aðild að ESB henti íslenskum hagsmunum. Ég skrifaði meðal annars um það álítmál greinabálk sem birtist í þessu blaði árið 2012. Niðurstaða mín þá var að Ísland ætti áfram að stefna að aðild að ESB og er sú afstaða mín óbreytt. Fréttir gærdagsins byggðust á mistúlkun á orðum mínum, en náðu samt sem áður að valda ástæðulausum vanga-veltum um hvort Samfylkingin hefði breytt um stefnu. Því fer fjarri.

Það ætti ekki að vekja með fólk ótta eða óvissu að stjórnmalafólk efist. Efinn er nauðsynlegur. Frekar ætti að varast þá sem efast aldrei og endurskoða aldrei viðhorf sín og stefnu. Blind trú á töfralausnir hefur ekki reynst Íslendingum vel.

Aðild að ESB er ekki trúaratriði, heldur praktísk nauðsyn út frá köldu mati á íslenskum hagsmunum. Hagsmunir geta breyst frá einum tíma til annars og ESB er í stöðugri þróun og ekkert óeðlilegt að leggja reglulega mat á hana. Aðild að ESB er nefnilega ekki markmið í sjálfri sér, heldur leið til að tryggja betur kjör almennings og öflugra atvinnulíf.

## EVROPUMÁL



Árni Páll Arnason formaður Samfylkingarinnar

→ Aðild að ESB er ekki trúaratriði, heldur praktísk nauðsyn út frá köldu mati á íslenskum hagsmunum. Hagsmunir geta breyst frá einum tíma til annars og ESB er í stöðugri þróun og ekkert óeðlilegt að leggja reglulega mat á hana.

Evrópusamruninn hefur skapað Íslandi gríðarlegan ávinning frá því að við urðum aðilar að EES. En veikleikar krónunnar hafa kallað yfir okkur verra fjármálaáfall en ella og læst okkur í viðjum gjaldeyrishafta. Fólk flýr land í vaxandi mæli og þeir sem fóru strax eftir hrun koma ekki heim. Fyrirtækin flýja land og þekkingarfyrirtæki vaxa í útlöndum.

ESB glímir nú við ýmis flókin úrlausnarefni í kjölfar fjármálakreppu. Það gerum við líka. Samfylkingin vill halda í ávinninginn af Evrópusamrunanum og treysta hann í sessi með aðild að ESB. Ég á ekki von á öðru en að Samfylkingin ítreki þá afstöðu sína á Landsfundi 20.-21. mars nk.



## Capacent Ráðningar

Okkar markmið er að leiða saman einstaklinga og fyrirtæki svo úr verði árangursríkt og metnaðarfullt samstarf.

Við leggjum því ríka áherslu á að kynna vel þörfum viðskiptavina okkar og umsækjenda. Við búum yfir sérfræðipækningu í ráðningum í opinberar stöður sem og í einkageirann auk þess sem boðið er upp á stjórnendaleit og ráðgjöf í tengslum við starfslok.

Umsækjendur og atvinnurekendur

- kynnið ykkur þjónustuna á [www.capacent.is](http://www.capacent.is)

capacent

LIND FASTEIGNASALA / 510 7900 Hlíðasmári 6 / 201 Kópavogur / [www.FASTLIND.is](http://www.FASTLIND.is)

OPID HÚS > 7. mars 15:00 - 15:30 og 8. mars 15:00-15:30



## Þórrasalir 17 201 KÓPAVOGUR

STÆRÐ: 85-124 FM FJÖLBÝLI HERB: 3-4

Vandaðar íbúðir í klasahúsi með sérinnngangi. Einstakt útivistarsvæði, nálægð og útsýni yfir gólfvöll GKG, stórir gluggar í alrymum til að njóta stórbrotins útsýnis yfir Heiðmörk, stutt í verslun, skóla, sundlaug og aðra þjónustu. Bilastæði í bílageymslu fylgir (ekki íb. 207/210) ásamt rúmgóðri geymslu.

VERÐDÆMI  
87,6 fm 3 herb. V. 31,9M  
102 fm 3 herb. V. 35,9M  
124,1 fm 4 herb V. 39,9M  
13 íbúðir eftir

SÖLUSÝNINGAR:  
LAUGARDAGINN 7. mars kl. 15:00-15:30  
SUNNUDAGINN 8. mars kl. 15:00-15:30



Heyrumst  
Hannes Steindórsson  
Löggiltur fasteignasali  
Sölustjóri  
> 699 5008  
> [hannes@fastlind.is](mailto:hannes@fastlind.is)



Heyrumst  
Stefán Jarl Martin  
Löggiltur leigumiðlari  
Sölufulltrúi  
> 892 9966  
> [stefan@fastlind.is](mailto:stefan@fastlind.is)

Uppspretta ánægjulegra viðskipta

# BETRA VERÐ!

## BESTU KAUP VIKUNNAR Í HÚSASMÍÐJUNNI

 **Electrolux**

HÚSASMÍÐJAN ER SÖLU- OG ÞJÓNUSTUAFILI  
ELECTROLUX Á ÍSLANDI



**69.900 kr**

FRÁBÆRT VERÐ

 **5 ÁRA**  
**ÁBYRÐ**  
30 DAGA  
SKILARETTUR

**Purrrkari EDC1072LDW**  
7kg,  
1805568



**69.900 kr**

FULLT VERÐ: 75.690

 **5 ÁRA**  
**ÁBYRÐ**  
30 DAGA  
SKILARETTUR

**Þvottavél EWP 1274TDW**  
7 kg, 1200 snúninga  
1808864



**72.990 kr**

FRÁBÆRT VERÐ

 **5 ÁRA**  
**ÁBYRÐ**  
30 DAGA  
SKILARETTUR

**Uppþvottavél ES 55201LOX**  
Orkunýting A+, Purrrkæfni A, Þvottakæfni A  
Hljóðstyrkur 49 dB  
1808977

### **BLACK&DECKER** TILBOÐSDAGAR

**Juðari KA300**  
135W - 93MM flötur  
5245364



**5.495 kr**

FULLT VERÐ: 7.900



**Slípirokkur CD115**  
5245378

**5.995 kr**

FULLT VERÐ: 7.900

**Hleðsluborvél högg**  
**ASL188KB**  
18V, 1.3 Ah  
2 LI-ION rafhlöður  
5245557



**19.995 kr**

FULLT VERÐ: 28.659

**Hleðsluborvél**  
**EPC14CAB**  
14.4V - 2rafhlöður  
5246006



**12.495 kr**

FULLT VERÐ: 16.792

### UPPHENGT KLÓSETT MEÐ ÖLLU!



**46.995 kr**

FRÁBÆRT VERÐ

**Innbyggt sett**  
Innbyggt sett á frábæru verði.  
Allt innifalið: skál, kassi, seta og skolnappur.  
8078416

### ÚTIVISTARFATNAÐUR 30-70% AFSLÁTTUR



**7.995 kr**

FULLT VERÐ: 15.999

**Gæsadúnúpa True North**  
5872413



**3.945 kr**

GEGGJAF VERÐ!

**Impra veggmalning 10 ltr**  
Mött veggmalning, Gljástig 5, litur hvítur  
7119964



**HÚSASMÍÐJAN**

HLUTI AF BYGMA

**2.690 kr/m<sup>2</sup>**

**Harðparket Eurohome Nature**  
Dökkur eikarplanki - liflegt útlit

**Fasaður hringinn**  
Borðastærð 1.285 x 182 mm, 8 mm þykkt  
15 ára ábyrgð  
Slíþolsflokkur 32/AC4  
147110

15

5G  
smella

# HELGIN

**Hrafn Jónsson, kvikmyndagerðar-  
maður og skíðakappi**

**Skíðabrunn og eiginhandar-  
áritanir**

Í dag ætla ég að njóta höfuðstaðar norðursins þar sem ég mun þjóta niður brekkurnar. Í kvöld ætla ég svo að gæða mér á góðgæti á Greifanum og reyna að fá eiginhandaráritun hjá einhverjum starfsmanni Plain Vanilla en þeir eru víst á svæðinu samkvæmt slúðurpressunni.



**Atli Þór Albertsson, leikari og  
veislustjóri**

**Veislustjórnum**

Ég ætla aðallega að veislustjórast. Ég mun sjá um árshátíðir bæði í kvöld og á morgun. Lítið pláss fyrir annað þar sem mér finnst gott að stúdera fólkið sem verður á svæðinu samdægurs og hafa upplýsingarnar alveg á tungu-broddinum þegar þar að kemur.



**Hödd Vilhjámsdóttir, almanna-  
tengill á Kvis**

**Fjölskylduhelgi**

Ég ætla að gera allt það skemmtilega sem mér dettur í hug til að njóta með manni og dætrum. Fer á æfingu í Laugum og þykist taka þvílíkt á því. Svo er það bara rólóinn, sundlaugarnar, spilastokkurinn, sófinn heima og margt fleira.



**Anna Sigrún Baldursdóttir, aðstoðar-  
maður forstjóra Landspítalans**

**Bland í poka**

Ég ætla á lúðrasveitartónleika hjá yngri dótturinni og samkvæmt appinu mínu er 18 kílómetra hlaup á dagskránni. Í kvöld verður Góugleði ofurkvennakórsins Hrynjanda og á morgun tek ég á móti eldri dóttur minni sem er að koma úr ferðalagi.

## FARÐU HLUSTAÐU LESTU HORFÐU...



**Á REYKJAVÍK FOLK FESTI-  
VAL** á Kexi sem feðgarnir  
Helgi Pétursson og Snorri  
Helgason standa að.



**Á NÝJA PLÖTU RAFSVEIT-  
ARINNAR HALLELUWAH,**  
sem skipuð er Raket Mjöll  
Leifsdóttir og Sólva Blöndal.



**BONITA AVENUE**, ágenga  
fjölskyldusögu sem hefur  
hlotið einstæðar viðtökur  
lesenda.



**Á WHAT WE DO IN THE  
SHADOWS**, leikna heimildar-  
mynd um hversdagslíf fjögurra  
vampíra sem synd er í Bíó Paradís.

### LOKREKKJAN

Lokrekkan kostaði  
sjö milljónir króna og  
ekki furða þar sem  
mublan er algjört  
listaverk, öll útskorin  
og segja myndirnar  
heilu sögurnar.



## Býður heim í kínverskt te

**Unnur Guðjónsdóttir** rekur Kínasafn í gömlu hesthúsi í bakgarðinum en heimilið er líka eins og safn.

**Erla Björg Gunnarsdóttir**  
erlabjorg@frettabladid.is

**U**nnur rekur ferðaskrifstofuna Kínaklúbbur Unnar og fer sjálf sem fararstjóri á hverju ári til Kína. Hún býr á Njálsgötu í húsi sem er yfirfullt af kínverskum munum og húsgögnum. Nú hefur hún opnað safn í bakhúsi á lóðinni. Safnið var opnað um síðustu helgi og verður opið framvegis um helgar.

„Síðast var mér ekki búið að detta í hug að bjóða fólki heim, en svo hugsaði ég með mér að heimili mitt væri eins og framhald af safninu enda fullt af kínverskum munum. Svo býð ég upp á ekta kínverskt te sem ég kaupí í lausavigt í Kína og að sjálfsgöðu er það drukkíð úr ekta kínversku postulíni.“

Unnur fer í tvær ferðir til Kína með hópa á þessu ári. Hún segir Íslendinga mjög áhugasama um landið. „Margir fara tvisvar, nokkrir hafa farið þrisvar og einn hefur farið fjórum sinnum. Með ferðunum í ár hef ég skipulagt 37 ferðir til Kína á síðustu 23 árum,“ segir Unnur og svarar spurningunni hvort hún fái aldrei nóg af Kína neitandi og bætir við: „Þegar maður fer að þekkja og kunna á eitthvað þá getur maður fyrst farið að draga eigin ályktanir og það er algjört kikk.“

Á ferðum sínum hefur Unnur sankað að sér fallegum kínverskum munum og þegar um stærri hluti er að ræða lætur hún senda sér þá, til að mynda lokrekkan sem er aðeins of stór til að komast í ferðatöskuna. „Lokrekkan er eins og herbergi inni í herbergi. Hún kostaði sjö milljónir króna með sendingarkostnaði. Fólk svaf í þessum rekkjum og sat í þeim á daginn, með sérsniðin borð og drakk te.“

Hugmyndina að Kínasafninu fékk hún eftir að hafa keypt tvö lítil hús í bakgarðinum. „Annað húsið var ónýtt, ég lét rífa það og er að byggja nýtt sem ég ætla að leigja út. Hitt var gamalt hesthús, eingöngu með útveggjum og því tilvalið sýningarhús. Fólk var alltaf að segja að heimili mitt væri eins og safn. Þannig að ég flutti bara fullt af dóti af heimilinu yfir í hesthúsið og opnaði safn. Í sannleika sagt sér ekki högg á vatni hér heima. Ég var hreinlega með alltof mikið í íbúðinni,“ segir Unnur hlæjandi að lokum.

**Kínasafn Unnar er opið  
laugardaga og sunnudaga  
kl. 14.00-16.00, að Njálsgötu 33a. Eftir lokun  
safnsins er safngestum  
boðið að skoða heimili  
Unnar að Njálsgötu 33.**

### SJALDGÆFIR STÓLAR

Unnur á tvo svona stóla og segir þá afar sjaldgæfa. „Ég hef hvernig séð þá nema á Victoria Albert-safninu í London.“



**“Fólk  
var alltaf að  
segja að  
heimili mitt  
væri eins og  
safn. Þannig  
að ég flutti  
bara fullt af  
dóti af  
heimilinu  
yfir í  
hesthúsið og  
opnaði safn.**

**TEBAUKUR** Unnur  
geymir telfurin  
góðu í þessum  
fallega bauk.



Zero Emission



Innovation  
that excites

# NÚNA ER TÆKIFÆRIÐ NISSAN LEAF Á 3.990.000 KR.

**INNIFALIÐ**  
6,6 KW HLEÐSLUBÚNAÐUR

- TIL AFGREIÐSLU STRAX
- TÖKUM NOTAÐA BÍLA UPPÍ



**NISSAN LEAF 100% RAFBÍLL**  
**VISIA 3.990.000 KR. ACENTA 4.190.000 KR. TEKNA 4.490.000 KR.**

Allir Nissan Leaf eru búnir: 6,6 kW hleðslubúnaði sem tvöfaldar hleðsluhraða í heimhleðslustöðvum, tímastilltum forhitara sem hitar bílinn upp áður en þú leggur af stað, bakkmyndavél, upphituðu stýri og sætum, handfrjálsum símabúnaði og ESP skriðvörn. Nánari upplýsingar um búnað eru á [www.nissan.is](http://www.nissan.is)

GE bílar  
Reykjanesbæ  
[www.bilahusid.is](http://www.bilahusid.is)  
420 0400

Bílasalan Bílás  
Akranesi  
[www.bilas.is](http://www.bilas.is)  
431 2622

Bílasala Akureyrar  
Akureyri  
[www.bilak.is](http://www.bilak.is)  
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands  
Egilsstöðum  
[www.bva.is](http://www.bva.is)  
470 5070

IB ehf.  
Selfossi  
[www.ib.is](http://www.ib.is)  
480 8080

BL ehf  
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík  
525 8000 / [www.bl.is](http://www.bl.is)

**BL**

LA Z BOY®

# TAXFREE

ALLIR LA-Z-BOY STÓLAR OG LA-Z-BOY SÓFAR Á TAXFREE TILBOÐI\*

\*TAXFREE TILBOÐIÐ GILDIR BARA Á LA-Z-BOY STÓLUM OG LA-Z-BOY SÓFUM OG JAFNGILDIR 19,35% AFSLÆTTI. Að sjálfstöðu fær ríkissjóður virðisaukaskatt af söluverði. Afslátturinn er alfarið á kostnað Húsgagnahallarinnar.



AÐEINS KRÓNUR  
**72.573**

FULLT VERÐ:  
89.990

TAX  
FREE

**NORA** La-z-boy stóll.  
Grátt og brúnt slitsterkt áklæði.  
Stærð: B:78 D:85 H:101 cm.



AÐEINS KRÓNUR  
**72.573**

FULLT VERÐ:  
89.990

TAX  
FREE

**ANDERSON** La-z-boy stóll.  
Slitsterkt dökkgrátt, brúnt og natur áklæði.  
Stærð: B:82 D:80 H:100 cm.



AÐEINS KRÓNUR  
**96.766**

FULLT VERÐ:  
119.990

TAX  
FREE

**CORONA** La-z-boy stóll.  
Sand og brúnt slitsterkt áklæði.  
Stærð: B:80 D:80 H:100 cm.



AÐEINS KRÓNUR  
**137.089**

FULLT VERÐ:  
169.990

TAX  
FREE

**NORMAN** La-z-boy stóll.  
Svart og brúnt leður og viðararmar.  
Stærð: B:96 D:100 H:107 cm.



AÐEINS KRÓNUR  
**153.218**

FULLT VERÐ:  
189.990

TAX  
FREE

**PINNACLE** La-z-boy stóll.  
Svart og brúnt leður.  
Stærð: B:80 D:85 H:104 cm.




AÐEINS KRÓNUR  
**153.218**

FULLT VERÐ:  
189.990

TAX  
FREE

**DREAMTIME** La-z-boy stóll.  
Brúnt, svart og vínrátt leður.  
Stærð: B:94 D:95 H:100 cm.



2JA SÆTA  
AÐEINS KRÓNUR  
**169.347**

FULLT VERÐ:  
209.990

TAX  
FREE

3JA SÆTA  
AÐEINS KRÓNUR  
**241.927**

FULLT VERÐ:  
299.990

TAX  
FREE

**RIALTO** sjónvarpssófi.  
Dökk- og ljósgrátt slitsterkt áklæði. Stærð: 3ja sæta  
B:205 D:90 H:105 cm. 2ja sæta B:152 D:90 H:105 cm

LA Z BOY  
GLÆSILEGUR  
**300 FM**  
SÝNINGARSALUR Í  
HÚSGAGNAHÖLLINI  
REYKJAVÍK



2JA SÆTA  
AÐEINS KRÓNUR  
**362.895**

FULLT VERÐ:  
449.990

TAX  
FREE

3JA SÆTA  
AÐEINS KRÓNUR  
**443.540**

FULLT VERÐ:  
549.990

TAX  
FREE

**STELLA** Rafdrifinn La-z-boy sófi. Svart og brúnt ekta leður  
Stærð: 3ja sæta B:215 D:98 H:104 cm. 2ja sæta B:158 D:98 H:104 cm.

RAF-  
KNÚINN

HELGAR

# TILBOÐIN

## CLEVELAND – TUNGUSÓFI



Stærð: 231 x 140 H 81 cm. Höfðupúðar seldir sér.  
Hægri eða vinsti tunga. Dökk- eða ljósgrátt slitsterkt áklæði.

**104.990**

FULLTVERÐ: 119.990

## OREGON – HORNSÓFI MEÐ TUNGU



Stærð: 305 x 240 H 85 cm.  
Höfðupúðar seldir sér.  
Hægri eða vinsti tunga. Dökkgrátt slitsterkt áklæði.

**265.990**

FULLTVERÐ: 379.990

OREGON  
**30%**  
AFSLÁTTUR

KENIA hægindastóll.  
Grábrúnt slitsterkt áklæði



KENIA  
**33%**  
AFSLÁTTUR

**39.990**

FULLTVERÐ: 59.990



HAVANA – HÆGINDASTÓLAR  
Slitsterkt áklæði í mörgum litum.  
Einnig fáanlegir í  
svörtu og hvítu leðri

**64.990**

FULLTVERÐ: 79.990

HOT  
**30%**  
AFSLÁTTUR

HOT barstóll  
Svart og hvítt  
PU-leður

**13.990**

FULLTVERÐ: 19.990

ANDREW  
**30%**  
AFSLÁTTUR



Svart,  
hvítt  
og brúnt leður.

**13.990**

FULLTVERÐ: 19.990

ROLAND  
**179.990**

FULLTVERÐ: 239.990


Vandaður lyfti-  
stóll úr leðri.  
Stærð: 83x75  
H: 113 cm.

Einnig til í svörtu  
áklæði á kr. 199.990  
**Tilboð 149.990**



LYFTI-  
STÓLL

## ÖLL LJÓS Á TILBOÐI



ÖLL LJÓS  
**30%**  
AFSLÁTTUR



**HÚSGAGNAHÖLLIN**

REYKJAVÍK | AKUREYRI

Verð og vönuþýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur.



**SAMVINNA** Kristín og Sigurður að störfum í leikhúsinu. Ef okkur kæmi ekki saman þá væri þetta skelfilegt.“ Segir Kristín um samstarfið við eiginmanninn.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# ÉG DANSA VIÐ LYFIN MEÐ JÓNAS Í HÖND

Hjónin **Sigurður Pálsson** og **Kristín Jóhannesdóttir** setja upp Segulsvið í Þjóðleikhúsinu, nýtt verk eftir Sigurð sem tekst á við krabbameinsmeðferð með myndlíkingu að vopni, ljóð Jónasar í hönd og Kristínu sér við hlið.

„Það skilar engu að hlaupa eftir vegasaltinu endanna á milli og sporðreisast. Maður finnur aldrei hið fullkomna jafnvægi en málið er að leita – að fikra sig í báðar áttir og þegar farvegurinn er í lagi getur maður látið nánast hvað sem er flæða.“

Kristín

„Ég á því láni að fagna að verða ekki fyrir samskonar áfalli og Unnur, aðalpersóna Segulsviðs, en þetta er ekki síður alvarlegt.“

Sigurður

#### BONNIE & CLYDE

„Parna erum við eins og Bonnie & Clyde,“ segir Sigurður um þessa mynd sem er tekin í París í apríl 1979.



Magnús Guðmundsson  
magnus@frettabladid.is



Það er bjart yfir þeim hjónum Sigurði og Kristínu þar sem þau sitja í leikstjóraherbergi Þjóðleikhússins. Á milli þeirra ást og virðing þar sem engra orða er þörf. Þau Kristín og Sigurður búa yfir ómótstæðilegri blöndu af ljúfmennsku og sköpunarkrafti sem nýtist þeim vel þessi dagirnir.

Kristín vinnur að uppfærslu á Segulsviði, nýju leikverki eftir Sigurð, á fjöllum Kassans í Þjóðleikhúsinu og hann er henni til halds og trausts. En Sigurður hefur í vetur tekist á við krabbameinsmeðferð með Kristínu sér við hlið, myndlíkingu að vopni og ljóð Jónasar í hönd. En fyrst af öllu hugum við að leikhúsinu því eins og þau benda á þá er listin oft svo langt á undan lífinu.

#### Að missa aðdráttaraflíð

Sigurður segir upphafspunkt Segulsviðs liggja í draumi sem hann dreymdi í þriggja fyrir tíu til tólf árum. „Mig dreymdi unga konu sem situr á dyraþrepi við hornið á Vatnsstíg og Laugavegi. Hún reynir að grípa í vegfarendur en það forðast hana allir – hún hefur misst aðdráttarafl sitt og reynir því að tala við vinkonur sínar Rigninguna og Nóttina, þær einu sem nenna að hlusta á hana. Tilfinningin fyrir þessari konu varð svo sterk að ég neyddist til að fá botn í það af hverju hún væri í þessum kringumstæðum. Það er upphafið að þessu verki sem er í raun heilunarferli aðalpersónunnar.“

Segulsvið segir frá ungrri konu sem hefur orðið fyrir því áfalli að missa eiginmann sinn sem drap sig úr dagnaði eftir að hafa notið gríðarlegrar velgengni. Ungu konan gengur út úr erfidrykkjunni og áttar sig á að hún hefur ekkert aðdráttarafl lengur. Reikar svefnlaus um borgina og nýtur

stuðnings tveggja kvenna, Rigningarinnar og Næturinnar.

„Hún þróast hjá Nóttinni og Rigningunni, konunum sem heila hana,“ tekur Kristín við og það er erfitt að verjast þeirri hugsun hversu sterk bönd sköpunarkrafts liggja á milli þeirra hjóna og Kristín heldur áfram: „Nóttin hefur sporgöngu um heilun ungu konunnar. Nóttin er náttúruafl og höfuðskepna í höfundarverki Sigurðar alveg frá upphafi.“

#### Málið er að leita

Sigurði eru hugleikin tvískiptingindagur – nótt sem er hin sama og prósi – ljóð, rök og tilfinningar. „Segulsvið er líka verk um jafnvægi. Við á Vesturlöndum lifum með ofuráherslu á dagsformið – rökin og ég hef ekkert á móti því en ég vil bara að vegasalti sé í lagi. Ef við værum bara með nóttina og allt þetta tilfinningatengda þá værum við eins og hipparnir hérna í gamla daga; á morgun ætlum við að gera hlutina.“

Kristín bætir við að þetta sé jafnvægiskunst. „Það skilar engu að hlaupa eftir vegasaltinu endanna á milli og sporðreisast. Maður finnur aldrei hið fullkomna jafnvægi en málið er að leita – að fikra sig í báðar áttir og þegar farvegurinn er í lagi getur maður látið nánast hvað sem er flæða.“

#### Gagnkvæm virðing og traust

Kristín og Sigurður eru samhent og þeim fellur vel samvinnan í leikhúsinu. Kristín segist ekki geta ímyndað sér betri höfund að vinna með vegna þess að Sigurður skilur leikhúsið – nærveru og fjarveru þegar sviðsetningin tekur við. Sigurður bendir á að þetta hafi verið mikilvægur þáttur í hans menntun í leikhúsfræðum við Sorbonne. „Leikritahöfundur skrifar og er ábyrgur fyrir listaverkinu leikrit en uppfærsla leikrits er annað og sjálfstætt listaverk og þar er ábyrgðaraðilinn leikstjórinn. Sýningin verður að hafa sitt sjálfstæði og leikstjóri að fá svigrúm til þess að bera ábyrgð á sínu listaverki.“

Kristín: „Ef okkur kæmi ekki ▶



# Heitir dagar

## Fyrir heimilin í landinu

Stílfögur eldhústæki frá **AEG**  
sem gera gott eldhús betra

20% afsláttur af öllum **AEG** ofnum

BE2000001-M



2 LÍNAN

Fjölkerfa blástursofn án rafeindaklukku. Er sérstaklega einfaldur í notkun og allri umgengni. Litur: Stál  
Íslensk notendahandbók.

BE3002401-M



3 LÍNAN

Fjölkerfa blástursofn sem er sérstaklega einfaldur í notkun og allri umgengni. Einnig fánlegur með innbyggðum kjöthitamæli. Litir: Stál og hvítur.  
Íslensk notendahandbók.

BE5304401-M



5 LÍNAN

Fjölkerfa blástursofn með innbyggðum kjöthitamæli og hraðhitakerfi. Sérstaklega þægilegur í notkun og allri umgengni. Einnig fánlegur með sjálfhreinsibúnaði. Litir: Stál, hvítur og svartur.  
Íslensk notendahandbók.

BS8314401-M



8 LÍNAN

Fjölkerfa blástursofn með innbyggðum kjöthitamæli, hjálparkokki með sjálfvirkum uppskriftum og sjálfhreinsikerfi. Einnig fánlegur sem gufuofn. Litur: Stál.  
Íslensk notendahandbók.

HK634000XB



SÉRTILBOÐ

SÉRTILBOÐ

á þessu vinsæla 57 cm helluborði með stálkanti.

Verð áður kr. 89.900

Verð nú kr. 69.900

Airforce

AEG



Eyjuháfar · Veggháfar · Viftur

20-30% afsláttur

20% afsláttur af öllum **AEG** helluborðum

ormsson.is



OPIÐ VIRKA DAGA  
KL. 10-18 OG  
LAUGARDAGA  
KL. 11-15

ORMSSON

Lágmúla 8 • Sími 530 2800

0%

VEXTIR

Vaxtalausar  
raðgreiðslur  
í 12 mánuði.  
3,5% lántökugjald.

ORMSSON  
KEFLAVÍK  
SÍMI 421 1535

ORMSSON  
PRISTUR-ÍSAFIRÐI  
SÍMI 456 4751

KS  
SAUÐÁRKRÓKI  
SÍMI 455 4500

SR BYGG  
SIGLUFIRÐI  
SÍMI 467 1559

ORMSSON  
AKUREYRI  
SÍMI 461 5000

ORMSSON  
HÚSAVÍK  
SÍMI 464 1515

ORMSSON  
VÍK - EGILSSTÖÐUM  
SÍMI 4712038

ORMSSON  
PAN-NESKAUPSSTAÐ  
SÍMI 477 1900

ORMSSON  
ÁRVIRKINN-SELFOSSI  
SÍMI 480 1160

GEISLI  
VESTMANNAEYJUM  
SÍMI 481 3333

OMNIS  
BORGARNESI  
SÍMI 444 9912

## ÚR MYNDAALBÚMI HJÓNANNA LÍF, STARF OG FERÐALÖG



SEXTUGUR Kristín og Sigurður í París á sextugsafmæli skáldsins.




FARARSTJÓRAR Kristín og Sigurður tóku að sér fararstjórn í Marokkó árið 1978.



AFMÆLISGJÖF Sigurður fékk þetta forlata reynitré í fertugsafmælisgjöf og er þarna ásamt Jóhanni Páli syni þeirra hjóna.



SAMAN Í RÓM Kristín og Sigurður við Trevi-brunninn í Róm.



Í LYFJAMEDFERÐ Sigurður hefur alltaf í hendinni þínulítla útgáfu af ljóðum Jónasar Hallgrímssonar frá 1903 sem hann fékk á afmæli sínu frá foreldrum sínum rétt eftir fermingu.

► saman þá væri þetta skelfilegt. En ég virði og treysti því verki sem hann hefur skrifað og við megum bæði koma með tilögur hvort til annars – hann er til staðar þegar ég bið hann um það og hann kann að sleppa. Þetta er fimmta leikritið eftir Sigurði sem ég stjórna en vissulega ræðum við alltaf mikið um listir og veltum vöngum – finnum fleti á sköpun.“

### Hvort tveggja ferðalag

Við erum komin að veikindum Sigurðar sem gefur sér góðan tíma og leggur áherslu á að hann sé ekki og verði aldrei fórnarlamb. Skapandi hugsun og glettni eru áfram innan seilingar enda lítur Sigurður svo á að Segulsvíð og veikindin séu hvort tveggja ferðalag.

„Ég á því láni að fagna að verða ekki fyrir sams konar áfalli og Unnur, aðalpersóna Segulsvíðs, en þetta er ekki síður alvarlegt. Síðla síðasta sumars var ég greindur með krabbamein, svokallaðan asbest-krabba. Hann er mjög sjaldgæfur og orsökinn bara ein – nán söknir á rannsóknir og hálfmánu-áðar lyfjameðferð á þriggja vikna fresti. Sat í Lazy-boy og það lak í æð klukkutímum saman.“

„En það drepur,“ skýtur Kristín inn í en Sigurður heldur ótraudur áfram: „Asbest-krabbi fer í dvala áratugum saman – enginn veit af hverju og enginn veit af hverju hann vaknar. Þetta er eingöngu í brjósthimnunni. Ég var farinn að mæðast því hægra lunguð starfði aðeins 50% svo ég fór í rannsóknir á rannsóknir ofan og þetta var niðurstaðan. Það er ekki hægt að skera eða hitta með geislum því hann er dreifður um himnuna – þannig að það eru lyf sem er beitt á hann til þess að halda aftur af honum því þetta er ólæknandi. Þannig að í haust og fram yfir áramót fór ég í fjögurra og hálfmánu-áðar lyfjameðferð á þriggja vikna fresti. Sat í Lazy-boy og það lak í æð klukkutímum saman.“

### Ekki hlusta á hryllingssögurnar

Sigurður er mjög ánægður með krabbameinlækni sinn og allt

það fólk sem hann hefur þurft að hitta og kynna. Auk þess sem hann telur allt utanumhald vera mjög þægilegt og skilvirkt. „En ég hjó eftir einu,“ segir Sigurður og hér er greinilega á ferðinni eitthvað sem vakti athygli skáldsins: „Að krabbameinlæknirinn lagði mjög mikla áherslu á andlegu hliðina. Það kom mér soldið á óvart af því að okkur finnst eins og læknar vilji ekki svona nálgun. Alls ekki. En andleg innstilling er lykilatriði – t.d. gagnvart lyfjunum. Það eru aukaverkanir af þessu – þetta eru sterk lyf, sagði læknirinn mér hreint út og bætti við með áherslu: Ekki hlusta á hryllingssögurnar um aukaverkanir. Þú munt heyra þær – og hversu rétt var það ekki. Maður var meðal konungja og sagði þessar fréttir. Von bráðar fóru að koma þessar sögur um frænku konunnar og hitt og þetta.“

Þá fór ég að hugsa um viðhorf mitt til lyfjanna og það var einfaldlega: Að ég ætlaði að ganga í lið með lyfjunum og ég ætlaði þeim að ganga í lið með mér. Það sem ég gæti gert með minni innstillingu ætlaði ég að reyna að gera.“

### Ég dansa við lyfin

Nú tók hugur skáldsins til starfa af fullum krafti og Sigurður þekkir sjálfan sig, eðli sitt og styrkleika. „Ég er þannig samansettur að ég skil aldrei hluti til fulls fyrr en þeir eru komnir í myndlíkingu. Til þess að ná tökum á lyfjameðferðinni sem beið mín skapaði ég því eftirfarandi myndlíkingu: Ég sá fyrir mér dansleik og þú kemur í anddyrið og færð úthlutað dansfélaga. Dansfélaginn sem mér er úthlutað eru lyfin og þessi dansfélagi kann að vera með stæla og kannski sparka í mig í miðjum dansi sem er líking fyrir aukaverkanirnar. Og ég ákvað að ég mundi ekki hlaupa út af dansgólfinu eða fela mig heldur bara halda áfram að dansa við þennan dansfélagi og sinna spörkunum ekkert. Síðan kom lokaparturinn í myndlíkingunni sem ég er eiginlega ánægðastur með – að einbeita sér að því að hlusta á tónlistina sem hljómsveitin er að spila sem er lífið.“

Þá var ég loksins búinn að koma mér niður á fast með mitt viðhorf til lyfjagjafarinnar. Ég var farinn að skilja þetta algjörlega af því að það var komin myndlíking.

### Myndlíking sem þerapía

Ég hef alltaf haft ofurtrú á myndlíkingum, kannski bara vegna þess að ég skil ekki nokkurn skapaðan hlut djúpum skilningi án myndlíkingar. Það er alltaf komið fram við þetta eins og þetta sé skraut eða óþarfi. Fyrir mér er myndlíking þekkingartæki. Af því að þannig kemst ég til skilnings á smáum stórum í veröldinni eins og í þessu tilviki hvernig ég á að bregðast við ansi sterkum lyfjum sem ég mun verða á næstu mánuði.

Það sem mig grunaði nú eiginlega ekki er að myndlíking skuli hafa praktískt og þerapískt gildi sem meðferðaraðilar vilja nýta. Ég er kominn í vangaveltur með heilbrigðisstarfsfólki sem vill gera eitthvað með þetta. Myndlíkingar sem þerapískt tæki. Það sem þeim þótti merkilegt var að það er búið að mynda farveg fyrir hugann og þess vegna þóir maður meira. Ég er ekkert alltaf að muna mína myndlíkingu en hún er komin til starfa innra með mér. Svo lenti ég í einhverjum uppkomum með aukaverkanir og þá er ég bara í augnablikinu að berjast eins og fiskur í neti, en undir niðri liggur myndlíkingin og hjálpar mér af því að ég er búinn að ákveða að hlaupa ekki af dansgólfinu. Ég held áfram að dansa við geggjáðan danspartner og gæti þess að gleyma ekki að hlusta á tónlistina sem hljómsveitin er að spila. Og ég man eftir lífsþorstanum.“

### Jónas og jólasveininn

Kristín hefur setið þögn hjá með hlýrri nærveru sem fyllir herbergið. Það kemur dálítill þögn sem hún rýfur mjúklega. „Það er eitt sem mér finnst líka vera mjög mikilvægt í þessu. Nú sit ég alltaf hjá honum og hann hefur í hvert einasta skipti í þessari lyfjainngjöf setið með aðra höndina tengda við snúrur og lyfjapoka. En í hinni hendinni hefur hann alltaf haldið á Jónasi Hallgrímssyni. Þínulítilli útgáfu frá 1903.“ „Ritröðin Bragi númer fjögur,“ skýtur Sigurður inn í brosandir og uppnúnn yfir bókinni en Kristín heldur rólega áfram: „Hún er svo smá að hún passar í lófa og hún passar algjörlega í þessum kringumstæðum. Þú getur lesið alla bókina í hvert skipti.“

Hugur Sigurðar er hjá bókinni. „Ég fékk þessa bók frá for-

eldrum mínum á afmælinu mínu eftir ferminguna. Ég fermdist um vorið og á afmæli í lok júlí. Þetta var 1962 og um haustið kom ég til Reykjavíkur í skóla – byrjun á Táningsbók.“

Hugur Kristínar er hjá Sigurði við lyfjagjöfina. „Jónas var þarna að róa okkur og umvefja með sínum myndlíkingum og snilld. Ég segi það bara, það er lækningarmáttur í ljóðlist snillinga – því Jónas er snillingur. Svo var það rétt fyrir jólin að Sigurður fékk snert af lungnabólgu og var sendur í röntgen. Myndin kom upp og við fengum að sjá hana. Það fyrsta sem ég rak augun í var í hægra lunganu sem þessi ófreskja var búin að fylla og var á leið yfir í vinstra brjóstholið þegar verst var. En nú var einhvern veginn allt orðið miklu skýrara og í lunganu var mynd af manni með skeggkraga og ég sá ekki betur en það væri Jónas Hallgrímsson en læknahefingin var nú heldur betur á því að þetta væri jólasveinn.“ Þau hlæja bæði datt og svo bætir Sigurður við: „Það byrjaði á joð alla vega.“

### Sýnum honum svipuna

„Allt í einu lásúmi við svo í blöðunum: Sigurður er Jónas,“ segir Kristín brosandir og vísar þar til þess að Sigurður tók nýverið við stöðu Jónasar Hallgrímssonar við ritlist í Háskóla Íslands. „Mér fannst þetta hálf óraunverulegt þegar þeir höfðu samband við mig, hvort ég vildi taka að mér þetta starf. En á sama tíma var eitthvað fullkomlega eðlilegt við þetta. Ég er búinn að vera með Jónas í annarri hendinni í krabbameinlyfjagjöf og niðurstaðan af þessum kúr var slíkur að lækarnir höfðu ekki séð annað eins. Því miður er aldrei hægt að uppræta asbest-krabba – virknin er alltaf til staðar og mun fara í gang ef þú sýnir ekki svipuna með jöfnu millibili. Ég er á einu lyfinu á þriggja vikna fresti. Það er svona kúrsinn fram á vorið og svo sjáum við til.“

Gleði Kristínar með góðan árangur leynir sér ekki. „Nú er hann Jónas í brjósti Sigurðar og stendur vörð með ljómandi árangri því þetta gengur sérstaklega vel. Alla jafna er þetta bráðdrepani sjúkdómur þegar hann er kominn í gang. En svo gerist

„Nú er hann Jónas í brjósti Sigurðar og stendur vörð með ljómandi árangri því þetta gengur sérstaklega vel.“

Kristín

„Dansfélaginn sem mér er úthlutað eru lyfin og þessi dansfélagi kann að vera með stæla og kannski sparka í mig í miðjum dansi sem er líking fyrir aukaverkanirnar. Og ég ákvað að ég mundi ekki hlaupa út af dansgólfinu eða fela mig heldur bara halda áfram að dansa við þennan dansfélagi og sinna spörkunum ekkert.“

Sigurður

þetta að ófreskjan hörfar með hjálp lækna, lyfja, Jónasar og myndlíkinga og þetta hörfar svo mikið að lækarnir hafa ekki séð annað eins. Það gefur möguleika á áframhaldandi lífi – reyndar með ólæknandi sjúkdómi en ágætu lífi engu að síður.“

### Bene, bene

Kristínu er tíðrætt um framsýni listarinnar. „Hún sér lengra – eins er með Segulsvíð – allt í einu er maður staddur í sársaukafullri stöðu – hefur orðið fyrir höggi en svo fer maður inn í það sem verkið fjallar um og það er að takast á við leitina að jafnvægi og heilun. Listin getur verið lífsbjörg. Hún er heilandi afl.“

Sigurður vill taka fram að hann er lítið fyrir að tala um sín persónulegu mál. „Menn fara oft í fórnarlambsstellingar þegar það kemur eitthvað svona upp á – ég vildi ekki hlaupa í þá deild. En ég vildi miðla þessu með andlegu og huglægu innstillinguna – viðhorfinu til meðferðarinnar. Þetta er dagur og nótt. Prósi og ljóð – þetta er jafnvægi. Gleymum ekki andlegu hliðinni þrátt fyrir áföll. Rökfestan og Jónas. Er þetta þá ekki komið hjá okkur? Bene, bene.“

# WHALES OF ICELAND

# Risavaxin upplifun

Gakktu  
meðal hvala í  
raunstærð



SVÖ  
STÖR

Sannarlega  
risavaxin upplifun

## Stærsta hvalasýning í Evrópu!

Komdu og sjáðu 23 líkön af hvölum í fullri stærð. Öll líkönin eru af hvölum sem finnast við Íslandsstrendur. Hægt er að ganga meðal þeirra, kynna sér gagnvirkt fræðsluefni og kynnast töfrandi heimi hvalanna sem og þeim sjálfum.

### Eftir ferðalag í gegnum sýninguna getur þú:

- **notið** veitinga á kaffihúsinu okkar, rétt við líkan af steypireyð í fullri stærð
- **skoðað** þig um í verslun okkar
- **bókað** hvalaskoðunarferð

**Það jafnast fátt á við það að standa augliti til auglitis við hval.**

### Við erum hér





**20**  
YEAR  
WARRANTY  
SCANDINAVIAN

**25**  
YEAR  
WARRANTY  
SCANDINAVIAN

**HYDRO  
SEAL**

**GUARD**  
UP TO 10X MORE SCRATCH RESISTANT

**W/O ABRASIVE  
WARRANTY**  
10 YEAR  
SCANDINAVIAN



**SPLASH  
WARRANTY**  
SCANDINAVIAN

**MATCHING  
SOLUTIONS**



# Quick Step, tryggðu þér alvöru harðparket

Vatnshelt harðparket með **Hydra Seal**.  
Meiri pressun í millikjarna og **100% lokuð fösun** á milli borða.  
**25 ára ábyrgð.**  
Allt að **10 sinnum meira rispupól** en áður.

## EIK IMPRESSIVE

Verð áður 6.490

Vsk breyting -78 kr  
Vörugjalda lækkun -280 kr  
Útsöluafsláttur 35% -2.146 kr

Samtals:

**3.986**



HARÐVIÐARVAL

# Konurnar neyddar út í vændi

**Svala Heiðberg** stýrir athvarfi fyrir fórnarlömb mansals og vændis í Kaupmannahöfn. Veruleiki kvennanna er afar dapur en flestar koma frá Nígeríu og hafa verið blekkta út í vændi. Þær eru á valdi annarra og hafa ekkert um hlutskipti sitt að segja.

Viktoría  
Hermansdóttir  
viktoriah@frettabladid.is



**H**ina vafasömu götu Istedgade má finna í miðborg Kaupmannahafnar skammt frá lestarstöðinni. Margir hætta sér ekki þangað eftir myrkur enda þrífst þar götuvændi í miklum mæli auk fíkniefnasölu og glæpa. Þeir sem hafa gengið götuna að kvöld- eða næturlagi hafa eflaust einhverjir orðið varir við ágengni vændiskvænna. Það sem færri eflaust spá í er að konurnar eru flestar fórnarlömb mansals og stunda vændi án þess að hafa val um það þar sem þær vinna upp í skuld við melludólga sem komu þeim til landsins. Svala Heiðberg þekkir veruleika þessara kvænna vel en hún er verkefnastýra næturathvarfs fyrir þessar konur sem er til húsa í götunni og er opið á fimmtudags- og föstudagsnóttum.

## Byrjaði að kenna

Svala flutti ásamt eiginmanni sínum og tveimur börnum til Kaupmannahafnar árið 2007 til þess að fara í framhaldsnám. Svala er menntaður mannfræðingur og með kennsluréttindi að auki. Fljótlega eftir að hún flutti út varð hún ólétt að þriðja barni sínu og lagði framhaldsnámið á hilluna. Í stað þess hóf hún störf sem kennari fyrir kvenkyns fórnarlömb mansals.

„Starfið er erfitt en gefandi. Margar kvennanna eru til dæmis ólæsar. Heimur þeirra er mjög lítil og sumar vita í raun ekkert hvar þær eru,“ segir Svala. Þær konur sem fá kennslu í kvennaathvarfinu hafa margar verið handteknar og lent í fangelsi vegna ólöglegar atvinnu og allar konurnar sem búsettar eru í kvennaathvarfinu eru fórnarlömb mansals.

Í byrjun árs 2013 opnaði svo Reden International næturathvarf fyrir konur af erlendum uppruna í vændi og Svala var ráðin sem verkefnastýra þess. Athvarfið er opið fimmtudaga og föstudaga frá miðnætti til fimm á morgnana. „Á venjulegri nóttu koma 40 til 60 konur til okkar. Það eru alltaf tveir starfsmenn á vakt og tveir sjálfboðaliðar.“

Yfir nóttina fara einn starfsmaður og einn sjálfboðaliði hring í hverfinu til þess að spjalla við konur sem kunna að vera nýkomnar í götuna og kynna fyrir þeim athvarfið og dreifa smokkum til kvennanna. „Ef við hittum konur sem við þekkjum ekki þá bendum við þeim á að koma,“ segir hún.

## Flestar fórnarlömb mansals

Mikill meirihluti þeirra kvænna sem koma í athvarfið er frá Nígeríu og flestar þeirra eru fórnarlömb mansals. „Þetta skiptist þannig hérna í götunni að á daginn frá svona tíu á morgnana til átta á kvöldin eru hér konur frá Austur-Evrópu. Þegar þær fara koma þessar nígerísku,“ segir Svala.

Það hefur færst mikið í vöxt undanfarnin ár að konur frá Nígeríu komi til Evrópu til þess að stunda vændi. Yfirleitt eru þær fórnarlömb mansals. „Mjög týpísk saga er að þeim sé lofað vinnu í Evrópu. Þær vita í rauninni ekki hvert þær eru að fara en eiga að fara til Evrópu að vinna í hárgreiðslu, sem au pair eða eitthvað annað sem hefur verið sagt við þær. Áður en þær leggja af stað eru þær látna sverja juku-eið,“ segir hún. Eiidinn eru þær látnar sverja í því skyni að ef þær standa ekki við sitt þá muni eitthvað koma fyrir einhvern í fjölskyldu þeirra.

Konurnar fara burt úr heimahögnum með drauma um betra líf en enda flestar í vændi. Yfirleitt eru þær sendar fyrst til Spánar eða



**DAPUR VERULEIKI** Athvarfið sem Svala stýrir er við Istedgade í Kaupmannahöfn. Þar stunda hundruð kvænna götuvændi og Svala segir veruleika þeirra dapran. MYND/HELGI ÓMARSSON

## Athvarf fyrir erlendar konur í vændi



**ATHVARFIÐ** Hér sést inn í athvarfið sem er ætlað konum af erlendum uppruna í vændi. Mikill meirihluti þeirra er frá Nígeríu. MYND/HELGI ÓMARSSON

Ítalíu en þar eru margar vændiskonur fyrir og lítið að fá. Þær eru svo sendar til Norðurlandanna. Yfirleitt er svokölluð maddama yfir þeim sem sér um að senda þær milli landa. „Konurnar skuldbinda sig til þess að greiða upp skuld til þeirra sem sjá um þetta. Upphæðin er yfirleitt 50 þúsund evrur og er sögð vera fyrir ferðinni, vegabréfi, pappírnum og öðru. Ég hef hitt konur sem hafa borgað alla skuldina og það getur tekið þær frá tveimur árum og upp í fimm. Ég hef líka hitt konur sem eru að reyna að semja við maddömunu um að sleppa fyrr. Fjölskyldur þeirra eru þá stundum með í því og það er verið að reyna að dila á milli. Þá kannski getur konan ekki meir og vill losna,“ segir hún.

## Vinna upp í skuldina

„Sögurnar eru oft þannig að konurnar fara með rútu eða gangandi í gegnum eyðimörkina til Líbíu. Þaðan fara þær með bát til Ítalíu. Ef báturinn sekkur ekki á leiðinni þá komast þær í flóttamannabúðir þar sem fólk er skráð og svo eru þær sóttar þangað. Þær eru látnar vera á Ítalíu í smá tíma. Þar er litla vinnu að fá og fáir kunnar þannig að þær eru mjög fljótlega sendar hingað.“

Þegar til Danmerkur er komið fara þær fljótlega að vinna upp í skuldina úti á götu. Vændi er löglegt í Danmörku en til þess að mega stunda það eða aðra atvinnu verður fólk að hafa gilda pappíra. Það hafa

flestar konurnar ekki. Þær eru yfirleitt á aldrinum 22 til 32 ára. „En maður hefur séð yngri, alveg niður í 18 til 19 ára börn, sem er hræðilegt,“ segir Svala. Sumar kvennanna eiga börn. „Börnin eru þá yfirleitt hjá fjölskyldunni en í sumum tilvikum er maddaman með barnið og þær fá það ekki fyrr en þær hafa unnið upp í skuldina.“

Konurnar eru á valdi maddamanna og þó þær séu í öðru landi er fylgst með þeim. Þess vegna reynist oft erfitt að hjálpa þeim. Maddömunar hafa sterk tök á þeim og ef það fréttist að konurnar séu farnar af götunni þá er jafnvel ráðist að fjölskyldu þeirra. Þetta er því snúin staða sem þær eru í og þó að dönsk yfirvöld reyni að bjóða þeim aðstoð við að öðlast nýtt líf þá hræðast þær afleiðingarnar fyrir aðra.“

## Öruggt skjól

Hún segir veruleika þessara kvænna afar dapran. „Þær búa flestar saman, yfirleitt tvær til þrjár. Engin þeirra er heimilislaus, þær hafa allar stað til að sofa á. Yfirleitt sofa þær allan daginn, vakna og fara svo út og reyna að ná sér í pening. Þær eru alltof margar hérna á götunni og fáir kunnar. Þannig að þær virka mjög örvæntingarfullar að sjá því þær þurfa peninginn. Þær eru að reyna að vinna upp í skuldina.“

Hún segir konurnar vera bæði illa á sig komnar líkamlega og andlega. Margar þjáast af áfallastreitu.

## → Vill banna vændi

Svala segist mundu vilja sjá að vændi yrði bannað í Danmörku. „Það skiptir máli að senda þessi skilaboð út til komandi kynslóða, að það er ekki í lagi að kaupa manneskju. Örlög þessara kvænna eru svo sorgleg. Þú getur ekki keypt fólk, hvort sem það er til kynlífs eða annars.“

„Um leið og maddaman fréttir að konan sé ekki lengur á götunni þá byrjar hún að hóta. Sendir jafnvel gengi heim til fjölskyldumeðlima sem eru lamdir og jafnvel drepnir. Þess vegna eru margar sem hverfa og stinga af eftir að hafa verið í programmi.“

„Þær eru alltaf með verki. Stanslausar verki í líkamanum. Þeim er alltaf illt og þær eiga erfitt með að sofa. Þær eru undir miklu álagi,“ segir hún.

Athvarfið er hugsað sem skjól frá þeim skelfilega veruleika sem þær búa við. Konunum er mætt á jafnréttisgrundvelli og þær hafa öruggt skjól. Svala þekkir flestar kvennanna og segir það skipta máli vegna þess að þær treysti henni þá. „Þær hafa sagt mér frá ofbeldi, nauðgunum og öðru sem fyrir þær hefur komið. Yfirleitt vilja þær þó alls ekki að lögreglan blandist í málin. „Það hefur þó gerst að nauðgun hefur farið fyrir dóm. Það voru lögfræðingar sem voru í sjálfboðavinnu sem fóru með málið alla leið,“ segir hún.

## Líka góðar sögur

„Í athvarfinu eru bara allir jafnir. Það sem skiptir mestu máli er að veita bara svona grunnaðstoð, sýna þeim skilning og mæta konunni þar sem hún er stödd. Það er ekki séns að ætla að bjarga öllum en hjá okkur gengur þetta út á að vera með stað þar sem þær geta komið, þeim líður vel og finna fyrir öryggi. Þær vita að við erum til staðar fyrir þær. Það er gott fyrir þær að komast burt frá þessu helvíti sem þær búa í. Það er svo frábært að hafa svona stað þar sem þær geta bara verið þær sjálfar og gleymt í hvaða aðstöðu þær eru.“

22-32

ár er aldur flestra vændiskvænna sem koma í athvarfið.

40-60

konur koma yfirleitt á kvöldi í athvarfið en mest hefur komið 81 kona á kvöldi.


Hún segir gríðarlega margar konur vera í þessari stöðu. „Það kemur okkur alltaf jafn mikið á óvart hvað þær eru margar. Og við sjáum þær ekki allar, þær eru víða um Danmörku, ekki bara hér.“

Konunum býðst aðstoð við að koma sér út úr vændinu vilji þær það. Svala segir fáar þora að stíga það skref vegna þess að þá bitni það á fjölskyldumeðlimum eða öðrum þeim tengdum. „Um leið og maddaman fréttir að konan sé ekki lengur á götunni þá byrjar hún að hóta. Sendir jafnvel gengi heim til fjölskyldumeðlima sem eru lamdir og jafnvel drepnir. Þess vegna eru margar sem hverfa og stinga af eftir að hafa verið í programmi. Við höfum oft unnið í málum lengi og verið vongóðar en þá hverfa þær allt í einu.“

Í aðstoðinni felst meðal annars að þær geta fengið fjármagn til þess að hefja rekstur í eigin landi. Það er hins vegar sjaldgæft að þær taki því. „En auðvitað eru líka góðar sögur og það er þess drífur mig áfram í vinnunni. Það er vegna þessa sem mér finnast vinnan vera þess virði þó að hún sé oft mjög erfíð.“

Það skiptir máli að senda þessi skilaboð út til komandi kynslóða að það er ekki í lagi að kaupa manneskju. Örlög þessara kvænna eru svo sorgleg. Þú getur ekki keypt fólk, hvort sem það er til kynlífs eða annars.“

# ALGJÖRT DÚNDUR!



2.  
PRENTUN  
KOMIN

1.

Metsölulisti  
Eymundsson  
Helldarlisti vika 9

JO NESBØ  
AFTURGANGAN

„Besta skáldsaga Nesbø.“  
Evening Standard



Steinþór Guðbjartsson / Morgunblaðið

„Rauk beint í fyrsta sæti á metsölulistum  
– ég er ekki hissa á því ... Snillingur á sínu sviði.“

Kolbrún Bergþórsdóttir / Kiljan

„Drulluspennandi ... rænir þig svefni.“


Egill Helgason / Kiljan

„Talandi um spennu, ég tók síðustu 2–300  
blaðsíðurnar í einum rykk.“

Sigurður Valgeirsson / Kiljan

„Þetta er frábær bók, eins og við mátti búast ...  
hrikalega spennandi og óvænt.“

Guðríður Haraldsdóttir / Vikan



2.  
PRENTUN  
VÆNTANLEG

2.

Metsölulisti  
Eymundsson  
Helldarlisti vika 9

PIERRE LEMAITRE

ALÞJÓÐLEGI RÝTINGURINN 2013  
VERÐLAUN CWA, SAMTAKA BRÉSKRA  
GLÆPASAGNAHÖFUNDA



„... þetta er slungin saga þar sem höfundur fléttar  
atburðarásinni vel saman við einkalíf persóna.“

Steinþór Guðbjartsson / Morgunblaðið

„Alveg súper glæpasaga! Alveg dúndur.“

Egill Helgason / Kiljan

„Alls ekki byrja að lesa þessa bók ef þú átt að  
mæta í vinnuna daginn eftir. Það er ekki hægt  
að loka henni.“

Friðrika Benónýsdóttir / Kiljan

„Svona á að gera þetta! ... miklar og óvæntar  
vendingar nokkrum sinnum ...“

Þorgeir Tryggvason / Kiljan

# HönnunarMars handan við hornið

HönnunarMars hefst í sjöunda sinn þann 12. mars og er þemað í ár leikur. Um 400 hönnuðir og arkitektar taka þátt og eru um hundrað viðburðir á dagskrá ár hvert. **Yr** og **Guðbjörg** eru á meðal þeirra hönnuða sem taka þátt í ár.



**Gyða Lóa Ólafsdóttir**  
gydalooa@frettabladid.is

## HÖNNUÐURINN

Guðbjörg á vinnustofu sinni. Hún vinnur skartgripalínuna úr hreindýraklaufum og silfri.

FRÉTTABLAÐIÐ/  
VILHELM



**HVER** Guðbjörg Kr. Ingvarsdóttir skartgripahönnuður

**HVAÐ** Tuttu – Skartgripir unnir úr hreindýraklaufum og silfri.

**HVENÆR** Opnun 11. mars klukkan 18. Sýningin verður opnuð 12. mars klukkan 10.00 og verður opin til 15. mars.

**HVAR** Aurum, Bankastræti 4.

„Ég byrja á að safna að mér heimildum. Í þessu tiltekna ferli skoðaði ég allt sem ég fann um Grænland og þá sérstaklega gamlar bækur og ljósmyndir,“ segir Guðbjörg, sem sýnir skartgripalínuna Tuttu í Aurum. Skartgripirnir eru unnir úr klaufum grænlandsra hreindýra og er nafn línunnar dregið af þeim. Guðbjörg er hrifin af efniviðnum sem einhverjum gæti þótt óhefðbundinn en efniviðurinn hefur fram til þessa ekki verið mikið nýttur.

„Klaufarnar vinn ég á svipaðan hátt og þegar ég er að vinna með málm, nota sömu verkfærin og tækin. Það tók samt tíma að átta sig á efninu og hvað væri hægt að gera,“ segir Guðbjörg en línan samanstendur af hálsmenum, hringum og armböndum.

**SKISSUBÓKIN** „Ég gef hugmyndunum góðan tíma til þess að mótaast í huganum og svo þegar ég sest við vinnuborðið þá er ég yfirleitt komin með skýra mynd af forminu og skartinu sem ég ætla að búa til,“ segir hún um hönnunarferlið.



**EFNIVIÐURINN** „Andstæður og form í náttúru Grænlands, gömul höfðingjagröf búið til úr beinum, klaufarnar sjálfar með örmjúku hvítu línunum sem minna mig á lífsbaráttu dýranna,“ segir Guðbjörg um innblástur línunnar. Á myndinni má sjá klaufarnar í vinnslu.



**KALLAST Á** Guðbjörg segir hreindýraklaufarnar skemmtilegan efnivið. „Frábært efni sem kallast fallega á við silfrið, efni sem ég á eftir að vinna með í framtíðinni.“



## HÖNNUÐURINN

„Ég vinn grunnana að hlutunum á þrjónavélina mína og afganginn handsauma ég sjálf, svo það fer mikill tími og handavinna í þetta,“ segir Yr um buddurnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**HVER** Yr Jóhannsdóttir sem hannar undir nafninu Yrúrarí, nemi í textilhönnun.

**HVAÐ** Sköpun / Genitalia, samsýning ásamt Öldu Lilju Geirsdóttur, Öldu Villiljósi, Önnu Rakel Róbertsdóttur Glad, Kristu Hall og Sigu Dögg.

**HVENÆR** Opnunarpartí 13. mars klukkan 17.00. Sýningin opnuð 12. mars klukkan 12.00 og verður opin til 14. mars.


**HVAR** Víkin kaffihús

„Hugmyndirnar eru allar nokkuð einfaldar, en það tók tíma að útfæra þær, það þurfti þó nokkrar prótótýpur áður en ég náði hinni fullkomnu buddu,“ segir Yr en hún mun sýna Kynfærabuddur á samsýningunni Sköpun. „Nafnið kemur einfaldlega út frá sköpun sem er líka táknrænt fyrir upphaf lífs og sköpunar,“ segir hún um nafn sýningarinnar, en hún setur kynfærin upp í hlýrri, praktískri og litríkri mynd. „Svo er ég einnig búin að hanna og þrjóna frekar skemmtilegan og praktískan typpatrefil. Sú hugmynd eiginlega bara skaust upp í höfuðið á mér, en það er mjög praktískt að hafa svona punga, sem hægt er að nota sem vasa, með á treflinum sínum.“

**INNBLÁSTURINN** Trékarlinn stendur á vinnuborði Yrar og segir hún hann mögulega hafa veitt sér lauminnblástur við undirbúning sýningarinnar. „Hann er upprunalega frjósémistákn, svo hann hefur allavega gefið af sér frjóga hugsun,“ segir Yr glöð í bragði.



**LITAGLEÐI** Yr byrjaði á því að vinna með húðliti en fékk fljótt leið á þeim. „Mér finnst annars eiginlega bara allir skærir og sterkir litir fallegir og það er sérstaklega skemmtilegt verkefni núna að velja spennandi liti á kynfærahárin á þá hluti sem ég er komin með.“



**BUDDUR** „Fyrst fékk ég hugmynd að því að gera þrjónaða punga, út frá því urðu þrjú buddurnar til en það er líka smá orðaleikur þar sem þúkur eru af einhverjum ástæðum stundum kallaðar buddur.“





**43%**  
afsláttur

**1299** kr. kg

Verð áður ~~2280~~ kr. kg  
Lúxus úrbeinaðar grísakótilettur, erlendar



**1399** kr. kg

Lambalæri

**34%**  
afsláttur

**1499** kr. kg

Verð áður ~~2279~~ kr. kg  
Grísalundur, erlendar



**3999** kr. kg

Verð áður ~~4666~~ kr. kg  
Lambafilé með fiturönd, ókryddað eða kolagrillmarinerað



**NÝTT**

Grófhakkað  
100% hamborgarahakk

**1798** kr. kg

100% hreint ungnautahakk, 18-20% fita, sérútbúið til að búa til djúsi hamborgara.

**Hreinlega frábært verð**

**40%**  
afsláttur

**5333** kr. pk.

Verð áður ~~888~~ kr. pk

Milt fyrir allan þvott eða Milt fyrir barnið, 2 kg


**2** kg



**3** fyrir **2**

**4** í pk.

Zewa eldhúsrúllur, 74 þykk blöð



2490.-



BÓKAHÖLL VID LAUGARDALSVÖLL



1500.- per. pakki



OPIÐ  
FRÁ KL. 10-18  
ALLA DAGA



# BÓKAMARK

## Laugardalsvelli

FRÁ 27. FEBRÚAR


TIL 15. MARS



1500.-



4990.-



2500.-



990.-



990.-



3799.-



1990.-



990.-



1990.-



2690.-



990.-

# AÐURINN



ÓTRÚLEGT ÚRVAL

DÚSUNDIR TITLA

SPARAÐU DÚSUNDIR



1299.-



999.-




999.-




999.-




1490.-



2490.-



1190.-



1190.-

## 8 UPPÁHALDS ÖPPIN

Ágúst Bjarni Garðarsson  
formaður Sambands ungra framsóknarmanna



**STRÆTÓ**  
Ánægjuefni fyrir mann eins og mig sem er að reyna að nota almenningsamgöngur og er aldrei með klink á mér. Hinsvegar nauðsynlegt að taka umræðuna um miðaverðið sem er alltof hátt.

**FACEBOOK**  
Ég er sennilega eins og 90% þjóðarinnar og er alltaf að skoða Facebook.

**INSTAGRAM**  
Ég nota þetta töluvert mikið og birti ófáar myndir af litla drengnum mínum. Fólk verður bara að fyrirgefa mér það. Ég er bara svo stoltur þabbi.

**FORZA SOCCER**  
Nauðsynlegt að vera með þetta ef þú vilt vera upplýstur um heim fótboltans. Hægt að velja ákveðið lið og leiki til að fylgjast með.



**SOUNDHOUND**  
Þegar ég heyrir eitthvað gott lag í útvarpinu kveiki ég á SoundHound til að finna nafnið. Svona „fínt að hafa“ app.


**SPOTIFY**  
Kærasta mín notar þetta mikið og ég hef notið góðs af því. Fyrir þá sem elska tónlist þá er þetta algjörlegt „must have“ dæmi.

**DOMINOS**  
Ég vil meina að ég noti þetta minnst af öllu, þó svo að líkamsþyngd mín kunni að benda til annars. Það horfir þó allt til betri vegar. Auðvelt og þægilegt í notkun.

**EVERNOTE**  
Hef mikla trú á þessu appi og er tiltölulega nýbúinn að sækja það. Get verið með mismunandi Notebooks fyrir ólík verkefni. Ég hef verið að nota þetta í skólanum og vinnunni.

# EKKI VESENAST Í ÞVÍ SEM VIRKAR

HTC veit hvað virkar. Þróun er betri en endurhugsun og snjallsíminn One M9, nýjasta flaggskip fyrirtækisins, er meira af því sama nema örlítið betra.



**HTC**  
Peter Chou, framkvæmdastjóri HTC, svipti hulunni af One M9 á MWC-ráðstefnunni á dögunum.

Kjartan Hreinn Njálsson  
kjartanh@frettabladid.is



Besti snjallsími ársins 2014 var að öllum líkindum hinn gullfallegi One M8 frá taívanska tæknifyrirtækinu HTC. Enn meiri líkur eru á að þú sért ekki með símann í vasanum akkúrat núna. HTC var áberandi í árdaga snjallsímavæðingarinnar en lítið hefur farið fyrir fyrirtækinu í tveggja turna tali Apple og Samsung síðustu árin.

### Hönnun og notagildi mættast

Fyrirtækjamenning HTC fellur mitt á milli áherslna Apple og Samsung og snjallsímar HTC sameina það sem báðir framleiðendur gera vel. Hönnunarsvið HTC heyrir beint undir forstjórn og minnir um margt á samband Jonathans Ive, yfirhönnuðar Apple, við Steve Jobs heitinn og framkvæmdastjórnann Tim Cook í dag.

Það sætir því nokkrum tímum að HTC kynnti nýjasta flaggskip sitt, One M9, á Mobile World-tækniráð-

stefnunni í Barselóna á dögunum. Enn merkilegra er að útlit snjallsímans er nánast það sama og á One M8. Margir voru ósáttir en í grunninn undirstrikar þetta gullnu regluna: ef það er ekki brotið, ekki laga það.

Við getum þakkað HTC fyrir að vekja athygli á gæðum og fágum í hönnun. One M8, með sínum mjúku, aflíðandi línunum, álramma og kristaltærum skjá, var og er með fallegustu snjallsímum fyrr og síðar. Í samanburði við One M8 voru plast-símarnir frá Samsung og LG eins og eitthvað úr Tiger.

### Örlagaríkur veikleiki

Þó svo að One M9 sé nauðalíkur forvera sínum hefur HTC augljóslega hlustað á gagnrýnisráðirnar. Ræsihnappurinn hefur verið færður á hliðina (guði sé lof) enda þurfti klunnalega hreyfingu til að teygja sig yfir risavaxinn 5" skjáinn til að ræsa símann. Sama á við um myndavélina.

Eins og allar almennilegar hetjur hafði One M8 einn örlagaríkan veikleika: myndavélina. Hún var 4 megapíxla en studdist við ultrapíxel-tæknina. Þannig skilaði One M8 þokkalegum myndum við sæmileg birtuskilyrði en oft hræðilegum

## HTC One M9

**CPU**  
Qualcomm Snapdragon 810  
2.0 HHZ + 4 x 1.5GHz

**MINNI**  
3 GB

**GEYMSLA**  
32 GB  
Stækkanlegt í 128 GB (mSD)

**RAFHLAÐA**  
2.840 mAh

**SKJÁR**  
5.0" Super LCD 442 ppi  
1920 x 1080  
Gorilla Glass 3.0

**MYNDAVÉL**  
20 mp, 27,8 mm linsa, LED-flás video í 4K



myndum í minni birtu. HTC hefur uppfært myndavélina fyrir næstu kynslóð og er hún 20 megapíxlar á One M9 en engin hristivörn er til staðar. Síðan er útlit fyrir að One M9 verði besti „selfie“-síminn á markaðnum en ultrapíxel-tæknin er nú í myndavélinni á framhliðinni.

HTC var fyrsti snjallsímaframleiðandinn sem þróaði fyrsta eiginlega Android-snjallsímann. One M9 byggir á Lollipop (5.0.2) frá Android en kemur sínum áherslum að með Sense 7-viðmótinu. Þetta er eins nálægt berstripaðri útgáfu af Lollipop og þú kemst án þess að kaupa þér Nexus-tæki.

Talið er að HTC One M9 verði seldur á um 80.000 krónur í Bandaríkjunum, án samnings við símafyrirtæki (Samsung Galaxy S6 fer á 103.000 kr. og iPhone 6 á 87.000 kr.). Þannig heldur HTC áfram að verðleggja snjallsíma sína undir því sem gengur og gerist með vinsælustu og dýrustu símana.

### HTC mætir leiks

Annars er útlit fyrir að 2015 verði stórt ár í sögu HTC. Ásamt One M8 kynnti fyrirtækið Grip-snjallúrið og þri-



**VIVE HTC** ætlar sér stóra hluti í þrívíddargeiranum með Vive.

víddargleraugun Vive í samstarfi við hið dæða tölvuleikjafyrirtæki Valve. Sprotinn Oculus hefur verið samnefni fyrir nýjasta nýtt í þrívíddartæknigeiranum en Facebook keypti fyrirtækið á síðasta ári á 230 milljarða króna (Oculus hefur aldrei gefið út vöru fyrir almennan markað). HTC og Valve hétu því á ráðstefnunni í Barselóna að fyrsta útgáfan af Vive myndi koma á markað undir lok þessa árs. Auk þess hafa fyrstu viðbrögð við Vive verið vægast sagt frábær.

Þangað til að við fáum þessu tæki í hendurnar getum við aðeins getið okkur til um gæði HTC Vive og One M9 en það sem blasir við er að HTC er á réttri braut og framtíðin á snjallsíma markaðnum er skyndilega ekki jafn litlaus og útlit var fyrir.

## Skapraunandi augnakonfekt

### AARU'S AWAKENING

★★★★★

PC PRAUTALEIKUR

Það er mjög auðvelt að mistakast í Aaru's Awakening og það mun gerast oft. Þrátt fyrir að það sé auðvelt að verða pirraður yfir leiknum, þá er enn meira pirrandi að gefast upp. Þannig heldur leikurinn manni við efnið. Hann er einstaklega fallegur, en allar útlínur hans voru handteiknaðar.

Leikurinn er gerður af íslenska fyrirtækinu Lumenox og á uppruna sinn að rekja til Game Creator-verðlaunanna, sem hann hlaut árið 2011. Um er að ræða fyrsta leik þeirra sem að honum koma og í samtali við Vísi sagði Jóhann Ingi Guðjónsson, markaðsstjóri Lumenox, að hann væri alls ekki sá síðasti.

Aaru, sem er hetja leiksins, þarf að leysa ýmsar þrautir og til þess beitir hann loftfímleikum og fjarflutningum.



Skjóta þarf kúlu á milli óvina til að birtast hinum megin við þá og halda ferðinni áfram. Einnig er hægt að skjóta kúlunni beint í þá og gera út af við þá.

Ákvarðanir þarf mjög oft að taka á stuttum tíma og auðvelt er að ruglast á áttum. Að auki kemur fyrir að nauðsynlegt er að hoppa fram af syllum án þess að sjá hvað er fyrir neðan. Það endar yfirleitt með dauða og endurtekningu. Aaru's Awakening er þó skemmtilegur leikur og er kjörinn fyrir einstaklinga með keppnisþap og þolinmæði. -skó

## Glæsileg grafík en aðrir þættir slakari

### THE ORDER: 1886

★★★★★

PS4 SPENNA

The Order 1886 er glæsilegur tölvuleikur. En aðrir þættir leiksins eru langt frá því að vera jafn sterkir. Sögubráður leiksins er sérstakur og má segja að frelsi spilarans sé mjög lítið. Þetta er nánast eins og að spila bíómynd.

Sögusvið leiksins er stórkostlegt; Viktoríu-tímabilinu í London eru gerð skil, en þó í einhverjum hliðarveruleika þar sem skrímsli ógna mannkyninu sem er óvenju tæknivætt. Svona miðað við allt annað. Talstöðvar og rafmagnsbysstur lifa góðu lífi innan um hestvagna.

Spilarar bregða sér í líki Sir Galahads, sem er hluti af riddarareglu sem hefur það hlutverk að verja London fyrir uppreisnareggjum



og ómennskum verum. Óþarfi er að fara nánar út í söguþráðinn sem slíkan. Að mati undirritaðs taka skrímslin í leiknum svolítið sjarmann úr spiluninni. En auðvelt er að sökkva sér niður í þetta glæsilega

sögusvið og kynnast nokkuð vel sköpuðum persónum. Grafík leiksins er sú glæsilegasta sem undirritaður hefur séð í tölvuleik og útskýrir það kannski að hluta til hversu háa einkunn hann fær. -kak

# FERÐIR

LAUGARDAGUR 7. MARS 2015

## Kynningarblað

Heimsreisa  
Mallorca  
Ævintýraferð til  
Sri Lanka og  
Chennai á Indlandi



Gerður í Yosemite-þjóðgarðinum í Sierra Nevada-fjallgarðinum í Bandaríkjunum. Að baki hennar eru tvö þekktustu fjöllin, El Capitan og Half Dome.

MYND/ÚR EINKASAFNI

## Umhverfis jörðina á 113 dögum

Á fjórum mánuðum ferðaðist Gerður Steinþórsdóttir til allra heimsálfa utan Suðurskautslandsins. Meðal hápunkta ferðarinnar voru stærstu kóralrif heims, stórkostlegir þjóðgarðar og ganga í Himalajafjöllum. Næsta verkefni er að skrifa Reisubók um förina.

Ferðalög hafa alla tíð verið stór hluti af lífi Gerðar Steinþórsdóttur íslenskufraeðings. Hún hóf ung að ferðast um óbyggðir landsins og hefur gengið á fjöll og jökla, um heiðar og fjörur, með ferðafélögum og gönguhópum. Hún er nýlega komin heim úr fjögurra mánaða ferð umhverfis jörðina. „Ég þekkti fólk sem hafði farið í slíka ferð og fannst það ævintýrlegt. Ég hafði ákveðið fyrir löngu að fara til Ástralíu en ég heillaðist strax í barnaskóla af landinu. Svo var Nýja-Sjáland skammt frá og Nepal, bæði lönd sem mig langaði að heimsækja vegna náttúrufergurðar.“

Hringurinn hófst í Ósló 27. ágúst en þaðan flaug Gerður til San Francisco í Bandaríkjunum. „Þar dvaldi ég viku í yndislegu veðri og heillaðist af borginni og sögu hennar. Auk þess fór ég í dagsferð í Yosemite-þjóðgarðinn. Þar er mikil náttúrufergurð, há granítgjöll og stærstu tré í heimi.“ Næst lá leiðin til eyríkisins Trínidad og Tóbagó. „Þar er elsta náttúruverndarsvæði í Karíbahafinu sem íslensk kona, Ása Guðmundsdóttir Wright, stofnaði. Ég skoðaði svæðið og fór einnig í kirkjugarð í Port of Spain þar sem Ása hvílir. Þar er einnig leiði Williams Lord Watts sem fyrstur manna

gekk yfir Vatnajökul árið 1875 og skrifaði merka bók um ferðina.“

Nýja-Sjáland var næsti áfangastaður og ferðaðist Gerður á bíla-leigubíl í þrjár vikur í frekar köldu veðri. „Ég heimsótti æskuheimili Katherine Mansfield í Wellington en hún er einn mesti smásagnahöfundur Vesturlanda. Einn hápunktur reisunnar var dagsferð til Milford Sound á suðureyjuni. Þetta er fjörður sem liggur í Fiordland-þjóðgarðinum og er mikið náttúruundur.“

### Fjölbreytt Ástralía

Gerður flaug næst til Ástralíu og dvaldi þar í mánuð. „Sydney er ein fegursta borg sem ég hef komið til og fjallið fræga, Uluru, sem er í rauðu eyðimörkinni í miðju landsins er stærsti steinn heims.“ Í norðurhluta landsins er Kakadu-þjóðgarðurinn þar sem kvikmyndin „Crocodile Dundee“ var tekin að hluta. „Þar sigldi ég eftir fljóti og sá þúsundir fugla og krókódílar voru syndandi allt í kring. Í minningunni er þessi garður sá eftirminnilegasti.“ Meðal annarra viðkomustaða í Ástralíu voru stærstu kóralrif heims við Great Barrier Reef, borgin Melbourne og eyjan Tasmanía.

Dvöl Gerðar í Ástralíu lauk í höfuðborginni Canberra en þaðan flaug hún til Japans. „Ég dvaldi í

Tókýó, heimsótti hina fornu höfuðborg Kyoto og fór í dagsferð í þjóðgarðinn þar sem hið fagra og helga fjall, Fuji, er. Ég varð heilluð af Japan og þjóðinni. Á yfirborðinu er eins og allt sé fullkomið þar. Japanar eru kurteisir, lágværir, smekklegir, bæði fornir og tæknivæddir.“


Nepal var næsti áfangastaður en flogið var til Katmandú. „Ég fór síðan í átta daga göngu í grunnbúðir Annapurna sem margir Íslendingar þekkja. Það var einstök upplifun að komast upp í Himalajafjöllin.“ Næst lá leiðin til Indlands þar sem hún ferðaðist í fimm daga með einkabílstjóra um gullna þríhyrninginn, Delí, Agra og Jaipur, og heimsótti meðal annars Taj Mahal.

Í lokin dvaldi Gerður í Höfðaborg í Suður-Afríku og ferðaðist um. „Áhrifamest var að fara út á Robben Island þar sem Nelson Mandela sat í fangelsi í níttján ár. Höfðaborg er ótrúlega falleg og ég gekk oft meðfram sjónum og horfði á öldurnar. Frá Höfðaborg flaug ég svo norður til Óslóar og kom þangað 17. desember. Þá var hringnum lokað. Allt hafði gengið ótrúlega vel! Ég dvaldi með fjölskyldunni í Stokkhólmi yfir jól og áramót. Áður en ég lagði af stað umhverfis jörðina ákvað ég að skrifa reisubók. Það verður mitt næsta verkefni.“



Á filsbaki við Amber-höllina í Jaipur í Indlandi.

MYND/ÚR EINKASAFNI



Mallorca er sannarlega perla Miðjarðarhafsins. Þar er hægt að liggja á ströndinni eða upplifa borgarmeningu í Palma, upplifa náttúruna eða gera góð kaup í verslunum.

# Algjör Mallorca-kona

Valdís Jónsdóttir hjá ferðaskrifstofunni **Úrval Útsýn** hefur starfað sem sölumaður sólarlandaferða í 35 ár. Hún hefur upplifað miklar breytingar í sólarferðamenningu Íslendinga en sjálf er hún mikill aðdáandi Mallorca og hefur farið þangað hátt í 15 sinnum. Hún var því afskaplega glöð þegar Úrval Útsýn fór að selja ferðir til Mallorca á ný eftir þriggja ára hlé vegna mikillar eftirspurnar.

**F**yrir 35 árum var ég að vinna við afgreiðslu í Víði í Austurstræti, í sama húsi og ferðaskrifstofan Útsýn sem Ingólfur Guðbrandsson átti. Ingólfur kom oft niður til að versla hjá okkur og bauð mér í framhaldinu vinna hjá sér. Ég sló til enda þekkti ég allt starfsfólkið hjá Útsýn sem hafði þá verslað hjá mér í Víði.“ Þannig lýsir Valdís því hvernig það kom til að hún hóf störf á ferðaskrifstofunni þar sem hún hefur starfað síðustu 35 ár.

Hún byrjaði á símanum í nokkra mánuði, vann við úthringingar og síðar í innheimtu en fann sig síðan best sem sölumaður sólarlandaferða en við það hefur hún starfað alla tíð síðan. „Mér finnst svo gaman að eiga samskipti við fólk- ið enda er það yfirleitt svo glatt og hlakkar til að fara í ferðalag í sólina.“

## Biðraðir út á götu

Sólarlandaferðir hafa alltaf verið vinsælar meðal Íslendinga og ekki síst á níunda áratugnum þegar Útsýn bauð upp á ferðir til Ítalíu, Costa del Sol og Mallorca.

„Ég man vel eftir því að biðraðir mynduðust fyrir framan skrifstofuna þegar bæklingurinn um sólarlandaferðirnar kom út. Það var alltaf haldið opið hús í tilefni af útgáfunni og fólk beið fyrir utan til að ná í bæklinginn og til að finna sína ferð. Menn þurftu enda að hafa hraðar hendur og fljóta fætur því oft seldist hratt upp í ferðirnar.“

## Menningin hefur breyst

Valdís segir margt hafa breyst með tilkomu internetsins. „Samskiptin við fólk eru miklu minni í dag en þau voru. Oft var það þannig að öll fjölskyldan mætti á skrifstofuna til að kaupa ferðina og því skemmtilegur viðburður fyrir bæði foreldra og börn. Flestir höfðu þá grandskoðað bæklinginn heima hjá sér og komu svo á skrifstofuna til að fá að vita meira. Þetta var afar skemmtilegt enda allir fullir tilhlökkunar,“ segir Valdís brosandí.

En þrátt fyrir að gömlu tímarnir hafi verið góðir hefur margt breyst til batnaðar. Með internetinu veit fólk orðið mun meira um staðinn sem það er að fara til og stillir væntingarnar í samræmi við það.“ Flugferðirnar voru skrautlegar hér í eina tíð enda flestir með drykk í hendi og sumir verulega ölvaðir. Við Íslendingar höfum þroskast mjög hvað þetta varðar sem betur fer.“

## Elskar Mallorca

Valdís hefur farið á nær alla sólarlandaáfangastaði sem eru í boði fyrir Íslendinga en fyrstu ferðina fór hún til Costa del Sol sem var mjög vinsæll áfangastaður fyrir rúmum 30 árum. „Ég fór með fjölskylduna og þetta var mikil upplifun og stóðst allar mínar væntingar,“ segir Valdís en uppáhaldsstaðurinn hennar er þó án efa Mallorca. „Ég er algjör Mallorca-kona og verð það alltaf. Ég held ég sé búin að koma þangað hátt í

fimmtán sinnum,“ segir hún og er því afar ánægð með að Úrval Útsýn er farið að bjóða ferðir til Mallorca á ný eftir þriggja ára hlé.

## Perla Miðjarðarhafsins

En hvað er það við Mallorca sem er svona heillandi? „Í raun allt. Eyjan sjálf er undurfalleg og hefur upp á svo margt að bjóða, menn geta verið á ströndinni eða skellt sér til borgarinnar Palma sem er alveg frábær borg, enda á nær allt fræga fólk hús þar,“ segir Valdís. „Það er frábært að versla á Mallorca, ekki síst í Palma. Ef maður er þreyttur á því að vera í sólbaði er hægt að hoppa upp í strætó og skella sér til borgarinnar þar sem er margt að skoða, alltaf einhverjar uppákomur og flottar búðir. Svo er líka æðislegt að sitja á kaffihúsi eða veitingastað og fylgjast með mannlífinu sem er afar fjölbreytt, alltaf einhverjar uppákomur og útimarkaðir,“ segir Valdís og bendir einnig á að skemmtilegt sé að aka um Mallorca enda sé eyjan ekki stór og því hægt að sjá stóran hluta hennar á stuttum tíma.

## Íslendingar vilja í sólina

Úrval Útsýn býður upp á sólarferðir til áfangastaða á borð við Tenerife, Almería, Mallorca, Costa Brava, Benidorm, Albír, Alicante, og Kanarí. „Íslendingar eru greinilega orðnir þreyttir á veðrinu því við höfum fengið mikið af fólk til okkar núna yfir vetrarmánuðina sem er að kaupa ferðir með stuttum fyrirvara,



Valdís Jónsdóttir hefur farið á nær alla sólarlandaáfangastaði sem eru í boði fyrir Íslendinga.

MYND/VILHELM



Valdís með Erlu Valsdóttur samstarfskonu sinni í einni af fjölmörgu ferðum til Spánar.

sérstaklega til Tenerife og Kanarí, þar sem sólin skín alltaf,“ segir hún.

Valdís bendir fólk á sem er að spá í sumarfríin, sérstaklega stórum fjölskyldum, að vera tím-

anlega í því að panta þar sem stórar íbúðir eru fljótar að fara og það er að aukast að stórfjölskyldan fari saman í sumarfrí, afi, amma, börn og barnabörn.

# Njóttu lífsins

– Á MALLORCA

ÚRVAL ÚTSÝN

Við bjóðum upp á beint flug og vandaða íslenska fararstjórn svo þið getið notið sumarfrísins áhyggjulaust og skapað ykkur einstakar minningar.

Bókaðu núna á [uu.is](http://uu.is),  
í síma 585-4000 eða komdu  
til okkar í Hlíðasmára 19.

Verð eru birt með fyrirvara um prentviltur og stafabrengl.

## APARTMENTOS ROC PORTANOVA ●●●●●

Stutt er í skemmtigarðana Marineland og Western Water Park. Í göngufjarlægð frá hótelinu er úrval verslana, kaffihúsa og veitingastaða. Góður sundlaugargarður með sólarverönd og bar við sundlaugina. Leikvöllur og leikherbergi er fyrir börnin.

NETVERÐ M.V. TVÖ FULLORÐNA OG TVÖ BÖRN FRÁ **89.900 KR.** 2.–9. JÚNÍ



## VIVA PALMANOVA ●●●●●

Mjög gott hótél í VIVA keðjunni staðsett örfáum metrum frá ströndinni í Palmanova. Fyrsta flokks þjónusta og frábær aðstaða á hótelinu gerir það að verkum að allir í fjölskyldunni njóta sín til fullnustu í sumarfríinu. Glæsilegur sundlaugargarður.

NETVERÐ M.V. TVÖ FULLORÐNA OG TVÖ BÖRN FRÁ **123.900 KR.** 14.–21. JÚLÍ



## FONTANELLAS PLAYA ●●●●●

Mjög gott fjögurra stjörnu hótél staðsett á ströndinni á Playa de Palma. Í næsta nágrenni er úrval veitingastaða og verslana. Á hótelinu er góður garður með tveimur sundlaugum og barnalaug. Fín sólbaðsaðstaða og sundlaugabar er einnig í garðinum.

NETVERÐ M.V. TVÖ FULLORÐNA OG TVÖ BÖRN FRÁ **97.900 KR.** 16.–23. JÚNÍ



## APARTMENTOS ROC PORTANOVA ●●●●●

Stutt er í skemmtigarðana Marineland og Western Water Park. Í göngufjarlægð frá hótelinu er úrval verslana, kaffihúsa og veitingastaða. Góður sundlaugargarður með sólarverönd og bar við sundlaugina. Leikvöllur og leikherbergi er fyrir börnin.

NETVERÐ M.V. TVÖ FULLORÐNA OG TVÖ BÖRN FRÁ **89.900 KR.** 7.–14. JÚLÍ



Innfalið í verði: Flug, gisting, flugvallaskattar, íslensk fararstjórn, 20 kg taska, handfarangur.

Úrval Útsýn | Hlíðasmára 19 | 201 Kópavogi

# SKELLTU ÞÉR MEÐ!



BARCELONA flug frá  
**18.999 kr.**

ALICANTE, BENIDORM flug frá  
**18.999 kr.**

TENERIFE flug frá  
**19.999 kr.**

DUBLIN flug frá  
**9.999 kr.**

AMSTERDAM flug frá  
**14.999 kr.**

Gerðu verðsamanburð,  
það borgar sig!



## Fóru í ævintýrferð til Srí Lanka

Hjónin Guðmundur P. Egilsson og Sigrún Óskarsdóttir fóru í ógleymanlega ferð til Dúbaí og Srí Lanka í janúar ásamt dóttur sinni Hjördísi og syninum Ívari. Þau voru rúmar þrjár vikur á ferðalaginu.

**K**veikjan að þessari ferð var sú að Hjördís dóttir mín hafði fundið sér ferð til Srí Lanka í tilefni þrítugsafmælis hennar í nóvember 2014. Í framhaldinu smitaðist ég af áhuga hennar fyrir eyjunni auk þess sem ég átti einhverjar minningar úr bókmenntum unglingsáranna er höfðu heillað mig á þeim tíma, en þá hét eyjan Ceylon. Ég settist því yfir Google og leitaði uppi allt mögulegt varðandi eyjuna og að endingu stakk ég upp á að við fjölskyldan færum saman í ferð til Srí Lanka í janúar og það voru bara allir tilbúnir í það,“ segir Guðmundur þegar hann er spurður hvernig ferðin kom til.

### Grand dagar

Þau flugu í fyrstu atrennu frá Keflavík til Ósló og þaðan áfram til Dúbaí með flugfélaginu Norwegian Airlines. „Við ákváðum að vera í Dúbaí í þrjár nætur en þangað höfðum við ekki komið áður. Það var mjög skemmtilegt að koma þangað og ólíkt því sem við sáum síðan á Srí Lanka. Það kom mér á óvart hversu fjölskrúðugt mannlífið er í Dúbaí, fólk af öllum kynþáttum sem lifir í sátt og samlyndi. Við skoðuðum okkar víða um í borginni og fórum meðal annars upp í hæsta turn í heimi en hann heitir Burj Khalifa. Síðan sigldum við eftir ánni sem rennur í gegnum Dúbaí. Þá áttum við pantað borð í Burj Al Arab, sem er eitt af örfáum sjö stjörnu hótélum í veröldinni. Þar borðuðum við frábæran mat uppi á 27. hæð meðan við virtum fyrir okkar útsýnið. Þetta voru því líkt grand dagar,“ segir Guðmundur.

### Ekið um Srí Lanka

Næst lá leiðin til Srí Lanka. „Þar dvöldum við í tuttugu daga. Ég mæli með að fara í janúar því sólin er hátt á lofti og mjög gott veður. Við leigðum bíl ásamt bílstjóra og ókum 1.100 km hring um eyjuna. Gistum á níu hótélum og gistiheimilum í ferðinni. Við Hjördís vorum búin að skipuleggja þetta allt að mestu í gegnum netið. Við byrjuðum í höfuðborginni Kólombó þar sem við dvöldum í þrjár nætur til að venjast hitanum og ná áttum. Síðan var ekið inn í mitt landið á stað sem heitir Sigiriya í grennd við borgina Dambulla. Þar er 200 metra hár og mikill klettur umvafinn miklum og ótrúlega fallegum gróðri. Ganga þarf einar 1.200 tröppur til að komast þarna upp. Er upp var komið skoðuðum við ýmsar merkar fornminjar sem varðveist hafa um aldir, til dæmis minjar um búddaklaustur. Einnig var stórfenglegt útsýni til allra átta ofan af klettinum.

### Margt að sjá

Srí Lanka er þekkt fyrir teræktun. Við keyrðum um tekrur og kynntumst aðeins þessari ræktun. Leiðin lá næst á magnaðan stað sem heitir World's end og er í þjóðgarðinum Hortons Plains sem er í tvö þúsund metra hæð. Ég hafði mikinn áhuga á að komast í þennan þekkt þjóðgarð en ganga þarf níu kílómetra hring til að komast á þennan „enda veraldar“. Þar blasir við ægífagurt útsýni.



Fjölskyldan í Dúbaí fyrir utan Burj Khalifa sem er rúmlega 800 metra hár turn og hæsta bygging heims. Þau fóru þarna upp í tæplega 500 metra hæð. MYNDIR/EINKASAFN



Mikilvægt er að mæta fyrir sólarupprás og sjá sólina gægjast upp úr fjöllunum.“

Þegar hann er spurður um íbúana, segir hann þá vera yndislegt fólk. „Fólkið er hrein auðlind fyrir ferðamenn. Heiðarlegt, einlægt, hjálpsamt og gott fólk sem vildi allt fyrir okkur gera. Við upplifðum aldrei að einhver vildi svindla á okkur. Maturinn er mjög góður, sérstaklega fyrir þá sem vilja bragðsterkan mat. Við fengum til dæmis aldrei í magann.“

### Hlébarðar og filar

Srí Lanka hefur allt að bjóða, gylltar strendur, safarí og þjóðgarða. Við ókum sem fyrr segir vítt og breitt um eyjuna. Komum við í Yala-þjóðgarðinn þar sem eru meðal annars hlébarðar, filar og mikilfenglegt fuglalíf. Það var skemmtilegt að mynda þessi ótrúlega flottu dýr á ferð um garðinn. Síðan er hægt að finna ósnertar strendur við blátt hafið einnig veitingahús með borð í sandinum. Ógleymanlegt var að koma til Kalpitiya sem skagar út úr vesturströnd eyjarinnar. Við sigldum á fyrsta hluta skagans sem er mjög afskekktur og aðeins fær sjóleiðina. Þetta var eins og að ferðast langt aftur í tímann. Þarna var enginn ferðamaður á ferð en íbúar lifa á fiskveiðum, ávöxtum af trjánum og eigin ræktun.“

Fjölskyldan hefur áður farið saman í langt ferðalag. Árið 2006 fór hún til Argentínu og Brasilíu í fimm vikur. „Það er dýrmætt að ferðast saman og eiga þessar minningar. Okkur finnst mjög gaman að rifja ferðirnar upp og skoða myndir.“

Guðmundur segir að auðvelt sé að skipuleggja svona ferð og hver og einn geti ferðast um Srí Lanka. „Allir tala ensku, hreinlætið er mikið og hótelin yfirleitt góð,“ segir hann.



Það var nóg af tröppum á Srí Lanka.



Hlébarði í Yala-þjóðgarðinum.



Sigiriya, í grennd við borgina Dambulla.



# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



## ÞJÓÐBÚNINGADAGUR

Hinn árlegi þjóðbúningadagur verður haldinn í Þjóðminjasafni Íslands á sunnudaginn. Fólk er hvatt til að mæta í þjóðbúningi síns föðurlands en gestir í þjóðbúningi fá ókeypis aðgang frá 14 til 16. Félagar úr Þjóðdansafélaginu munu dansa og syngja klukkan 14.30 og 15.

**ÞÚ VELUR NÁTTÚRULEGA**

**DGI ORGANICS SHAMPOO**

ÁN PARABENA OG SLS

Dreifing [www.isflex.is](http://www.isflex.is)

Ábendingahnappinn má finna á [www.barnaheill.is](http://www.barnaheill.is)

**S A F T**

# SÆTINDALÖNGUN NÁNAST HORFIN

**ICECARE KYNNIR** Zuccarin er fæðubótarefni sem inniheldur engin lyf. Það hentar þeim sem þurfa að minnka kaloríuinntöku eða draga úr sykurnotkun.

Ég hef sótt meira í sykur og sætindi en áður. Ég var alltaf að narta í eitthvað, til dæmis nammi eða popp á kvöldin. Þess vegna hafa kílóin læðst á mig hægt og rólega,“ segir Berglind Stolzenwald Jónsdóttir. „Í byrjun árs bauðst mér að prófa Zuccarin og ákvað ég að slá til og sé ekki eftir því.“ Berglind átti ekki sérstaklega von á því að sjá árangur og kom það henni því á óvart þegar hún fann að hún var orðin orkumeiri og fimm kílóum léttari á einum mánuði. „Ég er ánægð með árangurinn og ætla að halda áfram því ég finn að mér líður mun betur en áður og er full af orku,“ segir Berglind.



**ORKUMEIRI OG LÉTTARI**

Berglind er ánægð með árangurinn og ætla að halda áfram að taka Zuccarin því henni líður betur en áður og er full af orku.



**HRAFNHILDUR JÓNSDÓTTIR** mælir með Zuccarin.

Hún getur nú sagt „nei, takk“ við sælgæti.

MYND/GVA

### SYKURNEYSLAN VAR STÓR LÖSTUR

Hrafnhildur Jónsdóttir hefur verið sölgin í sykur í ansi mörg ár. „Mig langaði til að losna við aukakílóin og ekki vildi ég enda með sykursýki-2 eða aðra sjúkdóma en ég var hins vegar ekki nógu viljasterk til að segja nei af því að sjúkleg löngun í sykur var alltaf til staðar.“

Hún segir það geta verið mjög erfitt og nánast vonlaust að halda sig frá sykrinum þar sem hann er í nánast öllu sem við borðum. „Mér hefur allavega ekki tekist að losna við sykurlöngun sem hefur hvílað að mér að ég eigi nú skilið smávegis súkkulaði.“

Eftir að Hrafnhildur fór að taka inn Zuccarin getur hún sagt „nei, takk“ við sælgæti. „Mér finnst ég vera orkumeiri og mittismálið hefur aðeins minnkað sem er ekki verra.“

### EKKI LENGUR ORKULAUS

Rósa Harðardóttir skólasafns-kennari hefur gert margar tilraunir til að útiloka sykur úr daglegri fæðu sinni með misgöðum árangri. „Ég hef fundið fyrir vanlíðan eftir að hafa borðað sætindi og kökur, finn til í skrokknum og fæ höfuðverk,“ segir Rósa.

Hún hefur í gegnum tíðina lagt sig fram við að borða hollan og næringarríkan mat og hreyfa sig daglega en sykurlöngunin er alltaf til staðar. „Eftir að ég fór að taka Zuccarin er þetta hins vegar ekkert mál. Ég hef nánast enga löngun í súkkulaði og önnur sætindi og finn að ég er öll kraftmeiri.“



## SÖLUSTAÐIR OG UPPLÝSINGAR

Zuccarin fæst í öllum apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna. Hægt er að nálgast frekari upplýsingar á heimasíðu IceCare, [www.icecare.is](http://www.icecare.is).

**IceCare**  
þín heilsa

**PRO-STAMINUS**  
ÖFLUGT NÁTTÚRULEGT EFNI FYRIR KARLMENN

Pissar þú oft á nóttunni?  
Er bunan orðin kraftlitil?

**PRO-STAMINUS** er spennandi nýjung sem er fyrst og fremst ætluð karlmonnum sem hafa einkenni göðkynja stækunar á blóðruhálskirtli sem getur valdið vandræðum við þvaglát.

[www.gengurvel.is](http://www.gengurvel.is)



Karen Hauksdóttir starfar við garðyrkju á höfuðborgarsvæðinu.

## Losnaði við sykurbörfina og 13 kíló farin!

„Mittismálið minnkaði og ég er orkumeiri. Einnig finnst mér ég ekki þurfa borða eins mikið og áður og sleppi sælgæti algjörlega.“



Jóhanna Sverrisdóttir

## 20 kíló farin!

„Raspberry Ketones er það eina sem hefur virkað fyrir mig.“



natures aid



Sigrún Emma Björnsdóttir, íþróttakona

## Sykurlöngunin hvarf og mittismálið minnkaði!


„Raspberry Ketones frá Natures Aid hefur gert frábæra hluti fyrir mig og ég mæli 100% með þeim.“

Útsöluastaðir: flest apótek, heilsuþúðir og heilsuhillur stórmarkaða og verslana

[www.gengurvel.is](http://www.gengurvel.is)

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir** | Sölumenn: **Bryndis Hauksdóttir**, bryndis@365.is, s. 512 5434  
**Jón Ívar Vilhelmsson**, jonivar@365.is, s. 512 5429




L'ORÉAL  
PARIS

## HÁRLITA RÁÐGJÖF

FÁÐU AÐSTOÐ VIÐ VAL Á RÉTTUM  
LITATÓN OG LEIÐBEININGAR UM  
RÉTTU SKREFIN VIÐ HEIMAHÁRLITUN.

Laugardaginn 7. mars  
kl. 12-18  
Hagkaup Smáralind



**HAMINGJUSÓM** Sólrun lét drauma sína rætast, flutti í smábæ á Ítalíu og segist aldrei hafa verið sáttari við lífið.

MYND/VILHELM

# EINHLEYP OG SÁTT Í ÍTÖLSKUM SMÁBÆ

**TÍMAMÓT** Sólrun Bragadóttir óperusöngkona stendur á tímamótum í lífinu. Hún er nýskilin í þriðja skiptið og hefur komið sér fyrir í litlum bæ á Ítalíu. Á þriðjudaginn kemur verður hún með hádegisónleika í Hörpu.

**S**ólrun kom til landsins á fimmtudagskvöld og var því nýlent þegar við náðum tali af henni. Á þriðjudag verður hún með hádegisónleika Íslensku óperunnar í Norðurljósum í Hörpu undir nafninu Ástir trygglyndra kvenna. Þar mun hún syngja um kvenpersónur sem leggja allt í sölurnar fyrir ástina. Sjálf býr hún ein ásamt hundinum sínum í Umbria-héraði á Ítalíu, í litlum fjallabæ sem liggur miðja vega á milli Rómar og Flórens. „Það var alltaf draumur minn að búa á Ítalíu. Mér finnst andinn þar eiga einstaklega vel við mig, þetta hæga tempó. Allt í einu kom tækifærið upp í hendurnar og við hjónin rifum okkur upp og fluttum. Við bjuggum á dönsku eyjunni Mön þar sem mig langaði að byggja upp listasetur. Það verkefni óx í höndunum á mér á kostnað söngsins.“

### STÚDERAR ÁSTINA

Það er svo undarlegt hvernig lífið getur breyst á skammri stundu. Stuttu eftir að við fluttum til Ítalíu var ég allt í einu orðin einhleyp á ný. Ég hef því nýverið gengið í gegnum skilnað en hef sjaldan á ævinni verið sáttari og líðið jafn vel,“ segir Sólrun, en hún hefur búið í Danmörku í fjórtán ár, þar á undan í Þýskalandi í tólf ár og í Bandaríkjunum í fimm ár. „Svo kem ég alltaf reglulega í heimsókn til Íslands,“ segir Sólrun sem á tvö uppkomin börn hér á landi. Söngvarann Braga Bergþórsson og dótturina Berglindi Lilju sem er nýflutt hingað til lands eftir að hafa alist upp á erlendri grund.

Sólrun er þrjú ára síðasti eiginmaðurinn er Þjóðverji. Þau áttu ekki barn saman. „Mér líður einstaklega vel á Ítalíu,“ segir hún. „Ég bý í yndislegu umhverfi, ein með sjálfri mér auk þess að vinna að hinum ýmsu verkefnum. Tæknin gerir vinnuna auðveldu. Ég get til dæmis verið með kennslustund í gegnum Skype. Svo hef ég verið að undirbúa tónleika. Næstu

tónleikar eru hér á þriðjudag þar sem þemað passar ágætlega við breytinguna í lífi mínu. Mér finnst gaman að stúdera ástina og þetta eru ólíkar konur sem ég tjá í gegnum tónlistina,“ segir Sólrun en hún mun meðal annars bregða sér í hlutverk Leónóru úr Valdi örloganna, Elísabetar úr Tannhäuser, Santuzzu úr Cavalleria Rusticana og Maddalenu úr Andrea Chénier. „Svo verð ég með tónleika í Norræna húsinu 1. apríl. Þeir tónleikar nefnast Klassík í Vatnsmýrinni. Með mér verður Anna Málfríður Sigurðardóttir píanóleikari.“

### RÓMANTÍSKT UMHVERFI

Sólrun ætlar að vera á Íslandi fram yfir páska, knúsa börn sín og tvö barnabörn sem hún hittir sjaldan. „Ég reyni yfirleitt að vera hér í þrjár-fjórar vikur. Það er svo gaman að hitta fjölskylduna. Á Ítalíu er varla hægt að tala um vetur en þó verður mjög kalt í janúar og febrúar þar sem húsin eru ekki kynt. Maður þarf að vera kappklæddur innan dyra. Mér finnst samt ótrúlega hressandi að koma hingað í þetta veðraskap, fá vindinn í fangið. Það er góð tilbreyting sem ég myndi þó ekki vilja búa við alltaf. Nú er vorið að koma á Ítalíu og allt að vakna í litla þorpinu mínu. Þetta er eldgamalt antíkþorp, svo ótrúlega rómantískt umhverfi. Allir íbúar heilsa manni, presturinn bankar upp á og spyr um líðan. Ef maður mætir hjólréidamanni þá stoppar hann til að rabba. Þarna er virkilega spes stemning og allt lífið í hægaferð. Mér líður mjög vel í slíku tempói. Maturinn er líka æðislegur, jafnvel fyrir grænmetisætur eins og mig. Ítalir eru auðvitað meðvitaðir um að þeir búa til besta mat í heimi. Ég get bjargað mér á ítölskunninni en er að læra hana til að geta haldið uppi samræðum. Einnig eru að opnast spennandi tengsl við tónlistarlífið sem ég á eftir að notfæra mér,“ segir Sólrun.

### ERFIÐUR TÍMI

„Það gerðust margir undarlegir hlutir í lífi mínu á síðasta ári. Á meðan á þeim hamförum stóð leit allt út fyrir að vera neikvætt. Núna lít ég á þessa reynslu sem blessun.“

### ENGINN RIDDARI

„Ég lífi lífinu í núinu. Ef maður er upptekinn af því að hafa áhyggjur af framtíðinni þá missir maður fullt af tækifærum úr höndunum. Það á að njóta augnablikins og þess sem það færir manni. Þá gerast kraftaverk. Mér finnst rosa mikið stress í loftinu hér á landi. Jafnframt mikil sköpunargleði og gaman að fylgjast með öllum þessum skemmtilegu hlutum,“ segir hún.

Sólrun segist oft taka lagið heima í stofu en nágrannar hennar biðja oft um söng. „Senjórán á neðri hæðinni kemur þá fagnandi og segir mér að fólk hafi staðið úti á götu og hlustað. Óperan á Ítalíu er harður heimur, þar er mikil samkeppni. Ég hef ekki enn gert plön varðandi sönginn á Ítalíu. Það kemur einn daginn.“

### En hefurðu fundið ástina á Ítalíu?

„Ekki enn,“ svarar Sólrun og hlær. „Ég er mjög upptekin af sjálfri mér í augnablikinu. Ég hef ekki nein áform um að binda mig aftur en ef riddarinn kemur á hvíta hestinum veit maður aldrei hvað gerist. Það gerðust margir undarlegir hlutir í lífi mínu á síðasta ári. Á meðan á þeim hamförum stóð leit allt út fyrir að vera neikvætt. Núna lít ég á þessa reynslu sem blessun. Börnin mín sögðu mér að skrifa bók um þetta allt saman og titillinn ætti að vera „Engar ýkjur,“ segir Sólrun hlajandi og bætir því við að sér líði vel og hún hlakki mikið til tónleikanna á þriðjudag, enda er þetta í fyrsta skipti sem hún syngur í Hörpu. ■ [elin@365.is](mailto:elin@365.is)



TOPSHOP  
KAREN MILLEN  
DOROTHY PERKINS  
WAREHOUSE  
evans.

# ÚTSÖLUMARKAÐUR

Á KORPUTORGI TIL 4.APRÍL

Allar vörur frá Warehouse,  
Topshop, Dorothy Perkins  
og Evans á **500-6000** kr.

KORPU **OUTLET**

ALLT AÐ **70% AFSLÁTTUR** Á  
VÖRUM FRÁ KAREN MILLEN

OPIÐ HÚS Í MK 11. mars  
Kl. 17.00-19.00

## Hjartað slær í MK

Alþjóðasamskipti  
Ferðagreinar  
Félagsgreinar  
Listgreinar  
Raungreinar  
Viðskiptagreinar  
Framhaldsskólabraut  
Grunndeild matvæla- og ferðagreina  
Starfsbraut fyrir einhverfa

Bakstur - bakari  
Framreiðsla -þjónn  
Kjötiðn - kjötiðnaðarmaður  
Matreiðsla - kokkur

Ferðamála- og leiðsögunám  
Matsveina- og matartæknánám  
Meistaránám í matvælagreinum  
Skrifstofunám

3ja ára stúdentsnám



Menntaskólinn í Kópavogi

Þekking - þroski - þróun - þátttaka

Menntaskólinn í Kópavogi  
Hótel- og matvælskólinn  
Ferðamálskólinn og Leiðsöguskólinn

Digranesvegi 51  
Sími 594 4000  
www.mk.is

## Streitulausir dagar - Friðsælar nætur

ZenBev Náttúrulegt  
**Triptófan**  
úr graskersfræjum

Betri og dýpri svefn  
Engin eftirköst eða ávanabinding  
Triptófan verður að melatónín og seratónín í líkamanum

Fæst í apótekum og heilsubúðum

## Rauðrófu kristall

100% náttúrulegt ofurfæði

Nitric Oxide Superbeets allt að 5 sinnum öflugra  
1. dós superbeets jafngildir 30 flöskum af 500 ml rauðrófusafa

**Nitric Oxide**  
Nóbelsverðlaun 1998 fyrir lífeðlisfræði - Sameind ársins 1992  
"The discovery of N-O and its function is one of the most important in the history of cardiovascular medicine." Dr. Valentin Fuster 1998 President of the American Heart Association

lækkað verð

NEOGENIS LABS  
**SuperBeets**  
THE CIRCULATION SUPERFOOD  
ultra-concentrated beetroot crystals

Fæst í Apótekum og heilsubúðum

vitex.is

## Skólager til sölu

Erum með 1400 skópör dömu, herra og barna. Ath. selst allt saman. Einnig ýmislegt annað til verslunarreksturs.

Áhugasamir sendi póst á  
skor@mail.com



## MARG-SLUNGIN

„Ég hef sterka réttlætiskennnd, er tilfinninganæm á bæði umhverfi og fólk og hef mikinn áhuga á fólki, tilfinningum og tilfinningaflækjum. Ég er líka námsþyrst, mig þyrstir í þekkingu og reynslu og get ekki hugsað mér að staldra við lengi í einu. En svo er ég líka jógagúrú þannig að ég er svolítið klofin í allar áttir.“

## TÓNLISTAR-KONAN LÁRA

hefur nóg að gera enda að klára mastersnám auk þess að vera nýbúin að klára sína fimmtu plötu. MYND/VILHELM

# SEGIST VERA „ALLS KONAR“ KONA

**NÓG AÐ GERA** Tónlistarkonan Lára Rúnarsdóttir er kvenréttindakona, jafnréttissinni og jógagúrú. Hún verður með tónleika annað kvöld á Loft Hosteli.

**H**elstu hugðarefni Lára Rúnarsdóttur tónlistarkonu sameinast í tónleikahaldi á Loft Hosteli annað kvöld en tónleikarnir verða haldnir í tilefni alþjóðlegs baráttudags kvenna á morgun. Auk Láru koma Reykjavíkurdætur, Ylja og skáldahöpurinn Meðgönguljóð fram á tónleikunum. „Tónleikarnir sameina það sem brennur helst á mér, það er tónlist og jafnrétti. Ég er að klára mastersnám í kynjafræði, þannig að femínismi, kvenréttindi, mannréttindi og jafnrétti eru mér afskaplega hugleikin. Mér finnst ótrúlega mikilvægt að allir nái að blómstra og rækta hæfileika sína,“ segir Lára.

### PERSÓNULEG PLATA

Nýlega kláraði Lára sína fimmtu plötu en hún er nú í svokallaðri „masteringu“ og kemur út í lok maí. Á plötunni syngur Lára einungis á íslensku og er það í fyrsta skipti sem hún gerir það. „Mér finnst það nauðsynlegt til þess að tengjast fólki. Ég held að fólk hlusti betur þegar sungið er á íslensku. Platan er mjög persónuleg, eins og reyndar allar hinar en með íslenskunni nær tjáningin betur í gegn. Á tónleikunum á morgun byrjum við að þreifa á þessu nýja efni í bland við eitthvað eldra. Við verðum fimm á sviðinu og verður þetta svona almenn dramatik,“ segir hún létt í bragði.

### KONUR MEIRA ÁBERANDI

Eins og áður sagði er Lára mikil kvenréttindakona. Fyrir tveimur árum var KÍTÓN, félag kvenna í tónlist, stofnað og var Lára einn af stofnendum og er núverandi varaformaður félagsins. „Varaformannssætið er laust og kosinn verður ný varaformaður á aðalfundi 15. mars þannig að hér með auglýsi ég eftir framboðum,“ segir Lára og hlær. Hún bætir því við að stofnendur félagsins hafi ákveðið í upphafi að sitja ekki of lengi við völd en það er einmitt eitt af því sem þær gagnrýna tónlistarbransann fyrir, að sama fólk sitji þar í sömu stólunum of lengi. „KÍTÓN hefur leitt til mikils góðs, við finnum gríðarlegan mun eftir stofnun félagsins, fyrst og fremst í bættara tengslaneti og meiri vinskapi meðal tónlistarkvenna. Það er mikið leitað til félagsins innan bransans og konur eru að verða meira áberandi. Þetta er allt á réttri leið en það má alltaf gera enn betur í þessum málum. Það er það sem brennur á okkur, að gera þetta af krafti.“

### SVOLÍTIÐ KLOFIN TÝPA

Lára er ekki einungis baráttukona, hún er líka jógagúrú og er með réttindi sem kundalini-jógakennari. Hún lýsir sjálfri sér sem „alls konar“. „Ég hef sterka réttlætiskennnd, er tilfinninganæm á bæði

umhverfi og fólk og hef mikinn áhuga á fólki, tilfinningum og tilfinningaflækjum. Ég er líka námsþyrst, mig þyrstir í þekkingu og reynslu og get ekki hugsað mér að staldra við lengi í einu. En svo er ég líka jógagúrú þannig að ég er svolítið klofin í allar áttir. Ég hef átt í tíu ára sambandi við jóga, ég datt einhvern veginn inn á Jógasetrið í Borgartúni árið 2005 og varð strax mjög hrifin. Kundalini-jóga hentar mér vel, það er allhiða jóga og blanda af mörgu, asha-jóga, flæði, hugleiðslu og möntrusöng. Ég hef ekki viljað vera í annars konar jóga og jógað er mér lífsnauðsynlegt tól. Allt þetta nota ég svo í tónlistarsköpunina.“

### SLAKAR Á UM HELGAR

Lára er auk alls þessa líka fjölskyldumannskja því hún á eiginmann og tvö börn. „Ég nýt samverunnar við börnin um helgar og við fjölskyldan gerum mikið saman og svo finnst mér gaman að hitta vini og eiga notalegar eða fjörugar stundir. Mér finnst gott að slaka á um helgar því virku dagarnar eru oft kaótískir, sérstaklega núna þegar ég er að klára námið mitt. Stundum er maður svo heppinn að spila á tónleikum eins og á morgun en það verður örugglega mjög mikið stuð,“ segir Lára og brosir.

■ liljabjork@365.is

# SKIPTIR ÖLLU MÁLI AÐ VELJA RÉTTA MELTINGARGERLA

**RARITET KYNNIR** OptiBac Probiotics eru meðal öflugustu meltingargerla á markaðnum í dag. Umsagnir þeirra sem nota þá að staðaldri segja sína sögu.

Ég hef prófað margar tegundir af meltingargerlum (acidophilus), en hef aldrei fundið jafn mikla virkni og þegar ég nota OptiBac,“ segir Víðir Þór Þrastarson, íþróttfræðingur og heilsunuddari, en Víðir hefur meðal annars notað „For Every Day“ extra sterkan frá OptiBac.

Víðir Þór er menntaður íþróttfræðingur frá Háskóla Íslands og hefur starfað sem einkaþjálfari í yfir 15 ár og á þeim tíma byggt upp mikla og sérhæfða þekkingu varðandi hreyfingu og næringu. Auk þess sinnir Víðir stundakennslu við heilsunuddbraut Fjölbautaskólans við Ármúla og er aðstoðarkennari við íþróttfræðisetur Háskóla Íslands.

## BREIÐ VIRKNI OG SÉRHFÆÐAR LAUSNIR

Það sem er einstakt við þessa vöru er hvað gerlarnir eru virkir og vel rannsakaðir. Bæði er hægt að velja gerlablöndu með breiða virkni sem inniheldur margar tegundir af gerlum en einnig hefur OptiBac þróað og sett saman nokkrar tegundir af sérhæfðum blöndum með virkni fyrir sérstök meltingarvandamál eins og til dæmis gegn hægðatregðu, til að losna við loft og þembu úr meltingarvegnum, við niðurgangi eða bakteríusýkingu.

## DAGLEG INNTAKA VINVEITTRA GERLA STYRKIR ÓNÆMISKERFIÐ.

Streita, lélegt eða einhæft mataræði á borð við skyndibita og unnar matvörur, ásamt sýklalyfjanotkun hefur neikvæð áhrif á þarmaflóruna. Þessir þættir valda skorti á ensímum og nauðsynlegum bakteríum fyrir þarmaflóruna og því er ráðlagt að taka daglega inn vandaða meltingargerla með sannaða virkni.

„Í þörmum fyrirfinnast bæði góðar og vondar bakteríur. Talið er mikilvægt að hlutfall góðra baktería sé yfir sjötíu prósent. Margir kannast við óþægindi í meltingarvegi



**MÆLIR MEÐ OPTIBAC** Víðir Þór Þrastarson, íþrótt- og heilsufræðingur frá Háskóla Íslands, hefur notað OptiBac Probiotics með góðum árangri og mælir með þeim fyrir alla sem vilja tryggja að meltingin sé í lagi.

MYND/VALLI

vegna slæmra baktería; loft í maga, magakrampa, niðurgang og hægðatregðu. Ef slæmt ástand í þarmaflórunni varir lengi er það talið geta leitt af sér ýmsa kvilla, eins og ofnæmi, óþol, minni vörn gegn umgangspæstum og

sýkingum, bólgusjúkdóma og veikingu á ónæmiskerfinu, sem leitt getur af sér alvarlega sjúkdóma. Auk þess styrkjum við náttúrulegar varnir líkamans gegn kvefi, flensu og umgangspæstum með því að viðhalda

meltingarflórunni,“ segir Víðir og bendir á að þó svo að við höldum að flóran sé góð þá sé raunveruleikinn oft annar og ýmis líkamleg einkenni sem við tengjum ekki beint við meltinguna eigi sér uppruna þar.

## OPTIBAC PROBIOTICS EXTRA STRENGTH

Extra sterk Probiotic-formúla með 20 milljörðum af lifandi bakteríum í dagskammti. Inniheldur fimm ítarlega rannsakaðar bakteríutegundir, meðal annars L. acidophilus NCFM®

- Yfir 75 greinar birtar í viðurkenndum vísindaritum.
- Virkar vel gegn ýmsum húðvandamálum, svo sem unglingsbólum, rósroða, exemi og bólum.
- Virkar gegn IBD og IBS, Crohns-sjúkdómi og candida-ofvexti.
- Styrkir ónæmiskerfið og minnkar hættu á flensu og umgangspæstum.



- Dregur úr áhrifum ofnæmis, til dæmis af völdum dýra, frjókorna og annarra umhverfispáttá.
  - Virkni hefur verið sönnuð í fjölmörgum rannsóknum, eins og við IBS, ofnæmi og fyrir þá sem eru á sýklalyfjum.
  - Er ónæmisbættandi fyrir eldra fólk.
- Mælt er með OptiBac Probiotics Extra Strength fyrir þá sem lifa hröðu og streituvaldandi lífi, þá sem nota sýklalyf oft eða að staðaldri og fólk með meltingarvandamál, svo sem: IBD (ulcerative colitis, diverticulitis, Crohns-sjúkdóm) og candida-ofvöxt.



## NÁTTÚRULEG OG HRAÐVIRK LAUSN GEGN NIÐURGANGI OG BAKTERÍUSÝKINGU

OptiBac Saccharomyces boulardii virkar hratt og örugglega við niðurgangi og bakteríusýkingu í meltingarvegi.

- Gegn niðurgangi: Takið 1-4 hylki í einu og allt upp í 6 hylki á sólarhring.
- Gegn IBS: 1 hylki tvisvar á dag.
- Gegn IBD: 1 hylki þrisvar á dag.
- Gegn candida-ofvexti: 6 hylki á dag (forðist að taka á sama tíma og sveppalyf)
- Gegn Clostridium difficile: Sem meðferð takið upp í tvö hylki tvisvar á dag í fjórar vikur og sem forvörn eitt hylki tvisvar á dag.
- Hylkin eru sýrupolin og þarf ekki að geyma í kæli.

OptiBac Probiotics eru klínískt rannsakaðir, sýrupolinir gerlar sem þarf ekki að geyma í kæli. Neytendur geta treyst því að ef varan er geymd samkvæmt upplýsingum á pakka inniheldur hún að lágmarki það magn gerla sem gefið er upp á umbúðum.

## EKKI MEIRI HÆGÐATREGÐA



OptiBac Bifidobacteria & Fibre eykur á náttúrulegan hátt meltingarvirgni og þarma-hreyfingar.

■ Við svæsinni hægðatregðu er ráðlagt að taka allt að fjórum skömmtum á dag með aðalmáltíðum dagsins og áður en farið er að sofa.

- Má taka við tilfallandi hægðatregðu eða að staðaldri til að viðhalda jafnri og góðri meltingu og ætti þá flestum að duga einn skammtur á dag.

## FLATUR MAGI Á 7 DÖGUM



OptiBac One Week Flat eykur ensímframleiðslu og brýtur niður fæðuna.

- Virkar einstaklega vel fyrir þá sem eru gjarnir á að fá þembu og vindverki í tengslum við fæðuþol eða eru viðkvæmir fyrir hveitiafurdum og mjólk.
- Vinnur gegn neikvæðum áhrifum gers á þembu og loftmyndun.

## GÓÐ RÁÐ FRÁ VÍÐI

„Hreint, fjölbreytt og ferskt mataræði ásamt daglegri hreyfingu og inntöku á OptiBac-meltingargerlum er það sem þarf til að viðhalda góðri þarmaflóru og því samhlíða bættri heilsu og heilbrigði á líkama og sál,“ segir Víðir. Hann hefur meðal annars notað „For Every Day“ extra sterkan sem hefur einstaklega góða virkni og inniheldur fimm ítarlega rannsakaðar bakteríutegundir. Þar má nefna L. acidophilus NCFM® sem hefur fengið lofsamlega umfjöllun í yfir 75 viðurkenndum vísindaritum.

## MELTINGARGERLAR OG BAKTERÍUR Í ÞÖRMUNUM GEGNA LYKILHLUTVERKI VIÐ FRÁSOG NÆRINGAREFNA FYRIR LÍKAMANN

„Hippókrates, guðfaðir læknisfræðinnar, sagði fyrir 2.500 árum að allir sjúkdómar byrjuðu í meltingarvegi. Rannsóknir undanfarinna ára styðja orð hans en sýnt hefur verið fram á að heilbrigð þarmaflóra hefur gríðarlega mikið að segja fyrir almennt heilbrigði og líðan,“ segir Víðir. „Þarmaflóran telur 10 sinnum fleiri bakteríur en allar frumur líkamans og því er mikilvægt að hlutfall góðra baktería sé hátt. Sé ójafnvægi á bakteríuflórunni í þörmum hefur það áhrif á frásog næringarefna sem síðan dreifast um allan líkamann. Skilvirkt frásog næringarefna er ómetanlegt þegar kemur að góðri heilsu og virkni líkamans. Fjölmargir vísindamenn og heilbrigðisstarfsfólk trúir að heilbrigð þarmaflóra í meltingarvegi sé lykillinn að heilbrigði fólks á 21. öldinni.“



BRETAGNE Tilboðsverð 292.000 kr. Verð áður 365.000 kr.

habitat



FULL BÚÐ  
AF NÝJUM  
VÖRUM

TEKK  
COMPANY

GERUM HÚS  
AÐ HEIMILI



HOPPER Tilboðsverð 236.000 kr. Verð áður 295.000 kr.

MARSTILBOÐ  
20-40%  
AF ÖLLUM SÓFUM

FJÖLMARGAR GERÐIR  
OG STÆRÐIR  
- SKOÐAÐU ÚRVALIÐ  
Á TEKK.IS



SUMMER Tilboðsverð 198.000 kr. Verð áður 259.000 kr.



ENZO grár Tilboðsverð 251.000 kr. Verð áður 359.000 kr.

TEKK COMPANY OG HABITAT | KAUPÚN 3 | SÍMI 564 4400 | WWW.TEKK.IS  
OPIÐ MÁNUDAGA TIL LAUGARDAGA KL. 11-18 OG SUNNUDAGA KL. 13-18



**ÚTRÁS OG KRAFTUR** Dagur (til vinstri) segir það heilla sig mest við black metal-tónlist hvað henni fylgir mikil útrás og kraftur. „Þótt óþjálfað eyra heyri kannski bara hávaða og heift er oft mjög mikið af ómstríðum laglínunum í lögunum og djúpar tónlistarlegar pælingar sem liggja að baki.“

MYND/PJETUR

## Á FULLU Í KASSETTU-FRAMLEIÐSLU

**VINSÆLT HJÁ AÐDÁENDUM BLACK METAL** Dagur Gíslason og Tómas Ísdal reka útgáfufyrirtækið Vánagandr sem eingöngu gefur út kassettur. Það kann að hljóma einkennilega enda kassettuformið í hugum margra nær útdautt. Kassettur seljast þó vel og þá sérstaklega á erlendri grund.

Það hefur alla tíð verið menning fyrir kassettum innan black metal-tónlistarstefnunnar sem er einn angur þungarokksins. Þeir sem hafa séð kvikmyndina Málmhaus muna kannski eftir því að aðalpersóna myndarinnar, sem aðhyllist þessa tónlistarstefnu, tekur upp kassettu heima hjá sér, sendir út og öðlast nokkra frægð. Það er ekki úr lausu lofti gripið. Menn panta kassettur á netinu hjá okkur og við sendum út í stórum stíl. Þetta er ekki mjög stór hópur hendlendis en þeim mun stærri úti og við sendum meðal annars til Mexíkó, Kína og víðar,“ útskýrir Dagur.

Útgáfufyrirtækið var stofnað í fyrra og hefur þegar gefið út sex kassettur. „Við Tómas erum saman í nokkrum hljómsveitum og hugmyndin kviknaði þegar við vorum komnir með mikið af efni sem okkur langaði til að fara að koma út.“

Vánagandr er að sögn Dags meira en útgáfufyrirtæki. „Þetta er líka ákveðinn hringur og innan hans eru margar helstu black metal-hljómsveitir landsins. Við höfum ekki gefið út efni með þeim öllum en erum engu að síður saman í alls kyns tónleikaskipulagi og öðru þess háttar.“

Dagur og Tómas eru í hljómsveitunum Misþyrmingu, Nöðru og Núlli en auk þess hafa þeir gefið út kassettur með hljómsveitunum Sinmara og

Carpe Noctem. Frumburður Misþyrmingar, Söngvar elds og óreiðu, kom út í byrjun mánaðar og seldist strax upp á bæði vínyl og kassettu. „Við verðum með útgáfutónleika á Húrra 17. apríl og spilum svo á Eistnaflugi og ýmsum virtum þungarokkshátíðum erlendis í sumar,“ upplýsir Dagur. Hann segir jafnframt ýmislegt í deiglu hjá útgáfunni og eru fleiri titlar væntanlegir.

En hefur þú alltaf aðhyllist tónlist af þessu tagi? „Nei. Ég get nú ekki sagt að þetta hafi verið það fyrsta sem ég hlustaði á. Þetta kemur kannski í skrefum. Ég byrjaði að hlusta á Rammstein. Svo fór maður út í Metallica og svo verður þetta bara þyngra og þyngra. Það sem heillar mig mest við þessa tegund tónlistar er hvað henni fylgir ofboðslega mikil útrás og kraftur. Þótt óþjálfað eyra heyri kannski bara hávaða og heift er oft mjög mikið af ómstríðum laglínunum í lögunum og djúpar tónlistarlegar pælingar sem liggja að baki.“

En eru tónlistarmenn sem aðhyllast annars konar tónlist í einhverjum tilfellum enn að gefa út kassettur? „Ég held að það sé nú ekki mikið um það en hins vegar er tónlist innan þessarar stefnu jafn margbreytileg og innan raf- og popptónlistar. Þessi þrjú bönd sem ég spila með eru til dæmis gjörólík. Tónlist Núll er hæg og dreymandi en Misþyrming gerir aggressíva tónlist.“

■ vera@365.is

### MENNING

„Það hefur alla tíð verið menning fyrir kassettum innan black metal-tónlistarstefnunnar sem er einn angur þungarokksins. Þeir sem hafa séð kvikmyndina Málmhaus muna kannski eftir því að aðalpersóna myndarinnar, sem aðhyllist þessa tónlistarstefnu, tekur upp kassettu heima hjá sér, sendir út og öðlast nokkra frægð.“

### SEX TITLAR

Útgáfufyrirtækið var stofnað í fyrra og hefur þegar gefið út sex kassettur.



Til hvers að flækja hlutina?

365

LIFÐU  
Í NÚLLINU!

365.is | Sími 1817





## Allir eiga skilið góð gleraugu

Gleraugu mega ekki vera munaðarvara fyrir fáa útvalda. Í versluninni **Eyesland** er lögð áhersla á breitt vöruúrval og gott verð.

**P**að eiga allir skilið að sjá vel," segir Helga Kristinsdóttir, sjóntækjafraeðingur og einn eigenda gleraugnaverslunarinnar Eyesland. Helga opnaði verslunina fyrir rúmum fjórum árum en nú stendur til að stækka búðina á 5. hæðinni í Glæsibæ.

„Hjá Eyesland höfum við farið óhefðbundnar leiðir í vöruvali til að geta boðið gott verð en við leitum mikið til Bandaríkjanna og Asíu en erum einnig með vörur frá Evrópu," útskýrir Helga, en Eyesland býður eitt mesta úrval af umgjörðum á Íslandi.

„Hjá okkur kosta gler með einum styrk og umgjörð frá 13.000 krónum og tvískipt gleraugu kosta frá 32.000 krónum. Fólk getur því jafnvel keypt sér þrenn gleraugu á verði einna og margir kaupa sér mörg gleraugu í einu fyrir ólík tækifæri, svo sem íþróttagleraugu, sundgleraugu með styrk, skídagleraugu, sólgleraugu með styrk, hlaupa- eða göngugleraugu. Þá eru margskípt gleraugu og skípt tölvugleraugu að sækja í sig veðrið," segir Helga en fólk hefur þá skýra sjón á tölvuna en getur einnig lesið smátt.

„Margir hafa fram að þessu ekki haft ráð á að fá sér margskípt gleraugu, hvað þá einnig sólgleraugu með styrk. Fólk er að uppgötva tölvugleraugu eftir að það fór að vinna meira við tölvur og hvað það er mikill kostur að hafa styrkinn fyrir ákveðinn vinnuradís. Glampavörn er innifalinn í öllu glerjaverði hjá okkur en við bjóðum einnig upp á kámvörn fyrir þá sem vilja.

Veidigleraugu eru líka alltaf að verða vinsælli en þau geta verið með styrk og tvískípt. Við eigum veidigleraugu einnig án styrks og bæði fyrir konur og karlmenn. Þá er hægt að fá Polaroid-sólgleraugu bæði með



Eyesland gleraugnaverslun er staðsett á 5. hæð í nýja turninum í Glæsibæ. Til stendur að stækka verslunina.

og án styrks fyrir þá sem það vilja en þau fyrirbyggja glampa, til dæmis frá sjó og vatni.

Lesgleraugu eru til í miklu úrvali hjá okkur og ekki bara plús-gleraugu heldur einnig tilbúin mínusgleraugu sem mjög erfitt er að verða sér úti um. Við seljum einnig tilbúin lestrarsólgleraugu, bæði plús og mínus, og hlífðargleraugu fyrir vinnustaði og einstaklinga. Eyesland er einnig með til sölu hágæða Surgical Loupes-gleraugu fyrir lækna og aðra þar sem þau koma að notum."

### Merkjavara

Stöðugt er aukið við vöruúrval verslunarinnar og nú hafa bæst við merki eins og Hugo Boss Orange, Hugo Boss, Gucci, Dior, Tommy Hilfiger og

þá hefur Eyesland verið með Reykjavík Eyes og Ray-Ban - bæði umgjörðir og sólgleraugu. Red Bull racing eyewear bættist nýlega við gleraugnaúrvalverslunarinnar.

„Þetta eru flott sólgleraugu og umgjörðir fyrir herra en Red Bull Racing Eyewear hefur slegið í gegn úti í heimi," segir Helga. „Sebastian Vettel, heimsmeistari í Formúlu 1, auglýsir línuna en Red Bull eyewear notar sömu efni í gleraugnumgjörðir og notaðar eru í kappakstursbílinn en umgjörðirnar eru mjög léttar."

### Fyrir börn

„Við vorum að taka inn nýju línuna frá REYKJAVÍK EYES og erum með barnagleraugnalínu frá CROCS, en margir þekkja léttu og litríku skóna

þá sem eru með sjónskekkju. Einnig er boðið upp á mánaðarlinsur, plús, mínus, sjónskekkju og margskiptar og litalinsur, bæði til daglegra nota og partílinsur.

„Margskiptar linsur (multifocal) eru að koma mjög sterkt inn," segir Helga. „Stór hópur fólks hætti að nota linsur þegar lestrarfjarsýnin fór að segja til sín og tók þá að nota lesgleraugu en með tilkomu margskiptra linsa getur fólk með lestrarfjarsýni en án sjónskekkju, notað þær. Við sérhæfum okkur einnig í linsum fyrir fólk með mikla sjónskekkju eða erfiða sjón, fólk sem á erfitt með að nota gleraugu til að sjá betur en nær betri sýn með þessum sérpöntuðu linsum."

### Fylgihlutir og hjálpartæki

Í Eyesland fást einnig sjónhjálpertæki fyrir sjónskerta svo sem lampar með stækkunargleri og ljósi og einnig mikið úrval af stækkunarglerjum með og án ljóss og úrval fylgihluta fyrir gleraugu.

### Snyrtivörur

„Við erum að taka inn í verslunina snyrtivörur frá DERM EYES - Optic care, en þær eru sérstaklega þróaðar fyrir viðkvæm augu og þá sem nota linsur. Línan inniheldur maskara, hyljara og augnblýanta sem erta ekki hvarmana, augnskugga sem molna ekki niður í augun og veita einnig raka á augnlokin. Þá fást einnig augnhreinsklútar sem gefa raka en eru vænir á augun og fleira," segir Helga.

Eyesland gleraugnaverslunin er til húsa á fimmtu hæð í nýja turninum Glæsibæ og opin frá klukkan 8.30 til 17 alla virka daga. Sjá einnig vefverslun á [www.eyesland.is](http://www.eyesland.is).

### Helga Kristinsdóttir

Sjóntækjafraeðingur stofnaði Eyesland fyrir rúmum fjórum árum og býður eitt mesta úrval af umgjörðum á Íslandi. Hún segir gleraugu ekki eiga að vera munaðarvöru.

frá því merki. Crocs-gleraugnalínan byggir á sömu hugmynd, gleraugun eru litrík, létt en sterk, með gúmmí í umgjörðunum. Við erum einnig með litríka augnleppa fyrir börn."

### Linsur

Hjá Eyesland er gott úrval af linsum. Daglinsur, plús, mínus og fyrir

## Ánægðir viðskiptavinir Eyesland


Fjölmargir viðskiptavinir Eyesland hafa lýst yfir ánægju sinni á Facebook með gæði gleraugnanna, gott verð og frábæra þjónustu verslunarinnar.



Er svo ánægð með mín gleraugu :)  
Guðmundína Kolbeinsdóttir



Takk fyrir góða og ódýra þjónustu... mín gleraugu komin í hús og ég alsæl með þau :)  
Elínros Þóreyjardóttir



Frábær þjónusta, takk fyrir mig :D  
Ragnhildur Þorbjörg Svansdóttir



Svo frábær þjónusta hjá ykkur og mjög mjög ódýrt takk takk.  
Hrafnhildur Sigurðardóttir



Ég er æðislega ánægð með gleraugun frá ykkur :)  
Edda Holmberg

**VERÐ 15.720 KR.**

Með gleri frá 23.100 kr.  
Með margskiptu gleri frá 51.420 kr.

**VERÐ 15.720 KR.**

Með gleri frá 23.100 kr.

**VERÐ 11.510 KR.**

Með gleri frá 18.890 kr.  
Með margskiptu gleri frá 31.490 kr.

**VERÐ 15.720 KR.**

Með gleri frá 23.100 kr.  
Með margskiptu gleri frá 51.420 kr.

**VERÐ 5.600 KR.**

Með gleri frá 12.890 kr.  
Með margskiptu gleri frá 25.580 kr.

**VERÐ 16.930 KR.**

Með gleri frá 24.310 kr.  
Með margskiptu gleri frá 36.910 kr.

**VERÐ 7.840 KR.**

Með gleri frá 15.220 kr.  
Með margskiptu gleri frá 27.820 kr.



Starfsmenn Eyesland gleraugnaverslunarinnar veita góða þjónustu.

## MIKIÐ ÚRVAL UMGJARÐA – GOTT VERÐ

Hér er bara brot af umgjörðum sem Eyesland hefur til sölu. Einnig er hægt að láta útbúa sógleraugu með styrk í þessar og fleiri umgjærðir. Verið velkomin á 5. hæðina í Glæsibæ og sjáið úrvalið.

**VERÐ 14.510 KR.**

Með gleri frá 21.890 kr.  
Með margskiptu gleri frá 34.390 kr.

**VERÐ 9.600 KR.**

Með gleri frá 16.980 kr.  
Með margskiptu gleri frá 29.580 kr.



EFRI UMGJÖRÐ  
**VERÐ 10.859 KR.**

Með gleri frá 18.239 kr.

NEÐRI UMGJÖRÐ  
**VERÐ 13.520 KR.**

Með gleri frá 20.900 kr.

**VERÐ 5.600 KR.**

Með gleri frá 12.980 kr.

**VERÐ 14.510 KR.**

Með gleri frá 29.290 kr.  
Með margskiptu gleri frá 54.480 kr.

**VERÐ 24.200 KR.**

Með gleri frá 38.980 kr.  
Með margskiptu gleri frá 54.480 kr.

**VERÐ 15.720 KR.**

Með gleri frá 23.100 kr.  
Með margskiptu gleri frá 35.700 kr.







## Sérfræðingur í skólamállum

Dalvíkurbyggð óskar eftir að ráða skapandi og metnaðarfullan sérfræðing í skólamállum á skrifstofu Fræðslu- og menningar sviðs.

Um afar fjölbreytt starf er að ræða og á sérfræðingurinn snetifleti við fjölda aðila bæði innan sem utan sviðsins. Leik-, grunn-, og tónlistarskólar sveitarfélagsins eru fimm samtals. Samkeppnishæf starfskjör eru í boði fyrir réttan einstakling. Starfshlutfallið er 70-100% og stefnt er að starfsupphafi í ágúst.

**Frekari upplýsingar um starfssvið og hæfniskröfur má finna á heimasíðum Capacent og Dalvíkurbyggðar.**

**Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent, [www.capacent.is](http://www.capacent.is).**

**Umsóknarfrestur er til og með 23. mars nk.**

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Nánari upplýsingar veita Þóra Pétursdóttir ([thora.petursdottir@capacent.is](mailto:thora.petursdottir@capacent.is)) og Helga Jónsdóttir ([helga.jonsdottir@capacent.is](mailto:helga.jonsdottir@capacent.is)) hjá Capacent ráðningum.

capacent

## Sérfræðingur í öryggis-, heilsu- og umhverfismálum

Starfið tilheyrir verkfræðisviði Actavis ehf og snýst um rekstur öryggis-, heilsu- og umhverfisstjórnunarkerfis Actavis skv. ISO 14001 og OHSAS 18001 stöðlunum fyrir tvær af einingum Actavis á Íslandi og ber ábyrgð á ÖHU málefnum allra eininga Actavis á Íslandi. Starfið felur í sér mikil samskipti innan Actavis á Íslandi og við Actavis erlendis.

### Helstu verkefni:

- Daglegur rekstur ÖHU stjórnkerfis, s.s. innleiðing og eftirfylgni ÖHU reglna og leiðbeininga
- Þátttaka í og umsjón með forvarnaverkefnum
- Gerð áhættumata, úrvinnsla og eftirfylgni úrbótaverkefna
- Samantekt upplýsinga, skjalastýring og vinnsla í Sharepoint

### Við leitum að einstaklingi

- með háskólamenntun sem nýtist í starfi
- með reynslu af öryggis-, heilsu- og/eða umhverfismálum hjá framleiðslufyrirtæki (kostur)
- með reynslu af rekstri ISO 14001 og OHSAS 18001 stjórnunarstaðla (kostur)
- með þekkingu á lögum og reglum á sviði öryggis-, heilsu- og umhverfismála (kostur)
- með góða tölvu- og enskukunnáttu
- sem býr yfir hæfni í mannlegum samskiptum
- sem er sjálfstæður og agaður í vinnubrögðum

## Tæknimaður

Tæknideild tilheyrir verkfræðisviði Actavis ehf og sér um viðhald og eftirlit með tækjabúnaði í verksmiðju og rannsóknarstofu fyrirtækisins, sem staðsett er í Hafnarfirði. Öll viðhaldsvinna er skráð í þjónustuskýrslur/viðhaldsforrit. Unnið er á tvískiptum vöktum; dag- og kvöldvöktum auk bakvakta.

### Helstu verkefni:

- Fyrirbyggjandi viðhald, viðgerðir, eftirlit og breytingar á tækjabúnaði framleiðslu- og rannsóknarsviðs
- Þátttaka í uppsetningu á fyrirbyggjandi viðhaldi og nýjum tækjabúnaði
- Þátttaka í gildingarvinnu og kvörðunum á tækjabúnaði Actavis

### Við leitum að einstaklingi

- með vélfræði- eða rafíðnfræðimenntun
- með reynslu af viðgerðum á vélbúnaði, stýringum og rafbúnaði (nauðsynlegt)
- sem býr yfir hæfni í mannlegum samskiptum
- sem tileinkar sér nákvæm, öguð og sjálfstæð vinnubrögð
- með góða ensku- og tölvukunnáttu

Kíkið á  
fleiri laus störf á  
[www.actavis.is](http://www.actavis.is)

Umsóknir óskast fylltar út á [www.actavis.is](http://www.actavis.is), undir Störf í boði.  
Umsóknarfrestur er til og með 15. mars nk.

Einungis er tekið á móti umsóknum á heimasíðu Actavis.  
Nánari upplýsingar um starfið veitir Ragnheiður Dögg Ísaksdóttir,  
[risaksdottir@actavis.is](mailto:risaksdottir@actavis.is)

  
**Actavis**  
[www.actavis.is](http://www.actavis.is)



## Forstöðumaður Náttúrufræðistofu Kópavogs

**Kópavogsbær auglýsir eftir forstöðumanni Náttúrufræðistofu Kópavogs.** Hlutverk Náttúrufræðistofu Kópavogs er að safna, varðveita og sýna náttúrugripi, standa að fræðslu og rannsóknum í náttúrufræðum og stuðla að náttúru- og umhverfisvernd. Náttúrufræðistofa Kópavogs er í Hamraborg og tilheyrir Listhúsi Kópavogsbæjar sem fer með öll menningarmál bæjarins og starfar samkvæmt menningarstefnu Kópavogsbæjar.

### Helstu verkefni:

- Umsjón með rekstri og stjórnun Náttúrufræðistofu
- Starfsmannamál
- Kynna náttúru Íslands með sýningum, fræðslu og viðburðum
- Ábyrgð á rannsóknum og birtingu rannsóknarniðurstaðna
- Samskipti og samstarf við Listhús Kópavogsbæjar og menningarstofnanir bæjarins

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf í náttúrufræðum
- Þekking og reynsla á sviði umhverfis- og náttúrufræða
- Reynsla af stjórnun og rekstri
- Þekking og reynsla af starfsemi safna og safnafræðslu
- Leiðtogaþæfileikar, jákvætt viðmót og lipurð í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði, hugmyndaauðgi og metnaður til að ná árangri í starfi
- Færni til að setja fram mál í ræðu og riti á íslensku og ensku

Konur jafnt sem karlar eru hvattar til að sækja um starfið.

**Umsóknarfrestur er til og með 23. mars nk.**

**Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent, [www.capacent.is](http://www.capacent.is).**

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Nánari upplýsingar veita Auður Bjarnadóttir ([audur.bjarnadottir@capacent.is](mailto:audur.bjarnadottir@capacent.is)) og Silja Jóhannesdóttir ([silja.johannesdottir@capacent.is](mailto:silja.johannesdottir@capacent.is)) hjá Capacent ráðningum.

capacent



## Sérfræðingur á sviði opinberra fjármála

Meginhlutverk fjármála- og efnahagsráðuneytis lýtur að yfirstjórn ríkisfjármála, efnahagsmála og mótun aðferða við stjórnun og rekstur ríkisins. Ráðuneytið hefur gildin *frumkvæði*, *fagmennska* og *árangur* að leiðarljósi í starfsemi sinni. Ráðuneytið auglýsir starf sérfræðings til að vinna að áætlanagerð fjárlaga, skrifum um opinber fjármál og ríkisfjármálastefnu stjórnvalda. Starfið felur í sér mikla greiningarvinnu og samstarf við lykilaðila í opinberum fjármálum á öflugum vinnustað. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Helstu verkefni sérfræðingsins varða undirbúning að gerð fjárlagafrumvarps og framsetningu upplýsinga um stöðu opinberra fjármála fyrir innlenda og erlenda aðila. Sérfræðingurinn vinnur í samstarfi við aðra að upplýsingaöflun og áætlanagerð um markmið og horfur í opinberum fjármálum, meðal annars í samstarfi við önnur ráðuneyti við undirbúning fjárlagafrumvarps. Starfið krefst góðrar hæfni í kostnaðargreiningu og þróun reiknilíkana um einstaka þætti opinberra útgjalda.

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Hagfræði eða sambærileg menntun sem nýtist í starfi, æskilegt á meistarastigi
- Haldbær reynsla við greiningarvinnu og gerð reiknilíkana
- Gagnrýnin og lausnamiðuð hugsun
- Reynsla af því að miðla upplýsingum á góðri íslensku í mæltu og rituðu máli
- Skipulögð og öguð vinnubrögð
- Góð samskiptahæfni, sjálfstæði í vinnubrögðum og jafnframt hæfileikar til að taka þátt í teymisvinnu
- Góð almenn tölvufærni, einkum í Excel

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Félags háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins. Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um. Umsóknir geta gilt í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út, sbr. 2. gr. reglna nr. 464/1996, um auglýsingar á lausum störfum með síðari breytingum.

**Umsóknarfrestur er til og með 23. mars nk.**

**Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent, [www.capacent.is](http://www.capacent.is).**

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Nánari upplýsingar veita Jóna Björk Sigurjónsdóttir ([jona.sigurjonsdottir@capacent.is](mailto:jona.sigurjonsdottir@capacent.is)) og Þóra Pétursdóttir ([thora.petursdottir@capacent.is](mailto:thora.petursdottir@capacent.is)) hjá Capacent ráðningum.

capacent

[www.vinna.is](http://www.vinna.is)



# Lögfræðingur



**Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu óska eftir að ráða lögfræðing til starfa.**

Um nýtt starf er að ræða og gefst viðkomandi tækifæri til að móta og þróa starfið í samvinnu við formann SFV.

## Starfssvið:

- Samskipti og samningamál við opinbera aðila
- Gerð kjarasamninga við stéttarfélagin fyrir hönd aðildarfélaganna SFV., endurskoðun einstaka hluta kjarasamninga s.s. um réttindamál starfsmanna, stofnanasamninga o.fl.
- Úrlausn lögfræðilegra álitamála
- Öflun nýrra aðildarfélaganna og utanumhald með félagaskrá
- Kynning félagsins út á við og umsjón með ráðstefnum
- Umsjón með heimasíðu samtakanna
- Umsjón fjármála og daglegur rekstur samtakanna
- Önnur tilfallandi verkefni í samráði við formann SFV og stjórn

## Menntunar- og hæfniskröfur:

- 5 ára háskólapróf í lögfræði
- Reynsla af lögfræðistörfum
- Reynsla af samningagerð kostur
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi
- Sjálfstæði í vinnubrögðum, samvirkusemi og nákvæmni
- Jákvætt viðmót og lipurð í mannlegum samskiptum
- Hæfni til að tileinka sér nýjungar og setja sig vel inn í verkefni
- Góð íslensku- og enskukunnátta, í ræðu og riti

Samtökin voru stofnuð vorið 2002. Megin tilgangur er samtakanna var að koma fram fyrir hönd aðildarfélaganna t.d. gagnvart ríki og stéttarfélögum. Í samtökunum eru 37 aðildarfélög. 33 öldrunarstofnanir og fjórar aðrar stofnanir sem eru Heilsustofnun NLFÍ, Krabbameinsfélagið, SÁÁ og Sjálfsbjörg. Nánari upplýsingar [www.samtok.is](http://www.samtok.is)

**Umsóknarfrestur er til og með 15. mars nk.**

**Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent, [www.capacent.is](http://www.capacent.is).**

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Nánari upplýsingar veita Auður Bjarnadóttir ([audur.bjarnadottir@capacent.is](mailto:audur.bjarnadottir@capacent.is)) og Þóra Pétursdóttir ([thora.petursdottir@capacent.is](mailto:thora.petursdottir@capacent.is)) hjá Capacent ráðningum.



# Flugmaður og flugvirki

Landhelgisgæsla Íslands auglýsir lausar til umsóknar stöður flugmanns og flugvirkja. Landhelgisgæslan er löggæslustofnun sem hefur það hlutverk að sinna leit og björgun, löggæslu og eftirliti umhverfis Ísland auk fjölmargra annarra verkefna. Landhelgisgæslan er með í rekstri og viðhaldi Eurocopter/Airbus Super Puma þyrlur og Dash 8 300 flugvél. Starfsemin fer að mestu fram á Íslandi en einnig að hluta til erlendis. Ráðið verður í störfin fljótlega.

## FLUGMAÐUR

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Gilt JAA eða EASA Part FCL atvinnuflugmannsskírteini á flugvél með blindflugsáritun (blindflugsáritunin verður að vera í gildi þann 1. júní 2015)
- Bóklegu ATPL námi lokið
- Tegundarréttindi á Dash 8 100/200/300
- Reynsla af NEXT Generation Glass Cockpit flugstjórnarumhverfi æskilegt
- Afburða samskiptahæfni
- Gott andlegt og líkamlegt atgervi
- Bóklegt námskeið í áhafnarsamstarfi (MCC) æskilegt
- Góð íslensku- og enskukunnátta, hæfni til tjáningar í ræðu og riti
- Framúrskarandi álags- og streituþol
- Stúdentspróf eða staðfest sambærileg menntun

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Félags íslenskra atvinnuflugmanna vegna starfa flugmanna hjá Landhelgisgæslu Íslands. Um er að ræða fullt starf.

## FLUGVIRKI

Leitað er að flugvirkja sem er tilbúinn að vinna fjölbreytt flugvirkjastörf á krefjandi vinnustað.

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Viðurkennt flugvirkjanám, EASA Part-66 skírteini æskilegt
- Góð íslensku- og enskukunnátta, hæfni til tjáningar í ræðu og riti
- Afburða samskiptahæfni
- Gott andlegt og líkamlegt atgervi
- Framúrskarandi álags- og streituþol

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Flugvirkjafélags Íslands og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs vegna starfa hjá Landhelgisgæslu Íslands. Um er að ræða fullt starf.

Allir, sem réttindi og áhuga hafa, eru hvattir til að sækja um störf. Umsækjendur þurfa að standast kröfur Landhelgisgæslunnar um líkamlegt og andlegt atgervi. Landhelgisgæslan áskilur sér rétt til að láta umsóknir gilda í sex mánuði frá dagsetningu þeirra.

**Umsóknarfrestur er til og með 23. mars nk.**

**Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um störfin á heimasíðu Capacent, [www.capacent.is](http://www.capacent.is).**

Umsóknnum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilsskrár og kynningarbréf ásamt sakavottorði í gegnum vef Capacent. Umsækjendur um flugmannsstarf skulu að auki skila inn afriti af flugskírteini og læknisvottorði í gildi ásamt afriti af síðustu tveimur blaðsíðum í flugdagbók. Fylgiskjölum skal skilað útprintuðum á skrifstofu Capacent, Ármúla 13, í umslagi merktu viðeigandi starfi. Nánari upplýsingar veita Jóna Björk Sigurjónsdóttir ([jona.sigurjonsdottir@capacent.is](mailto:jona.sigurjonsdottir@capacent.is)) og Silja Jóhannesdóttir ([silja.johannesdottir@capacent.is](mailto:silja.johannesdottir@capacent.is)) hjá Capacent ráðningum.





Lífsverk lífeyrissjóður var stofnaður árið 1954 og er um 57 milljarðar króna að stærð. Hann var fyrsti lífeyrissjóðurinn sem byggði á aldurstengdum réttindum, tók upp sjóðfélagaábyrgð og rafrænt stjórnarkjör. Sjá nánar á [www.lifsverk.is](http://www.lifsverk.is).

## Fjármálastjóri

Lífsverk óskar að ráða öflugan fjármálastjóra.

### Starfs- og ábyrgðarsvið

- Uppgjör og áætlanagerð
- Skýrslugerð og upplýsingagjöf
- Upplýsingatæknimál
- Sjóðfélagalán
- Skrifstofustjórn

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði endurskoðunar eða sambærileg menntun
- Nám í löggiltri endurskoðun æskilegt
- Marktæk reynsla við uppgjör mikilvæg

### Eiginleikar

- Traust, nákvæm og öguð vinnubrögð
- Frumkvæði og metnaður
- Góðir samskiptahæfileikar

### Upplýsingar veitir:

Katrín S. Óladóttir  
katrin@hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 16. mars nk.

Umsóknir óskast fylltar út á [hagvangur.is](http://hagvangur.is)

Umsókn fylgi ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.



## HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700  
[www.hagvangur.is](http://www.hagvangur.is)



Reynsla – Umhyggja – Traust



Útfararstofan er sjálfstætt, framsækið fyrirtæki í eigu Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma og vinnur nú að endurskipulagningu og að margvíslegri nýbreytni á sviði útfararþjónustu. Upplýsingar um Útfararstofuna má finna á heimasíðunni [www.utfor.is](http://www.utfor.is)

## Útfararþjónusta

Útfararstofa Kirkjugarðanna ehf. óskar eftir að ráða starfsmann í útfararþjónustu.

### Helstu verkefni

- Almenn þjónusta við ástvini vegna andláts
- Flutningur af dánarstað í líkhús
- Snyrting og kistulagning hins látna
- Þjónusta við útfararahafnir
- Önnur verkefni tengd útfararþjónustu

### Menntunar – og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi æskileg
- Reynsla af þjónustustarfi
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Jákvætt viðmót og þjónustulund
- Frumkvæði, nákvæmni, samviskusemi og öguð vinnubrögð
- Góð almenn tölvukunnátta
- Góð íslensku- og enskukunnátta

### Upplýsingar veitir:

Þórir Þorvarðarson  
thorir@hagvangur.is

Umsóknir óskast fylltar út á [hagvangur.is](http://hagvangur.is)

Umsóknarfrestur er til og með 11. mars.

Umsókn þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Gert er ráð fyrir að viðkomandi hefji störf fljótlega.



## HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700  
[www.hagvangur.is](http://www.hagvangur.is)



## Leiðsögumaður óskast

Skógasafn auglýsir eftir safnleiðsögumanni. Starfið felst í leiðsögn erlendra ferðamannahópa um safnið og almennum skrifstofu- og safnstörfum utan háannatímans.

### Starfið

Um er að ræða fjölbreytt og spennandi starf á góðum vinnustað. Skógasafn, sem er með stærstu söfnum landsins, er fjölsótt byggða- og tækniminjasafn í fallegu umhverfi. Árið 2014 voru yfir 60 þúsund safngestir.

Samkeppnishæf laun í boði og húsnæði á góðum kjörum fylgir starfinu. Umsækjandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf/leiðsögumannspróf eða önnur sambærileg menntun sem nýtist í starfi
- Góð kunnátta í ensku, þýsku og einu Norðurlandamáli. Kunnátta í frönsku æskileg
- Góð íslenskukunnátta og tölvufærni
- Þekking og áhugi á íslenskum þjóðháttum og sögu
- Færni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði, sjálfstæði og skipulögð vinnubrögð

### Upplýsingar veitir:

Elísabet Sverrisdóttir  
elisabet@hagvangur.is

Umsóknir óskast fylltar út á [hagvangur.is](http://hagvangur.is)

Umsóknarfrestur er til og með 16. mars.



## HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700  
[www.hagvangur.is](http://www.hagvangur.is)

# Kraftmiklir stjórnendur óskast

Við leitum að tveimur  
framkvæmdastjórum



N1 leitar að traustum og orkumiklum einstaklingum í ábyrgðarmikil og krefjandi störf. Framkvæmdastjóri er öflugur og framsækinn leiðtogi sem bæði er fyrirmynd og ábyrgur í hópi jafningja við stjórnun fyrirtækisins.

## Framkvæmdastjóri einstaklingssviðs

### Ábyrgðarsvið:

- Sala á einstaklingsmarkaði
- Vörustjórnun
- Markaðsmál
- Rekstur þjónustustöðva
- Framkvæmdir og viðhaldsmál
- Þjónustuver

## Framkvæmdastjóri fjármálasviðs

### Ábyrgðarsvið:

- Reikningshald, áhættu- og fjárstýring, innheimta og hagdeild
- Rekstraruppgjör
- Áætlanir
- Fjárhagsleg greining og eftirlit
- Samskipti við lánastofnanir og fjárfesta

Við leitum að fólki sem er tilbúið í krefjandi verkefni, með afburða hæfileika í mannlegum samskiptum, greiningum og samningum. Við krefjumst menntunar á háskólastigi og reynslu á sviði stjórnunar og rekstrar.

N1 er eitt stærsta verslunar- og þjónustufyrirtæki landsins. Við sjáum fólki og fyrirtækjum um land allt fyrir eldsneyti, rekstrarvörum, veitingum og afþreyingu með öflugum dreifikerfi, markvissu vöruvali og persónulegri þjónustu. N1 rekur vel á annað hundrað þjónustustöðvar, sjálfsafgreiðslustöðvar, verkstæði og fyrirtækjaverslanir hringinn í kringum landið.

Nánari upplýsingar um störfin veita Sverrir Briem - [sverrir@hagvangur.is](mailto:sverrir@hagvangur.is) og Katrín S. Óladóttir - [katrin@hagvangur.is](mailto:katrin@hagvangur.is)  
Umsóknir óskast fylltar út á [hagvangur.is](http://hagvangur.is). Umsóknarfrestur er til og með 18. mars.

Öllum umsóknum verður svarað og fullum trúnaði er heitið. Við hvetjum fólk af báðum kynjum til að sækja um. Umsókn þarf að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðum umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.



www.lyfja.is

## Lyfjafræðingur Höfn í Hornafirði

Lyfja hf. leitar að metnaðarfullum og sjálfstæðum lyfjafræðingi til að veita lyfjaútibúi í flokki 1 á Höfn í Hornafirði forstöðu.

### Starfs- og ábyrgðarsvið:

Í starfinu felst m.a. að bera faglega ábyrgð á rekstri lyfjabúðarinnar, annast daglegan rekstur og umsýslu og sjá til þess að unnið sé samkvæmt lögum og reglugerðum um lyfsölu. Um er að ræða spennandi starf og tækifæri fyrir metnaðarfullan lyfjafræðing.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf í síðasta lagi 1. júní 2015.

Í boði er krefjandi og spennandi starf á skemmtilegum vinnustað í vaxandi bæjarfélagi.

Í samræmi við jafnréttisáætlun Lyfju hf. eru karlar jafnt sem konur hvattir til þess að sækja um stöðu hjá fyrirtækinu.

### Hæfniskröfur:

Háskólapróf í lyfjafræði og gilt starfsleyfi. Stjórnunarhæfileikar, rík þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum.

Áreiðanleiki, metnaður og skipulögð vinnubrögð.

Sveitarfélagið Hornafjörður hefur um 2500 íbúa, þar er öflugt félags- og menningarlíf og aðstæður til uppeldis barna hinar ákjósanlegustu. Í sveitarfélaginu er framhaldsskóli, grunnskóli, tveir leikskólar, tónlistarskóli og öflug heilbrigðisþjónusta auk allrar almennrar þjónustu.

Nánari upplýsingar veitir Hallur Guðjónsson, starfsmannastjóri, sími 530 3800. hallur@lyfja.is  
Umsóknarfrestur er til 21. mars 2015 og farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál.



**Björninn ehf innréttingaverkstæði óskar eftir að ráða smið eða laghentann mann til starfa.**

Ármúla 20  
108 Reykjavík  
Sími: 562 5000  
Fax: 562 5045  
bjorninn@bjorninn.is  
www.bjorninn.is

Starfið felst aðallega í samsetningu og smíði innréttinga.

Upplýsingar veitir Páll í síma 562 5000



## World Class óskar eftir Matreiðslumanni

frá 1. apríl 2015

Viðkomandi þarf að hafa 3-5 ára reynslu, hafa frumkvæði, þekkingu í matreiðslu á hollustu- og grænmetisréttum.

Viðkomandi þarf að geta unnið mjög sjálfstætt, kunna að setja upp matseðla vera snyrtilegur og hafa góða hæfileika í mannlegum samskiptum. Starfið hentar jafnt konum sem körlum.

100% starfshlutfall.

Áhugasamir sendi umsókn ásamt ferilskrá til gisli@worldclass.is fyrir 20. mars 2015.



# Sumarstörf

## Afgreiðsla í Vínbúðum

Starfsfólk óskast í sumar, bæði í fullt starf og hlutastarf um helgar. Starfsmenn í fullu starfi vinna að jafnaði annan hvern laugardag.

### Helstu verkefni og ábyrgð

- Þjónusta við viðskiptavinum
- Afgreiðsla, vörumóttaka og fleira sem til fellur

### Hæfniskröfur

- Góð þjónustulund
- Stundvísi og dugnaður
- Reynsla af verslunarstörfum er kostur

## Meiraprófsbílstjóri – Dreifingarmiðstöðin

### Helstu verkefni og ábyrgð

- Útkeyrsla á vörum
- Almenn lagerstörf

### Hæfniskröfur

- Meirapróf er nauðsynlegt
- Reynsla af sambærilegum störfum
- Stundvísi og dugnaður

Vinnutíminn er frá kl. 7.30-16.30 alla virka daga. Unnið er laugardaga í júlí.

## Lagerstarfsmaður – Dreifingarmiðstöðin

### Helstu verkefni og ábyrgð

- Almenn lagerstörf
- Móttaka og frágangur á vörusendingum
- Tiltekt og pökkun vörusendinga

### Hæfniskröfur

- Reynsla af sambærilegum störfum
- Próf á lyftara er kostur
- Stundvísi og dugnaður

Gildi ÁTVR eru LIPURÐ – ÞEKking – ÁBYRGÐ. Ráðningar í stöður hjá fyrirtækinu taka mið af þessum gildum.

- Umsækjendur þurfa að hafa náð 20 ára aldri
- Sakavottorðs er krafist
- Laun samkvæmt gildandi kjarasamningum

Umsóknarfrestur er til og með 31. maí nk.

Umsóknir óskast fylltar út á heimasíðu Vínbúðanna, [vinbudin.is](http://vinbudin.is)

Nánari upplýsingar veitir: Guðrún Símonardóttir, [starf@vinbudin.is](mailto:starf@vinbudin.is), 560 7700

ÁTVR rekur 49 Vínbúðir um allt land. Stefna ÁTVR er að vera eitt af fremstu þjónustufyrirtækjum landsins og fyrirmynd á sviði samfélagsábyrgðar. Fyrirtækið vill að vinnustaðurinn sé öruggur, heilsuefandi og skemmtilegur þar sem samskipti einkennast af lipurð, þekkingu og ábyrgð.



# Viltu starfa hjá framsæknu hugbúnaðarfyrirtæki

Vegna aukinna umsvifa og verkefna hérlandis og erlendis viljum við að stækka hópinn. Við leitum af árangursdrifnum og sjálfstæðum einstaklingum sem búa yfir þekkingu og reynslu sem nýtist við:

## Verkefnastjórn Ráðgjöf

Viltu starfa í lifandi og krefjandi umhverfi við úrlausn fjölbreyttra og skemmtilegra viðfangsefna, þar sem áhersla er lögð á metnað, gæði, gott vinnuumhverfi og góðan starfsanda? Skoðuðu ítarlegar starfslýsingar á [annata.co.uk/careers](http://annata.co.uk/careers) og kannaðu hvort þú sjáir ekki eitthvað spennandi fyrir þig.

Okkar lausnir eru byggðar á Microsoft Dynamics AX. Þeir sem hafa reynslu af Dynamics AX, annað hvort sem ráðgjafar eða notendur eru eftirsóknarverðir, en einstaklingar með bakgrunn í ráðgjöf og þjónustu við Dynamics NAV, Concorde XAL, SAP eða annan viðskiptahugbúnað eru einnig hvattir til þess að skoða hvort hér leynist tækifæri.

**Umsóknir skulu sendar á netfangið [starf@annata.is](mailto:starf@annata.is) fyrir 23. mars.**



Annata er alþjóðlegt hugbúnaðarfyrirtæki með höfuðstöðvar á Íslandi og starfsemi í Evrópu, Norður Ameríku og Asíu. Annata er vottaður samstarfsaðili Microsoft með endursöluaðila í fleiri en 40 löndum umhverfis heiminn.

**annata**



## Við leitum að **iðnaðarmanni** á Sogssvæðið í viðhald og umsjón fjölbreyttra verkefna

Í starfinu felst eftirlit og viðhald aflstöðva, veitu- og mannvirkja og útisvæða. Viðkomandi hefur umsjón með vinnuvélum, annast ýmsa vélavinnu og vinnur með stöðvarvörðum við skoðun, þrif og viðhald á vélbúnaði. Í starfinu felst einnig umsjón með sumarvinnu ungmenna og utanumhald sorplosunar ásamt skráningu spilliefna í grænt bókhald. Við hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um starfið.

- Iðnmenntun sem nýtist í starfi
- Ökuréttindi nauðsynleg
- Réttindi og reynsla til að stjórna vinnuvélum æskileg
- Reynsla af starfi með ungmennum æskileg
- Almenn tölvuþekking og tækni á rituðu máli
- Sjálfstæði, jákvæðni, umburðarlyndi og öguð vinnubrögð
- Hæfni til að tileinka sér nýjungar í búnaði og verkferlum

Sótt er um starfið á vef landsvirkjunar, [www.landsvirkjun.is](http://www.landsvirkjun.is). Nánari upplýsingar veita Brynjar Már Brynjólfsson ([brynjar.mar.brynjolfsson@landsvirkjun.is](mailto:brynjar.mar.brynjolfsson@landsvirkjun.is)) og Þóra María Guðjónsdóttir ([thora.maria.gudjonsdottir@landsvirkjun.is](mailto:thora.maria.gudjonsdottir@landsvirkjun.is)) á starfsmannasviði Landsvirkjunar. Umsóknarfrestur er til og með 18. mars.



Landsvirkjun ber gullmerkið í Jafnlaunaúttekt PwC, sem staðfestir að fyrirtækið greiðir körlum og konum jöfn laun fyrir sömu eða jafnverðmæt störf.

**Hlutverk Landsvirkjunar** er að hámarka afrakstur af þeim orkulindum sem fyrirtækinu er trúað fyrir með sjálfbæra nýtingu, verðmætasköpun og hagkvæmni að leiðarljósi.

[www.landsvirkjun.is](http://www.landsvirkjun.is)

Veðurstofa  
Íslands

# Sérfræðingur í kerfisstjórn/DevOps

Veðurstofa Íslands óskar eftir að ráða sérfræðing í kerfisstjórn til að sinna rekstri, viðhaldi og rekstrarþróun á sérhæfðum miðlægum kerfum Veðurstofunnar. Viðkomandi mun starfa í upplýsingatæknihóp Veðurstofunnar sem er hluti af Fjármála- og rekstrarsviði.

#### Hlutverk

Veðurstofan rekur mörg krefjandi og óhefðbundin upplýsingatæknikerfi. Hlutverk viðkomandi er að hafa umsjón með, þjónusta, setja upp, prófa og reka þessi kerfi. Viðkomandi tekur þátt í kerfishönnun og þróun og tekur við kerfum/hugbúnaði sem koma þarf í rekstur. Viðkomandi sér um samskipti við þjónustuaðila ef svo ber undir.

#### Menntun og hæfniskröfur

- ▶ Háskólamenntun eða farsæl reynsla á sviði tölvunar- eða kerfisfræði
- ▶ Farsæl reynsla af umsjón og rekstri tölvukerfa
- ▶ Frumkvæði, hæfni í mannlegum samskiptum og tekmisvinnu

- ▶ Þekking á Linux stýrikerfum og Windows þjónum
- ▶ Æskileg er reynsla af kerfishönnun sem miðar að því að ná háum uppitíma
- ▶ Þekking á netkerfum og fjarskiptum er kostur
- ▶ Þekking á kerfisskjölun er kostur
- ▶ Kunnáttu í forritunarmálum, s.s. Python, Java, skeljaforritun er kostur
- ▶ Gott vald á íslensku og ensku

Nánari upplýsingar um störfni veita **Vigfús Gíslason**, hópstjóri upplýsingatækni ([gislason@vedur.is](mailto:gislason@vedur.is)) og **Borgar Evar Axelsson**, mannauðsstjóri ([borgar@vedur.is](mailto:borgar@vedur.is)) í síma **522 6000**.

Laun taka mið af kjarasamningum ríkisins og viðeigandi stéttarfélag.

**Umsóknarfrestur er til og með 23. mars nk**

Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um störfni á heimasíðu Veðurstofu

Veðurstofa Íslands er opinber stofnun sem heyrir undir umhverfis- og auðlindaráðuneytið. Hjá stofnuninni starfa um 130 manns með fjölbreytta menntun og starfsreynslu sem spannar mörg fræðasvið. Auk þess starfa um 120 manns við athugana- og eftirlitsstörf víðsvegar um landið. Hlutverk stofnunarinnar er öflun, varðveisla og úrvinnsla gagna, sem og miðlun upplýsinga á helstu eðlisþáttum jarðarinnar, þ.e. lofti, vatni, jörð, snjó, jökulum og hafi. Starfsemin fer fram á fjórum sviðum: **Eftirlits- og spásviði, Fjármála- og rekstrarsviði, Athugana- og tæknisviði og Úrvinnslu- og rannsóknasviði**. Nánari upplýsingar um stofnunina má finna á heimasíðu hennar [www.vedur.is](http://www.vedur.is)

Gildi Veðurstofunnar eru **þekking, áreiðanleiki, framsækni og samvinna**. Ráðningar hjá stofnuninni munu taka mið af þessum gildum.




Samtök áhugafólks um áfengis- og vímuefnavandann

## ÁFENGIS OG VÍMUEFNARÁÐGJAFAR

SÁÁ óskar eftir Áfengis og vímuefnaráðgjöfum til náms eða starfa. Stúdentspróf æskilegt.

Nánari upplýsingar veitir Hjalti Björnsson dagskrárstjóri í síma 824 7620 - netfang [hjalti@saa.is](mailto:hjalti@saa.is)

Skriflegar umsóknir sendist á Sjúkrahúsið Vog Stórhöfða 45, 112 Reykjavík, merktar „ráðgjafi“ fyrir **25. mars n.k.**



## Lyfjafræðingur í Noregi

Lyfjafræðingur óskast til starfa í Sola Apotek

Við leitum að félagslyndum einstakling sem getur unnið bæði sjálfstætt og í hópi.

Sola Apotek er meðlimur af Ditt Apotek keðjunni, sem er samstarf einkarekinna apóteka í Noregi. Apótekið er staðsett miðsvæðis í Sola, sem er í um 10 mínútna keyrslufjarlægð frá Stavanger og Sandnes. **Um er að ræða 100% fastráðningu.**

#### Hæfniskröfur


- Lyfjafræðingsréttindi
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Faglegur metnaður
- Góð þjónustulund

#### Nánari upplýsingar gefur:

Lyfsali: Laila Østrem

Sími: +47 984 66 670 / +47 517 15 454

Netfang: [laila.ostrem@dittapotek.no](mailto:laila.ostrem@dittapotek.no)



## Viðskiptastjóri á Fyrirtækjasviði

Fyrirtækjasvið Íslandsbanka býður alhliða fjármálaþjónustu til stærri fyrirtækja, stofnana og sveitarfélaga landsins ásamt því að stýra fjármögnunarverkefnum þeim tengdum. Sviðið hefur á að skipa sérfræðingum í öllum helstu geirum íslensks atvinnulífs.

Við leitum að kraftmiklum og framtakssömum einstaklingi sem sýnir frumkvæði og hefur a.m.k. 5 ára reynslu af fjármálatengdum störfum.

#### Helstu verkefni:

- Samskipti, þjónusta og ráðgjöf við viðskiptavinum
- Greina og koma auga á ný viðskiptatækifæri
- Stýring og ábyrgð á viðskiptasamböndum
- Lánveitingar og fjármögnun
- Greining samkeppnisumhverfis

#### Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Þekking og áhugi á íslensku atvinnulífi
- Góðir samskipta- og forystuhæfileikar
- Gott vald á íslensku og ensku í mæltu og rituðu máli

#### Umsóknarfrestur er til og með 17. mars

Umsóknir óskast fylltar út á [www.islandsbanki.is](http://www.islandsbanki.is) og sendar ásamt ítarlegri ferilskrá.

#### Nánari upplýsingar:

Hjörtur Þór Steindórsson, forstöðumaður fasteigna, verktaka, sveitarfélaga og orkuteymis á Fyrirtækjasviði, 844 4503, [hjortur.steindorsson@islandsbanki.is](mailto:hjortur.steindorsson@islandsbanki.is)

Sigrún Ólafsdóttir, ráðningastjóri, 440 4172, [sigrun.olafs@islandsbanki.is](mailto:sigrun.olafs@islandsbanki.is)

**Við bjóðum góða þjónustu.** Hjá Íslandsbanka starfa um 1000 starfsmenn. Við sækjumst eftir starfsfólki sem er jákvætt, faglegt og framsýnt og leitar ávallt bestu lausna fyrir viðskiptavinum bankans. Framtíðarsýn Íslandsbanka er að vera númer eitt í þjónustu.

**Hvað segir fólkíð okkar?** Sjáðu hvað starfsfólkið hefur að segja um vinnustaðinn: [islandsbanki.is](http://islandsbanki.is) > Um Íslandsbanka > Vinnustaðurinn







## ÖFLUGUR VERKSTJÓRI

Deilir ehf óskar eftir að ráða verkstjóra.

Við leitum að öflugum einstaklingi á véla-sviði þar sem unnið er við þjónustu á búnaði jarðorkuvera á Íslandi.

Öllum umsóknum skal fylgja ferilskrá með greinargóðri lýsingu á reynslu og menntun. Við leggjum áherslu á fullan trúnað og að öllum umsóknum verður svarað. Umsóknir og fyrirspurnir skulu sendar á [jj@deilir.com](mailto:jj@deilir.com) fyrir 23. mars nk.



## Byggingaverkamenn

ÍAV óskar eftir að ráða byggingaverkamenn til starfa. Um er að ræða verkefni á höfuðborgarsvæðinu og suðurnesjum.

Umsóknum skal skila á vef ÍAV, [www.iav.is](http://www.iav.is)



Íslenskir aðalverktakar hf. | Höfðabakka 9  
110 Reykjavík | s. 530 4200 | [iav.is](http://iav.is)



## Járnsmiðir!

ÍAV óskar eftir að ráða járnsmiði til starfa. Um er að ræða verkefni á suðurnesjum.

Umsóknum skal skila á vef ÍAV, [www.iav.is](http://www.iav.is)



Íslenskir aðalverktakar hf. | Höfðabakka 9  
110 Reykjavík | s. 530 4200 | [iav.is](http://iav.is)



# LIFANDI UPPLÝSINGATÆKNIFYRIRTÆKI LEITAR AÐ ÖFLUGUM FRAMKVÆMDASTJÓRA

Við leitum að stjórnanda til að leiða sviðið Tæknirekstur og þjónusta. Sviðið er ábyrgt fyrir hönnun á tæknilegum innviðum og rekstri þjónustulausna fyrirtækisins, sem sérsniðnar eru að þörfum fjármálamarkaðar.

Okkar meginmarkmið er að tryggja viðskiptavinum 100% uppitíma og það gerum við með því að hafa í okkar röðum öflugt fólk sem treyst er fyrir lyklunum að mikilvægustu upplýsingatæknikerfum landsins.

Við trúum á öfluga liðsheild og lifum og brennum fyrir áskoranir sem felast í flóknum og krefjandi verkefnum. Þetta gerum við með öryggi, fagmennsku og ástríðu að leiðarljósi.

Framkvæmdastjórinn mun leiða 70 manna svið sem er ábyrgt fyrir rekstri flestra miðlægra bankakerfa Íslands og framþróun og sjálfvirknivæðingu IaaS og PaaS umhverfa. Mikil áhersla er lögð á rekstrar- og gagnaöryggi sem og hagkvæman og skilvirkan rekstur.

Framkvæmdastjóranum er ætlað að móta og leiða öfluga liðsheild, efla þjónustuframboð sviðsins, vera framsækinn og traustur leiðtogi og öðrum góð fyrirmynd.

### Hæfniskröfur:

- Leiðtogahæfileikar og stjórnunarreynsla
- Samskiptahæfni
- Reynsla af uppbyggingu tækniþjónustu félaga
- Reynsla af sölu þjónustu
- Mikil greiningarhæfni
- Ríkur skilningur á upplýsingatækni og góður skilningur á fjármálamarkaði
- Háskólamenntun

Hægt er að sækja um á [www.hagvangur.is](http://www.hagvangur.is) til 15. mars 2015.

Farið verður með umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál.

Nánari upplýsingar um starfið veitir:

Katrín S. Óladóttir  
Framkvæmdastjóri Hagvangs  
[katrin@hagvangur.is](mailto:katrin@hagvangur.is)  
Sími: 520 4700

HAGVANGUR

### Nánar um RB

RB er traust og öflugt þjónustufyrirtæki á sviði upplýsingatækni sem hefur þróað margvíslegar fjármálalausnir, þar á meðal öll megin greiðslukerfi landsins. Helstu viðskiptavinir RB eru fjármálafyrirtæki og váttryggingafélög. Markmið RB er að gegna lykilhlutverki í hagræðingu innan íslenska fjármálamarkaðarins með því að lækka upplýsingatæknikostnað fjármálafyrirtækja.





Samherji er eitt öflugasta sjávarútvegsfyrirtæki Evrópu, með víðtæka starfsemi víðsvegar um heim. Samherji hefur á að skipa hæfu og framtakssömu starfsfólki og stjórnendum, öflugum skipaflota, miklum aflaheimildum og fullkomnum verksmiðjum í landi.

## Yfirvélstjóri

Samherji hf. óskar eftir að ráða yfirvélstjóra til starfa á Kirkellu H-7, nýsmíðaðan frystitogara félagsins í Evrópu. Um framtíðarstarf er að ræða

### Hæfniskröfur

- Skilyrði að geta unnið sjálfstætt
- Réttindi VF 1
- Góð enskukunnátta
- Snyrtimennska
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Reglusemi skilyrði

Umsóknir berist til **Önnu Maríu Kristinsdóttur, starfsmannastjóra Samherja hf** [anna@samherji.is](mailto:anna@samherji.is)



# Fjölbreytt SUMARSTÖRF hjá Reykjavíkurborg

Umsóknarfrestur er til 29. mars [www.reykjavik.is/sumarstorf](http://www.reykjavik.is/sumarstorf)

Reykjavíkurborg óskar eftir starfsfólki í fjölbreytt afleysinga- og sumarstörf. Störfín eru margvísleg og snerta daglegt líf borgarbúa með ýmsum hætti. Reykjavíkurborg er einn stærsti vinnustaður landsins með hátt í átta þúsund starfsmenn. Við leitum að sumarstarfsfólki til þess að hjálpa okkur við að gera Reykjavík að lifandi og fallegri borg sem veitir borgarbúum á öllum aldri þjónustu.

### Störf í boði

Aðstoðardýrahirðir, sundlaugavörður, leiðsögn og gæsla á Borgarsögusafni, bókaverðir, grænir fræðsluleiðbeinendur, sumarliðar, flokkstjórar, stuðningsfulltrúi á heimili fyrir fatlað fólk, umönnun á hjúkrunarheimilum, starfsmaður heimaþjónustu, ásamt fleiri störfum.

### Aðstoð við umsóknir

Í Hinu Húsinu, Pósthússtræti 3-5, er hægt að fá aðstoð við gerð umsókna alla virka daga frá 9.00 - 17.00. Atvinnuráðgjafar Hins Hússins verða auk þess með opið á fimmtudögum frá 17.00 - 20.00 og á laugardögum frá 13.00 - 16.00 út umsóknartímann.



## Viltu ganga til liðs við Valitor?

### Valitor óskar að ráða til sín sérfræðing á Alþjóðasviði

Alþjóðasvið Valitor stýrir viðskiptum fyrirtækisins á erlendri grundu, bæði er varðar færsluhirðingu erlendra kaupmanna og útgáfu greiðslukorta til erlendra korthafa.

#### Starfssvið:

- // Útfærsla verðlagsútreikninga
- // Gerð hagkvæmnisúttekta
- // Umsjón með viðskiptamannabók
- // Tilboðsgerð til viðskiptavina
- // Greiningarvinna og skýrslugerð

#### Menntunar- og hæfniskröfur:

- // Háskólamenntun sem nýtist í starfi og er meistaraþróf kostur
- // Þekking og kunnátta á helstu greiningartólum
- // Faglegur metnaður, öguð vinnubrögð og áhugi á framsetningu gagna
- // Frumkvæði og geta til að vinna sjálfstætt
- // Góð enskukunnátta er skilyrði

Upplýsingar veitir: Kristín Guðmundsdóttir, [kristin@hagvangur.is](mailto:kristin@hagvangur.is), 520 4700

Umsóknir óskast fylltar út á [www.hagvangur.is](http://www.hagvangur.is) Umsóknarfrestur er til og með **15. mars n.k.**



Valitor er traust og alþjóðlegt þekkingarfyrirtæki sem er stöðugt að skapa nýjar lausnir fyrir viðskiptavinum sína. Gildin okkar, frumkvæði, traust og samvinna, knýja samhentan og metnaðarfullan starfshóp áfram í stöðugri viðleitni til að bæta þjónustuna.

**VALITOR**

# Upplýsendur óskast

Creditinfo leitir að framúrskarandi fólki til að leiða okkur inn í framtíðina. Við erum leiðandi fyrirtæki í trausti miðlun fjárhags- og fjölmiðlaupplýsinga og starfrækjum einn stærsta gagnabanka landsins. Okkar hlutverk er að auka virði upplýsinga og stuðla þannig að réttri ákvarðanatöku og trausti í viðskiptum. Við bjóðum vinnu í skemmtilegum og faglega sterkum hópi þar sem tækifærin eru mikil.

Þessir starfsmenn heyra beint undir framkvæmdastjóra og sitja í framkvæmdastjórn Creditinfo. Við leitum að aðilum sem hafa:

## Metnað

Þú tekur hlutina alla leið

## Frumkvæði

Þú finnur rétta svarið með því að spyrja réttra spurninga

## Heildarsýn

Þú sérð stóru myndina og hugsar í lausnum

## Samskipta-hæfileika

Þér líkar við fólk og leggur þitt af mörkum til hópsins

## Forstöðumaður Vöru- og verkefnastýringar

Forstöðumaður ber ábyrgð á allri vöruþróun Creditinfo, að við framleiðum virði sem skilar sér til viðskiptavina. Sviðið ber ábyrgð á framtíðarsýn, kröfugerð, gæðum og almennri verkefnastýringu. Vörustjórar forgangsraða verkefnum samkvæmt Agile aðferðafræði í samvinnu við Scrum Master. Við leggjum mikla áherslu á notendamiðaða vöruþróun og eru starfsmenn sviðsins í nánnum samskiptum við viðskiptastýringu sem og viðskiptavini.

### Menntun og hæfni

- Háskólapróf sem nýtist í starfi, t.d. verkfræði eða tölvunarfræði
- Reynsla af því að vinna sem vörustjóri eða verkefnastjóri í upplýsingatækni
- Góður skilningur á bæði tækni- og viðskiptahliðinni
- Reynsla af stjórnunarstörfum er mikill kostur

## Forstöðumaður Upplýsinga- og tæknisviðs

Forstöðumaður leiðir 14 manna öflugt teymi forritara, gagnagrunnssérfræðinga og tæknifólks. Við vinnum eftir Agile aðferðafræðinni og lifum í .NET heimi.

Upplýsingatækni er undirstaða í starfsemi okkar og því leggjum við áherslu á öguð vinnubrögð og að finna hentugustu lausnina hverju sinni.

### Menntun og hæfni

- Háskólapróf, helst á sviði tölvunarfræði eða verkfræði
- Haldgóð reynsla af hugbúnaðargerð er skilyrði
- Þekking á vöruhúsum gagna og reynsla af að vinna með mikið magn af upplýsingum er kostur
- Reynsla af stjórnunarstörfum eða verkefnastýringu í

## Forstöðumaður Viðskiptastýringar

Forstöðumaður ber ábyrgð á tekjumarkmiðum Creditinfo. Hann leiðir viðskiptastjóra og mótar sölu- og þjónustustefnu okkar. Viðskiptastýring er einnig rödd viðskiptavinarins inn í fyrirtækið og vinnur með vörustjórum að þróun lausna. Við vinnum náið með stærstu fyrirtækjum landsins og leggjum metnað okkar í að skilja þeirra þarfir.

### Menntun og hæfni

- Háskólapróf, helst á sviði viðskipta, lögfræði eða verkfræði
- Reynsla af sölu á fyrirtækjamarkaði er skilyrði
- Reynsla úr bankageira eða innheimtustarfsemi er kostur
- Reynsla af stjórnunarstörfum er mikill kostur

## Lögfræðingur Creditinfo

Lögfræðingur ber ábyrgð á starfsleyfi Creditinfo gagnvart Persónuvernd þ.m.t. eftirliti og ferlum. Lögfræðingur vinnur náið með viðskipta- og vörustjórum að samskiptum við birgja s.s. Ríkisskattstjóra, Samgöngustofu og Þjóðskrá og samningagerð við viðskiptavini.

### Menntun og hæfni

- Meistarapróf í lögfræði
- Reynsla úr viðskiptalífni, sér í lagi af samningagerð
- Sérþekking og/eða reynsla á sviði persónuverndarlaga og neytendalaga er mikill kostur



Nánari upplýsingar um störfin veitir Snorri Jónsson starfsmannastjóri, [snorri@creditinfo.is](mailto:snorri@creditinfo.is) Umsókn ásamt ferilsskrá skal senda á [atvinna@creditinfo.is](mailto:atvinna@creditinfo.is) Heiti pósts skal vísa til starfs sem sótt er um.

**Umsóknarfrestur er til og með 15. mars 2015**

[www.creditinfo.is](http://www.creditinfo.is)

Creditinfo var stofnað á Íslandi árið 1997. Við erum í dag með 280 starfsmenn í 16 löndum, þar af 50 snillinga á Íslandi.



## Bláskógabyggð

### Bláskógabyggð auglýsir lausar til umsóknar tvær stöður skólastjóra, aðra í Bláskógaskóla á Laugarvatni og hina í Reykholti

Bláskógaskóli á Laugarvatni er samrekin leik- og grunnskóli. Í skólanum eru nú 35 börn á grunnskólastigi og 24 í leikskóla-deild. Bláskógaskóli í Reykholti er grunnskóli þar sem nú eru um 90 nemendur. Skólarnir tveir hafa verið hluti af sameinuðum Bláskógaskóla, en verða frá og með næsta hausti sjálfstæðar rekstrareiningar.

Sveitarfélagið leitar að einstaklingum sem hafa áhuga á að leiða skólastarf þar sem stuðlað er að einstaklingsmiðuðu námi og fjölbreyttum, skapandi og hvetjandi kennsluháttum. Áhersla er á öflugt samstarf milli heimila og skóla og góð tengsl við grenndarsamfélagið. Sjá nánar í skólastefnu Bláskógabyggðar ([http://blaskoli.blaskogabyggd.is/Skolinn/Skolastefna\\_Blaskogabyggdar/](http://blaskoli.blaskogabyggd.is/Skolinn/Skolastefna_Blaskogabyggdar/)) og auglýsingu á heimasíðu Bláskógabyggðar ([www.blaskogabyggd.is](http://www.blaskogabyggd.is)).

Umsóknir skulu berast skrifstofu Bláskógabyggðar, Aratungu, 801 Selfoss í síðasta lagi 27. mars næstkomandi. Nánari upplýsingar veitir Valtýr Valtýsson sveitarstjóri í síma 480 3000 eða 863 6663, netfang: [valtyr@blaskogabyggd.is](mailto:valtyr@blaskogabyggd.is)



## STEYPUSTÖÐIN

### Bifvélavirki óskast til starfa

Steypustöðin ehf. óskar eftir ráða bifvélavirkja eða vélvirkja til starfa.

Æskilegt er að viðkomandi hafi meirapróf en er þó ekki skilyrði. Um er að ræða framtíðarstarf.

Umsóknarfrestur er til 16. mars 2015

Umsókum skal skilað til Árna Más Ragnarsson Verkstæðisformanns í Reykjavík á netfangið [arni@steypustodin.is](mailto:arni@steypustodin.is).

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun hefur verið tekin um ráðningu.

## Bifvélavirki óskast á bílaverkstæði í Reykjavík

Reynsla af bilanagreinum og sjálfstæð vinnubrögð kostur.

Umsóknir óskast sendar á [as.v@internet.is](mailto:as.v@internet.is)

## Golfklúbbur Reykjavíkur óskar eftir starfsfólki - sumar 2015



### Starfssvið

Umhirða og sláttur á völlum Golfklúbbs Reykjavíkur.

### Hæfniskröfur

Æskilegt að umsækjendur hafi náð 17 ára aldri og séu með bílpróf auk vinnuvélaprófs. Reynsla af golfvallavinnu kostur en ekki skilyrði. Vinnutími er frá 06:00-14:00 alla virka daga.

Leitað er eftir einstaklingum sem búa yfir stundvísi, frumkvæði og hafa metnað til að ná árangri í starfi.

Nánari upplýsingar veitir Birkir Már Birgisson í síma 660-2780 eða á [birkir@rgolf.is](mailto:birkir@rgolf.is)

## SÉRFRÆÐINGUR Í HUGBÚNAÐARÞRÓUN

► Við leitum að öflugum meðlim í þróunarteymið okkar.

Upplýsingatæknisvið Fjármálaeftirlitsins sér um þróun eftirlitshugbúnaðar og rekstur tölvukerfa, ásamt því að þjónusta starfsfólk og eftirlitsskylda aðila við notkun kerfanna. Sviðið hefur einnig eftirlit með upplýsingatæknikerfum eftirlitsskyldra aðila og sinnir rannsóknarhlutverki. Samstarf er við bæði innlendar og erlendar eftirlitsstofnanir um ýmis verkefni. Í boði eru spennandi verkefni í lifandi umhverfi fyrir kraftmikinn og drifandi einstakling sem hefur metnað fyrir þróun hugbúnaðar til að auka skilvirkni og yfirsýn í eftirliti.

### Starfssvið

- Samvinna við hagsmunaaðila í þróun áhættumatskerfis
- Greining verkefna og þarfa notenda
- Hönnun og þróun hugbúnaðarlausna Fjármálaeftirlitsins
- Viðhald og framþróun grunnagnakerfis (Master Data Management)
- Önnur tilfallandi og tengd verkefni

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf í verkfræði, tölvunarfræði eða önnur sambærileg menntun
- Þekking og reynsla af vefforritun í C# og .Net
- Þekking og reynsla af sjálfvirkum prófunum
- Þekking og reynsla af MVC högun er kostur
- Þekking á SQL gagnagrunnum og XML er kostur
- Reynsla af fjármálamarkaði er kostur
- Jákvæðni, frumkvæði og skipulögð vinnubrögð
- Áhugi á að vinna í Agile vinnukerfi með góðu teymi sem vinnur þétt saman

Umsjón með starfinu hafa Bjarni Þór Gíslason upplýsingatæknistjóri ([bjarnithor@fme.is](mailto:bjarnithor@fme.is)) og Árni Ragnar Stefánsson mannauðsstjóri ([arni@fme.is](mailto:arni@fme.is)).

Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins, [www.fme.is](http://www.fme.is), eða á [www.starfatorg.is](http://www.starfatorg.is).

Umsóknarfrestur er til og með 23. mars nk. Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg ferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ  
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

## Tónskóli Sigursveins

### Staða skólastjóra

Skólastjórn Tónskóla Sigursveins auglýsir stöðu skólastjóra lausa til umsóknar. Ráðið er í stöðuna til 5 ára í senn. Ráðning framlengist um 5 ár sé henni ekki sagt upp minnst 9 mánuðum fyrir lok ráðningartíma. Starf skólastjóra hefst 1. ágúst 2015 eða eftir samkomulagi í ráðningarsamningi.

Tónskóli Sigursveins var stofnaður árið 1964. Frumkvæði að stofnun hans hafði Sigursveinn D. Kristinsson tónskáld. Skólinn er sjálfseignarstofnun sem rekinn er af styrktarfélagi með framlögum frá sveitarfélögum og ríkissjóði skv. lögum um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla auk skólagjalda. Skólinn er almennur tónlistarskóli og starfar á grundvelli stefnu í tónlistarmenntun, sem mótuð var af stofnanda skólans. Meginmarkmið skólans er að efla almenna tónlistarþekkingu meðal barna og fullorðinna og að skapa þeim, sem skara fram úr í námi verkefni við sitt hæfi.

Skólinn veitir tónlistarmenntun á grunnstigi, miðstigi og framhaldsstigi í samræmi við aðalnámskrá á tónlist sem sett er af mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Í skólanum er kennt á öll helstu hljóðfæri fyrir klassíska og rytmíska tónlist og allar nauðsynlegar hliðarnámsgreinar. Nemendur í fullu námi við skólann hafa verið ríflega 500 á síðustu árum og við skólann starfa jafnan 50 - 60 kennarar í 25 - 30 stöðugildum.

### Æskilegt er að umsækjendur uppfylli eftirfarandi skilyrði:

- Hafi háskólamenntun í tónlist, menntun í uppeldis- og kennslu fræðum og/eða aðra menntun sem nýst getur í starfinu.
- Hafi reynslu af kennslu við tónlistarskóla, reynslu af stjórnunarstörfum og reynslu af að vinna með ungu fólki eða aðra reynslu sem nýst getur í starfinu.
- Hafi góða leiðtoga- og samskiptahæfileika.

Umsækjendur skulu hafa kynnt sér skipulagsskrá Tónskóla Sigursveins og þann grunn sem lagður var við stofnun hans og vera reiðubúnir til að starfa á þeim grundvelli og í þeim anda sem einkennt hefur starf skólans í fimmtíu ár.

Skólastjórn mun skipa starfshóp sem vinnur í þeim umsóknum sem berast og leggur mat á þær með tilliti til framangreindra skilyrða og með tilliti til þeirrar menntastefnu sem skólinn fylgir. Umsagnir starfshópsins eru leiðbeinandi fyrir skólastjórn sem tekur ákvörðun um ráðninguna. Skólastjórn áskilur sér rétt til að ráða hvaða umsækjanda sem er eða hafna öllum umsóknum.

### Umsókn fylgi:

1. Afrit af öllum viðeigandi prófskírteinum.
2. Starfsferilskrá.
3. Listræn ferilskrá.
4. Stutt greinargerð um viðhorf umsækjanda til tónlistarmenntunar og starfsemi tónlistarskóla og framtíðarsýn hans fyrir Tónskóla Sigursveins.
5. Nöfn allt að þriggja manna, sem vilja gefa munnlega umsögn um umsækjanda ef eftir verður leitað. Æskilegt er að einn þeirra sé næsti yfirmaður í núverandi starfi eða fyrra starfi umsækjanda.

Umsóknum skal skilað á pappír til Tónskóla Sigursveins, Engjateig 1, 105 Reykjavík eða rafrænt á netfangið [tsdk@ismennt.is](mailto:tsdk@ismennt.is).

Umsóknarfrestur er til 31. mars 2015.

Upplýsingar um starfið veitir Sigursveinn K. Magnússon skólastjóri í síma: 568 5828

## Bifreiðasmiður og bifvélavirki óskast



GB Tjónaviðgerðir ehf óska eftir að ráða til vinnu vanan Bifreiðasmið, þarf að vera vanur bílaréttingum. Einnig óskum við eftir að ráða vanan Bifvélavirkja.

Nánari upplýsingar í síma 862-0086 og á staðnum Dragháls 6-8 milli 8 og 16:30



## Heilsugæslulæknar við Heilsugæsluna Grafarvogi

### Heilsugæslulæknar

Laus eru til umsóknar tvö störf heilsugæslulækna við Heilsugæsluna í Grafarvogi. Ráðið verður í störf sem fyrst eða eftir nánara samkomulagi. Starfshlutfall er 50-100%. Til greina kemur að ráða aðra sérfræðinga eða almenna lækna ef ekki tekst að ráða lækna með sérfræðiviðurkenningu í heimilislækningum til starfa.

Heilsugæslan Grafarvogi er staðsett í nýlegu húsnæði í Spönginni í Grafarvogi þar sem aðstaða er til fyrirmyndar. Á stöðinni eru starfandi sérfræðingar í heimilislækningum ásamt barnalækni, félagsráðgjöfum, sálfræðingi, hjúkrunarfræðingum, ljósmæðrum og riturum. Heilsugæslan Grafarvogi er hverfisstöð og er fyrst og fremst ætlað að veita íbúum almenna lækni- og hjúkrunarþjónustu.

Nánari upplýsingar um starfsemi stöðvarinnar má finna á vef Heilsugæslunnar ([www.heilsugaeslan.is](http://www.heilsugaeslan.is)).

### Helstu verkefni og ábyrgð

Starfssvið heilsugæslulækna er æði víðtækt og felst m.a. í almennum lækningum, heilsuvernd, vaktþjónustu og kennslu nema. Hann veitir fræðslu og upplýsingar og leiðbeinir skjólstæðingum og aðstandendum. Heilsugæslulæknir er ennfremur virkur þátttakandi í þróun sinnar faggreinar innan starfsstöðvar.

### Hæfnikröfur

Þess er krafist að umsækjendur hafi sérfræðimenntun í heimilislækningum, að þeir búi yfir mikilli skipulagshæfni, séu sjálfstæðir í starfi og viðhafi öguð vinnubrögð. Mikil hæfni í mannlegum samskiptum er skilyrði og reynsla af teymisvinnu er æskileg.

### Frekari upplýsingar um starfið

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármálaráðherra og viðkomandi stéttarfélags. Stéttarfélag er Læknafélag Íslands.

Umsókn skal fylgja ítarleg náms- og starfsferilskrá þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og kynningarbréf þar sem fram kemur rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Jafnframt skal leggja fram staðfestar upplýsingar um læknismenntun, lækni- og vísinda- og rannsóknarstörf. Gögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast Svövu Þorkeldsdóttur, mannauðsstjóra Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Álfabakka 16, 109 Reykjavík.

Mat á hæfni umsækjenda byggist á innsendum gögnum og viðtölum við umsækjendur. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Tekið er mið af jafnréttisstefnu Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins við ráðningu í starfið. Umsókn getur gilt í 6 mánuði.

**Sækja skal um störf á vef Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins ([www.heilsugaeslan.is](http://www.heilsugaeslan.is)) undir laus störf eða á Starfatorgi ([www.starfatorg.is](http://www.starfatorg.is))**

Starfshlutfall er 50-100%

**Umsóknarfrestur er til og með 23.03.2015**

Nánari upplýsingar veitir Guðbrandur E. Þorkelsson – [gudbrandur.e.thorkelsson@heilsugaeslan.is](mailto:gudbrandur.e.thorkelsson@heilsugaeslan.is) – 585-7600

HH Hlíðar  
Drápuhlíð 14-16  
105 Reykjavík

Ábyrgð – Fagmennska – Traust – Þjónusta - Framþróun

## VERKEFNASTJÓRI

GARÐLIST er með laust til umsóknar starf verkefnastjóra. Starfið skiptist í starf verkefnastjóra snjómoksturs á veturnar og almenns garðsláttar á sumrin.

Um er að ræða 100% starf og er unnið á vöktum yfir snjóþyngstu mánuðina. Yfir sumarmánuðina er miðað við almennan dagvinnutíma en þá má að auki gera ráð fyrir álagspunktum.

Við leitum að **kraftmiklum og skipulögðum einstaklingi sem er útsjónasamur, stundvís og sterkur í mannlegum samskiptum**. Kostur er ef viðkomandi hefur reynslu af **stjórnunarstörfum**. Meirapróf er kostur en starfið skiptist í skrifstofustarf og vinnu á verkstað.

Eingöngu einstaklingar með hreint sakavottorð koma til greina.

Umsóknir ásamt ferilskrá með mynd berist á [gudrunedda@gardlist.is](mailto:gudrunedda@gardlist.is) fyrir 11.mars



Tunguhálsi 7

110 Reykjavík

S: 554-1989

[gardlist@gardlist.is](mailto:gardlist@gardlist.is)

[www.gardlist.is](http://www.gardlist.is)

## Design & Digital

# Hello! Is it you we're looking for?

## Kosmos & Kaos leitar nú eftir öflugum liðsmönnum

### Verkefnastjóri

Starf verkefnastjóra felst í því að leiða teymi frá upphafi til enda verkefnis, fyrir framsæknustu fyrirtæki landsins. Verkefnastjóri starfar náið með framkvæmdastjóra og framleiðslustjóra. Starfið hentar vel fyrir einstaklinga með einstaka skipulagshæfileika og dágóða reynslu í stýringu verkefna í vottuðu verkefnastjórnunarkerfi.

### Við leitum eftir einstaklingi með:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Starfsreynslu sem nýtist í starfi
- Þekkingu á aðferðafræðum verkefnastjórnunar
- Framúrskarandi færni í mannlegum samskiptum
- Einstaka söluhæfileika og þjónustulund
- Leiðtoga- og stjórnunarhæfileika

### Bakendaforritari

Sem bakendaforritari hjá **Kosmos & Kaos** færð þú tækifæri til þess að láta ljós þitt skína í bakendaforritun veflausna í samstarfi við viðmótsforritara og vefhönnuði. Bakendaforritari starfar náið með rekstrar- og þróunarstjóra. Starfið hentar drífandi og kraftmiklum einstaklingi sem er tilbúinn til þess að stíga inn í öflugt teymi.

### Við leitum eftir einstaklingi með:

- Háskólamenntun á sviði tölvunarfræði eða samskonar menntun
- Starfsreynslu sem nýtist í starfi
- Þekkingu á Linux eða Unix umhverfi og rekstri vefþjóna
- Þekkingu á PHP, gagnagrunnum og Open Source vefumsjónarkerfum
- Reynslu af vinnu með vefþjónustur, gagnagrunna og samþættingu kerfa

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið með því að senda tölvupóst á [samskipti@kosmosogkaos.is](mailto:samskipti@kosmosogkaos.is). Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

**Umsóknarfrestur er til 16.mars 2015.**

Allar upplýsingar um starfið veitir framkvæmdastjóri **Kosmos & Kaos**, Inga Birna Ragnarsdóttir, [ingabirna@kosmosogkaos.is](mailto:ingabirna@kosmosogkaos.is)

[kosmosogkaos.is](http://kosmosogkaos.is)

KOSMOS & KAOS

[www.hagvangur.is](http://www.hagvangur.is)



HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700  
[www.hagvangur.is](http://www.hagvangur.is)

## Hlutastarf í barnafataverslun

Barnafataverslunin Polarn O. Pyret leitar að sölumanni í upp 30% starf.

Viðkomandi þarf að vera afburða sölumaður og góður í mannlegum samskiptum.

Vinnutími er 15-18:30 virka daga og einn laugardagur í mánuði. Um framtíðarstarf er að ræða.

Leitað er að jákvæðum einstaklingi, eldri en 25 ára, sem býr yfir frumkvæði, sjálfstæði í vinnubrögðum og þjónustulund.

Umsóknir ásamt ferilskrá sendist á kristin@polarnopyret.is eða afhendist í versluninni.

**POLARN O. PYRET**



## Sumarstörf

Við leitum að hjúkrunarfræðingum og hjúkrunarnemum, sjúkraliðum og sjúkraliðanemum sem og starfsfólki í umönnun

Í Mörk er unnið metnaðarfullt starf þar sem EDEN hugmyndafræðin er höfð að leiðarljósi. Heimilismenn og starfsfólk vinna saman að því að skapa öruggt og heimilislegt umhverfi og rík áhersla er lögð á sjálfsákvörðunarrétt heimilismanna og þátttöku þeirra.

Við leitum að einstaklingum sem eru jákvæðir og hafa góða samskiptahæfileika.

Starfshlutfall er samkomulagsatriði.

**Nánari upplýsingar í síma 560-1700**

Sigríður Sigurðardóttir, hjúkrunarstjóri  
sigridur.sigurdardottir@morkin.is


Helga Karlsdóttir, starfsmannastjóri  
helga@grund.is

Umsóknareyðublöð fást á  
<http://www.morkhjukrunarheimili.is/>

Í Mörk er unnið metnaðarfullt starf þar sem EDEN hugmyndafræðin er höfð að leiðarljósi



**MÖRK**  
HJÚKRUNARHEIMILI



## SÉRFRÆÐILÆKNIR

Á dagdeild öldrunarlækninga Landakoti er laust til umsóknar starf sérfræðilækni í heimilislækningum eða alm. lyflækningum til eins árs, en með möguleika á ráðningu til lengri tíma.

Skjólstæðingar deildarinnar glíma við flókið samspil aldurs-tengdra breytinga, sjúkdóma og færniskerðingu. Samhliða því eru þeir í flókinni lyfjameðferð.

Starfið gengur út á heildrænt öldrunarmat, að straumlínulaga meðferð og klæðskerasníða endurhæfingu.

Dagdeildarvinnan er teymisvinna, lækna, hjúkrunarfræðinga, sjúkrapjálfa, iðjupjálfa og félagsráðgjafa. Sá læknir sem verður ráðinn mun vinna náið með sérfræðilækni í öldrunarlækningum og taka þátt í innra starfi öldrunarlækningadeildar, þ.m.t. símenntun. Hér er því gott tækifæri til viðhalds- og endurmenntunar á sviði öldrunarlækninga sem getur nýst á margvíslegan hátt.

Til álita kemur að ráða einnig lækni sem lokið hefur þremur árum í alm. lyflækningum við LSH.

### Helstu verkefni og ábyrgð

- » Vinna á legu-, dag- og göngudeild ásamt vaktþjónustu við öldrunarlækningadeild LSH
- » Vinna við samráðskaðningar á aðrar deildir Landspítala
- » Þátttaka í kennslu og vísindavinnu í samvinnu við yfirlækni

### Hæfnikröfur

- » Íslenskt sérfræðileifyi í almennum lyflækningum og öldrunarlækningum
- » Jákvæðni, sveigjanleiki og lipurð samskiptum

### Nánari upplýsingar

- » Umsóknarfrestur er til og með 30. apríl 2015.
- » Starfshlutfall er 100%.
- » Starfið veitist frá 1. september 2015 eða eftir samkomulagi.
- » Umsóknum fylgi vottfestar upplýsingar um nám, fyrri störf, reynslu af kennslu, vísindavinnu og stjórnunarstörfum ásamt sérprentum eða ljósritum af greinum sem umsækjandi kann að hafa birt eða skrifað.
- » Umsóknargögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast, í tvíriti, Pálma V. Jónssyni, yfirlækni, LSH öldrunarlækningar K4 Landakoti.
- » Mat stöðunefndar læknaáráðs Landspítala byggist á innsendum umsóknargögnum. Viðtöl verða við umsækjendur og byggir ákvörðun um ráðningu í starfið einnig á þeim.
- » Fullt starf (100%) er bundið við sjúkrahúsið eingöngu sbr. yfirlýsingu LSH vegna kjarasamnings sjúkrahúslækna dags. 2 maí 2002, sbr. breytingu 5. mars 2006.
- » Upplýsingar veitir Pálmi V Jónsson, yfirlækni, netfang palmivj@landspitali.is, sími 543 9891.

Laun samkvæmt samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Sótt er um starfið rafrænt á: [www.landspitali.is](http://www.landspitali.is), undir „laus störf“. Öllum umsóknum verður svarað. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum.

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun



## RÁÐGJAFI/ STUÐNINGSFULLTRÚI

Ráðgjafi/ stuðningsfulltrúi óskast til starfa á Laugarásnum meðferðargeðdeild. Um er að ræða tvö 100% störf til lengri tíma, a.m.k. eitt ár eða lengur. Störfin eru laus frá 15. apríl og 1. júní 2015. Unnið er á breytilegum dag- og kvöldvöktum og að jafnaði þriðju eða fjórðu hverja helgi.

Deildin er mjög sérhæfð þar sem fram fer fjölbreytt meðferðarstarf fyrir einstaklinga á aldrinum 18-25 ára sem eru nýlega greindir með geðrofsjúkdóm.

Laugarásinn er opin meðferðargeðdeild sem sinnir 70-80 einstaklingum á hverjum tíma með sólarhringsþjónustu eða á dagdeild. Deildin er staðsett á Laugarásvegi 71.

### Helstu verkefni og ábyrgð

- » Vinna með unga einstaklinga með geðrænar raskanir
- » Virk þátttaka í fjölfaglegu samstarfi
- » Gerð og framkvæmd meðferðaráætlaða í samvinnu við aðra
- » Samskipti, hvatning, leiðbeiningar og víðtækur stuðningur
- » Ýmis fjölþætt og mikilvæg verkefni sem starfsemi deildarinnar felur í sér

### Hæfnikröfur

- » Menntun sem nýtist í starfi að lágmarki stúdentspróf
- » Viðbótarmenntun eða sérhæfileikar á sviði tónlistar, lista, matargerðar, íþróttar eða heilsuefingar
- » Góð samstarfshæfni, færni í samskiptum, skapandi hugsun og frumkvæði í starfi
- » Jákvætt hugarfar, sterk sjálfsmýnd, metnaður og áhugi á að starfa við endurhæfingu einstaklinga
- » Góð almenn tölvukunnátta og færni í mæltu og rituðu máli

### Nánari upplýsingar

- » Umsóknarfrestur er til og með 31. mars 2015.
- » Umsókn fylgi náms- og starfsferilskrá.
- » Upplýsingar veitir Magnús Ólafsson, deildarstjóri, netfang magnuso@landspitali.is, sími 824 5537.

Laun samkvæmt samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Sótt er um starfið rafrænt á: [www.landspitali.is](http://www.landspitali.is), undir „laus störf“. Öllum umsóknum verður svarað. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum.

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun



## Stálsmiðir - Rennismiðir

Við leitum að mönnum vönum smíði úr ryðfríju stáli. Einnig Rennismið í hálfu eða fullt starf.

Umsóknir óskast sendar á [mesa@mesa.is](mailto:mesa@mesa.is)  
Á.M.Sigurðsson ehf Hvaleyrarbraut 2.  
220 Hafnarfjörður  
[www.mesa.is](http://www.mesa.is)



Við leitum að skemmtilegum, duglegum og jákvæðum einstaklingi með reynslu af kaffihúsi í fullt starf sem fyrst.

Umsókn ásamt ferilskrá sendist á [mezzo@mezzo.is](mailto:mezzo@mezzo.is) merkt „Mezzo fullt starf“ fyrir lok dags 15. mars nk.

Café Mezzo er einstakt kaffihús með fallegu útsýni staðsett á 2. hæð við Lækjargötu. Lögð er áhersla á afbrigðis þjónustu og gæði.



## Verslunarstörf

Leitum að hressu og kraftmiklu fólki til starfa í verslun ICEWEAR.

Full störf og hlutastörf í boði.

Sendið umsóknir til [fridrik@icewear.is](mailto:fridrik@icewear.is) – fyrir 21. mars



## NÁMSSTÖÐUR Í SKURÐLÆKNINGUM

Lausar eru til umsóknar námsstöður deildarlækna í skurðlækningum. Starfshlutfall er 100% og veitast störfin til tveggja ára eða samkvæmt samkomulagi. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf 1. september 2015, eða samkvæmt samkomulagi.

Starfsnámið nýtist til framhaldsnáms í sérgreinum skurðlækninga.

### Helstu verkefni og ábyrgð

- » Klínísk vinna á bráðamóttöku, legu- og göngudeildum skurðlækningasviðs
- » Bundnar vaktir
- » Þátttaka í kennslu- og fræðslustarfi sérgreina
- » Þátttaka í vísindavinnu
- » Kennsla kandidateata og læknanema

### Hæfnikröfur

- » Íslenskt læknigaleyfi
- » Færni í mannlegum samskiptum
- » Öguð vinnubrögð
- » Íslenskukunnátta

### Nánari upplýsingar

- » Umsóknarfrestur er til og með 23. mars 2015.
- » Umsókn skal fylgja náms- og ferilskrá. Viðtöl verða höfð við umsækjendur og byggist ákvörðun um ráðningu í starfið á þeim og innsendum gögnum.
- » Upplýsingar veita Guðjón Birgisson, yfirlækni, netfang [gudjonbi@landspitali.is](mailto:gudjonbi@landspitali.is) og Þórður Skúli Gunnarsson, umsjónardeildarlækni, netfang [thordsg@landspitali.is](mailto:thordsg@landspitali.is), sími 543 1000.

Laun samkvæmt samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Sótt er um starfið rafrænt á: [www.landspitali.is](http://www.landspitali.is), undir „laus störf“. Öllum umsóknum verður svarað. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum.

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun

## Flokkstjóri og almennur starfsmaður á sérverkefnasviði

ISS leitar eftir starfandi flokkstjóra og almennum starfsmanni á sérverkefnasviði.

Flokkstjóri verður að tala og rita íslensku og ensku.

Almenn tölvukunnátta er nauðsynleg. Viðkomandi þarf að hafa reynslu af viðhaldi gólfefna og hreingerningum. Almennur starfsmaður þarf að tala íslensku og/eða ensku

**Nánari upplýsingar gefur Gunnar Hallgrímsson, í síma 660-9390 eða á póstfangið gunnarh@iss.is**

Umsókn er hægt að fylla út á vef ISS, [www.iss.is](http://www.iss.is) eða á skrifstofu ISS að Austurhrauni 7, 210 Garðabæ.



## ATVINNA

### VERKEFNASTJÓRI FERÐA- OG UPPLÝSINGAMÁLA

Reykjanesbær óskar eftir að ráða verkefnastjóra ferða- og upplýsingamála hjá sveitarfélaginu. Um fullt starf er að ræða og mun starfsmaður hafa aðstöðu í Duus safnahúsi.

#### Helstu verkefni:

- Umsjón með ferða- og upplýsingamálum hjá Reykjanesbæ
- Umsjón með daglegum rekstri Gestastofu Reykjanesjarðvangs í Duus
- Umsjón með daglegum rekstri upplýsingamiðstöðvar ferðamála
- Vinna við styrkumsóknir vegna menningar- og/eða ferðamálatengdra styrkja
- Tekur þátt í markaðs- og kynningarmálum fyrir Reykjanesbæ
- Kemur að móttöku safngesta í Duus í samstarfi við safnstjóra og safnkennara
- Kemur að móttöku almennra gesta Reykjanesbæjar

#### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, ferðamálafræði æskileg
- Reynsla af ferða- og/eða kynningarmálum æskileg
- Skýr sýn á möguleikum Reykjanes í ferðabjónustu nauðsynleg
- Frumleiki, hugmyndaauðgi og metnaður til að ná árangri
- Mjög góð skipulags- og samskiptahæfni nauðsynleg
- Gott vald á upplýsingatækni og hæfni til að nýta sér nýjungar á því sviði
- Færni til að setja fram upplýsingar í ræðu og riti á íslensku og ensku

Umsóknarfrestur er til og með 23. mars nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á vef Reykjanesbæjar: [www.reykjanesbaer.is/stjornkerfi/laus-storf](http://www.reykjanesbaer.is/stjornkerfi/laus-storf)

Nánari upplýsingar um starfið veitir Valgerður Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri menningar sviðs, (valgerdur.gudmundsdottir@reykjanesbaer.is)



Reykjavíkurborg  
Velferðarsvið

## Forstöðumaður - Gistiskýli

Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða auglýsir til umsóknar stöðu forstöðumanns Gistiskýlis fyrir húsnæðislauslausa karla.

Markmið með þjónustu Gistiskýlis er að veita notendum úrræðisins næturgistingu til skamms tíma. Í Gistiskýlinu er rými fyrir 20 karla. Sturtu og hreinlætisaðstaða er fyrir notendur og aðstaða er til að þvo föt sín. Þjónustutími Gistiskýlisins er kl. 17:00 – 10:00 alla daga ársins.

#### Helstu verkefni og ábyrgð

- Stjórnun og fagleg ábyrgð á þjónustu Gistiskýlis
- Fjárhagsleg ábyrgð á rekstri Gistiskýlis
- Yfirumsjón með daglegri þjónustu
- Ber ábyrgð á gerð starfs- og rekstraráætlana og framkvæmd þeirra
- Stjórnun starfsmannamála og ábyrgð á framkvæmd starfsmannastefnu
- Samstarf við samstarfsaðila
- Þátttaka í þverfaglegum teyimum á þjónustumiðstöðinni
- Þátttaka í mótun og uppbyggingu á skipulagi Gistiskýlis

#### Hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði heilbrigðis-, mennta eða félagsvísinda
- Reynsla af störfum með vímuefnasjúkum
- Reynsla af störfum með utangarðsmönnum æskileg
- Reynsla af stjórnun
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Jákvætt viðmót og samstarfshæfni
- Frumkvæði, skipulagshæfni og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Áhugi og metnaður í starfi
- Hreint sakavottorð í samræmi við lög sem og reglur Reykjavíkurborgar.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og viðkomandi stéttarfélags. Nánari upplýsingar um starfið veitir Sigþrúður Erla Arnardóttir í síma 411-1600 eða með því að senda fyrirspurnir á [sigthrudur.erla.arnardottir@reykjavik.is](mailto:sigthrudur.erla.arnardottir@reykjavik.is)

Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar [www.reykjavik.is/storf](http://www.reykjavik.is/storf)

Umsóknarfrestur er til 21. mars nk.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem við búum í. Reykjavíkurborg vinnur gegn mismunum á vinnumarkaði og hvetur innflytjendur, fatlað fólk, hinsegin fólk og fólk á öllum aldri til að sækja um störf hjá borginni.

## MARKAÐSSTJÓRI ICELANDAIR Í NORÐUR-AMERÍKU

Laust er til umsóknar starf markaðsstjóra Icelandair í Norður-Ameríku.

Hlutverk markaðsstjóra er að fylgja eftir markaðsstefnu Icelandair í Bandaríkjunum og Kanada.

Við leitum að lykilstjórnanda í stjórnendateymi fyrirtækisins innan sölu- og markaðssviðs. Markaðsstjóri vinnur náið með stjórnendum fyrirtækisins í markaðspróun, stjórnun og mælingum á markaðsárangri. Umsækjandi verður að hafa gilt atvinnuleyfi í Bandaríkjunum.

Markaðsstjóri hefur aðsetur á skrifstofu Icelandair í Norður-Ameríku sem er rétt fyrir utan Boston í Massachusetts-fylki og staðan heyrir beint undir svæðisstjóra Icelandair í Norður-Ameríku. Á skrifstofunni starfa 25 manns sem sinna sölu- og markaðsmálum.

#### STARFSSVIÐ:

- Ábyrgð á rekstri markaðsdeildar Icelandair í Norður-Ameríku
- Þróun, innleiðing og eftirfylgni á markaðsstefnu Icelandair
- Framkvæmd og greining markaðsrannsókna
- Samskipti við auglýsingastofur
- Rannsaka og meta markaðs- og fjölmiðlatækifæri
- Vinna að sameiginlegum verkefnum með öðrum svæðisskrifstofum Icelandair
- Náin samvinna með markaðs- og viðskiptaþróunardeild Icelandair á Íslandi

#### HÆFNISKRÖFUR:

- Háskólapróf í viðskiptafræði eða verkfræði, eða sambærileg menntun, er skilyrði
- Framhaldsmenntun er æskileg
- Brennandi áhugi á markaðsmálum
- Reynsla af alþjóðlegu markaðsstarfi æskileg
- Eiga auðvelt með samskipti og kynningar
- Hæfni til að stjórna hópi starfsmanna
- Sjálfstæði í vinnubrögðum, gott skipulag og hæfni í tímastjórnun er nauðsynleg
- Framúrskarandi enskukunnátta í töluðu og rituðu máli

Við leitum að kraftmiklum einstaklingi í krefjandi starf þar sem hágæðavinnubrögð eru höfð að leiðarljósi. Liðsmaðurinn þarf að hafa frumkvæði og metnað til að ná góðum árangri í starfi.

Æskilegt er að viðkomandi hefji störf 1. maí 2015.

Umsóknir ásamt ferilskrá óskast fylltar út á [www.icelandair.is/umsoknir](http://www.icelandair.is/umsoknir) eigi síðar en 22. mars 2015.

#### Nánari upplýsingar veita:

Pétur Ómar Ágústsson | Mannauðsstjóri markaðs- og sölusviðs | [starf@icelandair.is](mailto:starf@icelandair.is)  
 Þorsteinn Egilsson | General Manager – The Americas | [the@icelandair.is](mailto:the@icelandair.is)  
 Svali Björgvinsson | Framkvæmdastjóri – Starfsmannasvið | [svali@icelandair.is](mailto:svali@icelandair.is)



# Er um við að leita að þér?

Okkur vantar sölufulltrúa í framtíðarstarf

Hópkaup eru að stækka og leitar því að öflugum liðsmönnum sem hafa reynslu af sölustörfum, eru óhæddir við að leita nýrra viðskipta, grípa tækifærin þegar þau gefast ásamt því að viðhalda góðu sambandi við núverandi viðskiptavinum. Við leitum að skipulögðu, öguðu og jákvæðu fólki í framtíðarstörf. Viðkomandi þarf að geta hafið störf í síðasta lagi 1. maí 2015.

## Helstu verkefni

Sala á þjónustu Hópkaupa  
Samningaviðræður við söluaðila  
Öflun nýrra viðskiptavina og tækifæra  
Samskipti við viðskiptavinum fyrirtækisins

## Menntunar- og hæfniskröfur

Stúdentspróf  
Reynsla af sölu er skilyrði  
Ökuréttindi og bill til umráða  
Góð íslensku- og enskukunnátta skilyrði  
Góð tölvukunnátta er kostur

## Umsóknarfrestur er til og með 20. mars.

Vinsamlegast sendið umsóknir ásamt ferilskrá á netfangið [umsokn@hopkaup.is](mailto:umsokn@hopkaup.is)  
Frekari upplýsingar um starfið má einnig nálgast með pósti á [umsokn@hopkaup.is](mailto:umsokn@hopkaup.is)

**HÓPKAUP**

í krafti fjöldans



Tryggvagata 17 – 101 Reykjavík – Hopkaup.is – Sími 520 1030

**KAFFI PARÍS** eitt af elstu veitingastöðum bæjarins auglýsir eftir matreiðslumönnum og starfsfólki í eldhús.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Við erum að leita að einstaklingi sem er:

**Með brennandi áhuga á faginu**  
**Skipulagður og drífandi**  
**Góður í mannlegum samskiptum**

Unnið er á vöktum 15 vaktir í mánuði

Vinsamlegast sendið umsóknir á [cafeparis@cafeparis.is](mailto:cafeparis@cafeparis.is)  
eða hafið samband í síma **863 1116**



**CAFÉ PARIS**  
BAR - RESTAURANT

[www.cafeparis.is](http://www.cafeparis.is)



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

## Starf sérfræðings í skólamálaum

Samband íslenskra sveitarfélaga auglýsir laust til umsóknar tímabundið hálf starf sérfræðings í skólamálaum á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins.

Um er að ræða 50% stöðu sérfræðings og felst starfið m.a. í að starfa, ásamt skólamálafulltrúa sambandsins og skólaleyti, að margþættum og sýbrýtilegum verkefnum, sem einkum varða leik-, grunn- og tónlistarskóla, og vinna að hagsmunagæslu fyrir hönd sveitarfélaga á þeim sviðum. Á meðal fastra verkefna og áherslna eru verkefni sem tengjast ýmsum sjóðum á sviði skólamála sem sambandið hefur aðkomu að, vinna að eftirfylgd aðgerðaáætlana á grundvelli Hvítbókar um menntamál auk annarra verkefna samkvæmt ákvörðun sviðsstjóra. Gert er ráð fyrir því að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst en miðað er við að ráðið verði í starfið til eins árs.

Krafist er háskólaprófs sem nýtist í starfi auk reynslu og þekkingar á skólamálaum og áhuga á málefnum sveitarfélaga. Gott vald á íslensku máli í ræðu og riti og hæfni í framsetningu upplýsinga er skilyrði. Góð kunnátta í ensku og a.m.k. einu Norðurlandamáli er nauðsynleg, sem og góð tölvuþekking, bæði til öflunar og úrvinnslu upplýsinga, þ.m.t. vegna umsýslu endurmenntunarsjóða kennara. Leitað er að hæfum einstaklingi, karli eða konu, sem hefur til að bera frumkvæði, sjálfstæði, hæfni í mannlegum samskiptum, nákvæmni í vinnubrögðum og forystu- og skipulagshæfileika. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Sérfræðingurinn vinnur undir yfirstjórn sviðsstjóra lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins. Nánari upplýsingar veitir Guðjón Bragason, sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs, netfang: [gudjon.bragason@samband.is](mailto:gudjon.bragason@samband.is), eða Magnús Karel Hannesson, sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs, netfang: [magnus.karel.hannesson@samband.is](mailto:magnus.karel.hannesson@samband.is) eða í síma 515-4900.

Samband íslenskra sveitarfélaga er framsækinn vinnustaður sem býður upp á opið vinnuumhverfi, samheldinn starfsmannahóp og skapar starfsmönnum gott svigrúm til starfsþróunar. Umsækjendum er bent á að frekari upplýsingar um Samband íslenskra sveitarfélaga eru á heimasíðunni, [www.samband.is](http://www.samband.is).

Umsóknir, merktar Umsókn um starf sérfræðings í skólamálaum, berist eigi síðar en mánudaginn 23. mars nk. til Sambands íslenskra sveitarfélaga, Borgartúni 30, pósthólf 8100, 128 Reykjavík, eða í tölvupósti til [magnus.karel.hannesson@samband.is](mailto:magnus.karel.hannesson@samband.is).

## LEITUM AÐ ÖFLUGUM REKSTRARSTJÓRA Á AKRANESI

### Leitum að sterkum leiðtoga í krefjandi stjórnunarstarf

#### Ábyrgðarsvið

- Rekstur og stjórnun verslunar
- Að framfylgja stefnu fyrirtækisins
- Ráðgjöf, þjónusta og sala til viðskiptavina
- Tilboðsgerð

#### Hæfniskröfur

- Þjónustulund, áhugi og metnaður
- Reynsla af rekstri og stjórnun
- Reynsla af verslun og þjónustu æskileg
- Frumkvæði í starfi og skipulögð vinnubrögð
- Menntun sem nýtist í starfi

#### Í boði er

- Krefjandi stjórnunarstarf hjá góðu fyrirtæki
- Gott og öruggt starfsumhverfi
- Góður starfsandi
- Rekstrarstjóri tilheyrir hópi lykilstjórnenda fyrirtækisins



Húsasmiðjan leggur metnað sinn í að veita fyrsta flokks þjónustu og hafa gott aðgengi að vörum sínum og starfsfólki. Það sem einkennir starfsmenn Húsasmiðjunnar eru eftirfarandi gildi:

**Metnaður**  
**Þjónustulund**  
**Sérþekking**  
**Áreiðanleiki**  
**Liðsheid**

Umsóknir berist fyrir 21. mars n.k. til Guðrúnar Kristinsdóttur, [gudrunk@husa.is](mailto:gudrunk@husa.is)  
Húsasmiðjan Holtagördum, 104 Reykjavík  
Öllum umsóknum verður svarað.



ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMLI SÍÐAN 1956





## Sérfræðingur í samskiptamálum

